

Ræddu innlendar fréttir ársins
**FRÉTTAHRAÐI OG ÓPROSKAÐIR STJÓRNMÁLAMENN** ▶30



Áhöfnin á Tý í Miðjarðarhafi
**HAFA BJARGAÐ 2.000 MANNS** ▶4


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
3. janúar 2015
2. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




# NÓRA ER Í OKKUR ÖLLUM

**Unnur Ösp Stefánsdóttir slær í gegn í hlutverki Nóru í Dúkkuheimili með auðmýkt í farteskinu. Verandi alin upp í leikhúsi hefur hún sjálf þurft að fást við ímyndarvanda en eins og Nóra vill hún vera manneskja og listamaður á sínum eigin forsendum.** ▶ 22

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**ÞAÐ ER PÓLITÍK Í ÖLLU** Jón Páll Eyjólfsson er nýr leikhússtjóri á Akureyri. Hann þykir róttækur og liggur ekki á skoðunum sínum. ▶44



Margrét Ingadóttir
**MEÐ 11 BÖRN Á FRAMFÆRI** ▶24



Amilía Björt
**FLYTUR TIL TAÍLANDS** ▶34




BÍLTÆKI ÚTVÖRP
BÍLHÁTALARAR SJÓNVÖRP
HLJÓMBORÐ
**RISAÚTSALA**
MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
OG ENGIN VÖRUGJÖLD!
FERÐATÆKI MAGNARAR DVD SPILARAR
MYNDAVÉLAR MP3 SPILARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
Sjá allt úrvalið á ht.is
Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland





ÚTSALA
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
SMÁRALIND

# FRÉTTIR

## GLEÐIFRÉTTIN

### Náði fjörutíu og átta heitum af fimmtíu



„Þetta varð eitt skemmtilegasta ár sem ég hef nokkurn tímann upplifað,“ sagði Ragnheiður Stefánsdóttir, mannauðsráðgjafi hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, sem upplýsti rétt fyrir áramótin að hún hefði á árinu náð að efna 48 af 50 áramótaheitum sem hún strengdi í byrjun ársins 2014. „Þetta hvatti mig til að taka áskorunum og fara út fyrir þægindarammann. Ég hélt að ég þyrfti að hafa meira fyrir þessu en ég hlakkaði alltaf til að skoða hvert áramótaheit,“ segir Ragnheiður, sem vann í hverri viku við að efna heitin. Heitin tvö sem út af stóðu voru að hlaupa Kirkjuhlaupið á annan í jólum og heimsækja Viðey.

## FIMM Í FRÉTTUM NÝR RÁÐHERRA OG SLEÐARENNIBRAUT



**Úlfar Eysteinsson,** veitingamaður og einn eigenda hótelskipsins Hansa, sagði eigendur skipsins nú horfa til Dalvíkur en þeir höfðu áður sótt um aðstöðu í Hafnarfjarðarhöfn.



**Sigrún Ósk Sigurðardóttir,** aðstoðarforstjóri ÁTVR, sagði útlit fyrir að sala á freyðivíni yrði meiri á árinu 2014 en hún var á öðrum árum frá efnahagshruninu.



**Davíð Örn Símonarson,** framkvæmdastjóri sprotafyrirtækisins Zalibunu, vill opna 130 milljóna króna sleðarennibraut í Hlíðarfjalli á Akureyri næsta sumar.



**Þór Sigfússon,** fyrrverandi forstjóri tryggingafélagsins Sjóvár, sagði niðurstöðu sérstaks saksóknara, um að ekki hafi verið tilefni til ákæru í Sjóvármálinu svokallaða, hafa verið kærkomna jólagjöf.

➜ **Sigrún Magnúsdóttir,** formaður þingflokks Framsóknarflokksins, tók við starfi umhverfis- og auðlindaráðherra á ríkisráðsfundi á Bessastöðum á gamlársdag.





**BÖRN Á FLÓTTA** *Íbúar í Aleppo flýja hverfið Bab al-Hadid eftir loftárásir í fyrrinótt.* NORDICPHOTOS/AFP

Sýrlenskir stjórnarandstæðingar hittast í Beirút:

## Rússar hvetja til friðarviðræðna

**SÝRLAND, AP Í gær hófust í Beirút þriggja daga fundir Sýrlenska þjóðarbandalagsins, stærstu samtaka sýrlenskra stjórnarandstæðinga, þar sem meðal annars á að ræða hugmyndir Rússa um friðarviðræður.**

**Rússnesk stjórnvöld hafa undanfarið reynt að þrýsta á um að friðarviðræður stríðandi aðila í Sýrlandi verði haldnar í Moskvu einhvern tíma eftir 20. janúar.**

**Rússar hafa staðið við bakið á Bashar al Assad Sýrlandsforseta í borgarastyrjöldinni, sem geisað hefur í Sýrlandi síðustu árin og kostað meira en 200 þúsund manns lífið.**

**Þjóðarbandalagið hefur ekki útilokað þátttöku í þessum væntanlegu viðræðum, en hefur staðið fast á því að ekkert samkomulag geti tekist nema á grundvelli þess að ný lýðræðisleg bráðabirgðastjórn taki við völdum í landinu.** - gb

Fyrrverandi starfsmenn DV:

## Fjölmiðill í eigu blaðmannanna

**FJÖLMIÐLAR** Jón Trausti Reynisson, fyrrverandi framkvæmdastjóri DV, hefur tryggt sér lénið stundin.is og stofnað útgáfufélag um rekstur nýs fjölmiðils ásamt fleiri fyrrverandi starfsmönnum DV. Fjölmiðillinn sem á að bera nafnið Stundin, verður í eigu blaðamanna en Jón Trausti sagði við Stöð 2 að leitað yrði til almennings í gegnum vefinn Karolina Fund um fjármögnun.

Jón Trausti segist vilja búa til fjölmiðil sem sé ekki tengdur neinum hagsmunaaðilum sem geti haft áhrif á umfjöllun. „Síðast en ekki síst viljum við vera í eigu blaðamannanna sjálfra.“ - þká

Funduðu fram eftir kvöldi:

## Vonast til að afstýra verkfalli

**KJARAMÁL** Sáttafundi lækna og ríkisins lauk klukkan sex í gærkvöldi án árangurs. Boðað hefur verið til annars fundar sem hefst hálf tvö í dag.

Fundi skurðlækna og ríkisins var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi og samkvæmt heimildum stóð til að funda fram á nótt.

Læknar hafa boðað hertar verkfallsaðgerðir sem hefjast næstkomandi mánudag náist ekki samningar fyrir þann tíma. Viðmælendur Fréttablaðsins eru þó almennt bjartsýnni um að ná sáttum heldur en þeir voru á síðasta ári. - jóe






**ÁRAMÓT** Íslendingar þykja nokkuð skotglaðir á áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Flugeldar á Íslandi sprengja ESB-reglur

Verkefnisstjóri um slysavarnir barna segir nauðsynlegt að minnka púðurmagn í stærstu flugeldunum til að forðast slys. Verði íslensk lög samræmd reglum Evrópusambandsins er viðbúið að minni flugeldar verði seldir hér á landi en raunin er nú.

**ÖRYGGISMÁL** Herdís Storgaard, verkefnisstjóri um slysavarnir barna hjá Miðstöð um slysavarnir barna, segir að stærstu flugeldarnir sem seldir eru hérlendis séu of stórir og hættulegir almenningi.

Um áramótin sprakk skotkaka, af gerðinni Þrumur Surts, í heild sinni á jörðu niðri og olli talsverðu tjóni á húsum í Bergstaðastræti.

„Stærstu terturnar eru allt að 25 kílógrömm og það er of mikið magn af púðri,“ segir Herdís. Ekki hefði þurft að spyrja að leikslokum hefði skotkakan sem olli skemmdum í Bergstaðastræti sprungið nálægt hópi af fólki.

Reglugerð sú sem nú sé í gildi sé úr sér gengin og eftirliti með geymslu og sölu flugelda sé mjög ábótavant. Þó sé skipan mála mun betri en hún var fyrir fáeinum árum en betur megi ef duga skal.

„Á undanförnum árum hefur sá hópur sem verður fyrir slysum tekið breytingum,“ segir Herdís. Áður fyrr hafi það að stærstum hluta verið unglingar sem voru að fikta með flugeldana en nú sé meira um það að fullorðnir slasist.

„Verði slys vegna notkunar flugelda þá þyrfti að skrá það mun nánar. Komi í kjölfarið upp grunur um að galli gæti leynst í einhverri vörunni þá væri hægt að koma skilaboðum áleiðis til fólks svo það viti af honum eða í það minnsta af möguleikanum,“ segir Herdís.

„Það er alltaf hætta og möguleiki á að þetta geti gerst,“ segir Lúðvík Georgsson, talsmaður KR flugelda. Fyrirtækið flutti umrædda skotköku til landsins og



**HERDÍS STORGAARD**



**LÚÐVÍK GEORGSSON**

hefur haft samband við tryggingafélag sitt vegna málsins.

„Lögreglan athugar hvort flugeldar sem eru til sölu standist ekki reglugerð og slökkviliðið metur hvort eldvarnir í sölu- og geymsluplássum séu ekki til fyrirmyndar,“ segir Lúðvík og bætir við að ólíklegt sé að flugeldar verði fyrir hnjaski á leið til landsins. Aðeins örfáar hafnir í heiminum hleypi flugeldum í gegn hjá sér og þær taki það hlutverk föstum tökum.

„Hérlendis höfum við leyft stærri flugelda en nágrannalöndin og er hægt að rökræða fram og til baka hve stóra flugelda eigi að leyfa,“ segir Lúðvík. Það sé enn fremur ljóst að flugeldar á íslenskum markaði verði öllu minni verði íslensk lög samræmd reglum Evrópusambandsins.

Lúðvík segir að menn verði að fara varlega með skotelda sökum eðlis vörunnar. Sé fyllstu varúðar hins vegar gætt eigi áramótin að geta farið slysalaust fram þó að stöku flugeldur sé gallaður.

Ekki náðist í starfsfólk innanríkisráðuneytisins við vinnslu fréttarinnar.

johannoli@frettabladid.is




**ÞRUMUR SURTS** Allar tertur af þeirri gerð sem um ræðir eru þegar seldar. MYND/KR FLUGELDAR

## Þrír Danir létust

Þrír létust í Danmörku og tveir liggja alvarlega slasaðir í öndunarvél eftir að hafa farið ógætilega með skotelda um áramótin. Slysið átti sér stað á norðurhluta Jótlands.

29 ára karlmaður hefur verið handtekinn grunaður um að hafa útvegað sprengjuna. Einn hinna látnu var besti vinur hans.

Sprengjurnar sem um ræðir eru um kíló að þyngd, svokallaðar „hólkatívolíbombur“, en fólk þarf að vera í minnst hundrað metra fjarlægð frá þeim er þær springa.

Í Kaupmannahöfn leitar lögreglan manns sem kastaði slíkri sprengju í átt að mannmergð á Ráðhústorginu. Einnig hefur verið gefið út að hafi fólk slíkar sprengjur undir höndum eigi það enga refsingu yfir höfði sér skili það sprengjunum.



KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
PIPAR\TBWA • SÍA

## 28.12.2014 → 03.01.2015

**150 MW**

stækkun Kröfluvirkjunar hefur tafist árum saman vegna áhrifa Kröfluelda sem voru uppi 1975 til 1984.



**1,8 milljarðar**

var hagnaður Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum á síðasta ári.



**10 ÁRAMÓTABRENNUR**

glöddu Reykvíkinga þessi áramótin.



**130 milljónir**

kostar sleðarennibraut sem áætlað er að setja upp í Hlíðarfjalli.



**200 milljónir**

er áætlaður kostnaður við tapaða og skemmda gáma hjá Eimskip í desember.



**83 FERKÍLÓMETRA**

þekur Nornahraun en það samsvarar stærð Þingvallavatns.



**13% HÆKKUN**

á leigu félagslegra íbúða á Akureyri gekk í gildi um áramótin.



**42% hækkun launa**

er talið að samninganefnd lækna reyni að ná fram í samningum við ríkið.



**71 einstaklingur**

sótti um framkvæmdastjórastöðu Strætó bs.



# Hafa bjargað um tvö þúsund manns

Áhöfnin á varðskipinu Tý hefur frá því í byrjun desember komið að björgun um tvö þúsund flóttamanna. Fólkið er skilið eftir í stjórnlausum skipum sem áhafnirnar yfirgefa áður en landi er náð. Í fyrrinótt bjargaði Týr rúmlega 400 manns sem voru um borð í flutningaskipi.

**Viktoría Hermannsdóttir**
viktoria@frettabladid.is

**BJÖRGUN** Áhöfn varðskipsins Týs hefur síðan í desember komið að björgun um 2.000 flóttamanna úr fimm stórum flutningaskipum.

Í fyrrinótt björguðu skipverjar rúmlega 400 manns úr stjórnlausu skipi sem var á fullri ferð í átt að Ítalíu.

Haugasjór og svartamyrkur var á vettvangi þegar skipverjar á Tý reyndu fyrst að komast um borð, að sögn Halldórs Nellett, skipherra á Tý. „Það tókst ekki, við báðum fólkið um að stöðva skipið, þar sem það var engin áhöfn um borð, en það gat það ekki þar sem stjórntækið var ónýtt," segir Halldór. Erfiðlega gekk að komast um borð vegna þess hversu vont veður var á svæðinu. Varðskipsmenn kölluðu eftir aðstoð ítölsku strandgæslunnar til þess að reyna að stöðva skipið. Skömmu síðar stöðvaðist það vegna olíuleysis. Stuttu seinna komu sex menn frá ítölsku strandgæslunni einnig um borð með þyrlum. Ekki tókst að koma skipinu aftur í gang og því var það tekið í tog til lands. Fyrst var hlúð að fólkinu um borð sem var orðið aðframkomið. „Það var búið að vera án matar og drykkjar í einhverja daga þannig að við byrjuðum á því að fara með vatnsbirgðir yfir, dreifa þeim og huga að fólkinu," segir Halldór.

Rúmlega 400 manns voru um borð, þar á meðal um 60 börn og þrjár barnshafandi konur. Ekki var hægt að ferja fólkið yfir í Tý vegna veðursins.

Þetta er sjötta árið sem Landhelgisgæslan tekur þátt í verkefnum Frontex – landamærastofnunar Evrópusambandsins. Týr sigldi úr höfn á Íslandi þann 20. nóvember og hóf störf á svæðinu 1. desember. Átján manns eru í áhöfn Týs.

Auðunn F. Kristinsson, verkefnastjóri á aðgerðasviði Landhelgisgæslunnar, segir um að ræða nýja tegund af flóttatilraunum á þessu svæði sem fyrst hafi orðið vart við í byrjun desember.

„Fram að þessu hafa þetta mest verið fiskibátar, svo núna í lok nóvember, byrjun desember, byrjar þetta flutningaskipaflæði," segir Auðunn, en hann hefur einnig tekið þátt í björgunaraðgerðum Týs við Suður-Ítalíu. Á flutningaskipunum eru mun fleiri flóttamenn og segir Auðunn algengt að það séu um 3-400 um borð en það hafi náð allt upp í 1.000 manns í einu skipinu.

Fólkið hírist í flutningaskipunum við erfiðar aðstæður, oft án vatns og matar. „Í þessum skipum sem við höfum farið í þá er fólk bara niðri í lest á flatsæng, engin klósettaðstaða og enginn matur," segir hann en ferðalagið getur tekið um viku. Að sögn Auðuns er lítið vitað um þessa nýju aðferð en talið að fólk borgi fyrir farið með skipinu. Í þeim tilfellum sem áhöfn Týs hefur komið að eru flestir flóttamennirnir frá Sýrlandi.

Hann segir það ekki vitað hvernig áhöfnin fari frá borði en það séu ákveðnar grunsemdir uppi um það. „Það eru einhverjir sem sjá sér hag í þessu. Þeir setja síðan stefnu á Ítalíu og yfirgefa skipin." Skipin sjálf séu mjög illa farin og því yfirleitt einskis virði. „Það eru engin verðmæti í þessum skipum í sjálfu sér, þetta virðast vera skip sem er búið að setja í brotajárn eða hætt að nota," segir hann.

Auðunn segir það erfiða reynslu að koma að þessum björgunaraðgerðum en líka gefandi. „Við reynum að búa vel að fólkinu okkar og undirbúa það vel fyrir þetta. Við erum með ákveðna áætlun í gangi varðandi áfallahjálp og slíkt en þetta gefur fólki líka mikið."



**FLÓTTAMENN HVÍLA SIG** Hér má sjá flóttamenn um borð í varðskipinu Tý eftir björgunaraðgerðir í desember.



**SLÆMAR AÐSTÆÐUR** Aðstæður um borð í flutningaskipunum eru slæmar eins og sést á þessari mynd. MYNDIR/LANDHELGISGÆSLAN



**MEÐ SKIPIÐ Í TOGI** Ekki tókst að koma skipinu í gang og því var það tekið í tog.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Friedrichshafen | 3° | New York | 8° |
| Aþena | 10° | Gautaborg | 5° | Orlando | 28° |
| Basel | 7° | Kaupmannahöfn | 5° | Ósló | 2° |
| Berlín | 3° | Las Palmas | 19° | París | 12° |
| Billund | 5° | London | 7° | San Francisco | 13° |
| Frankfurt | 2° | Mallorca | 20° | Stokkhólmur | 2° |

**Á MORGUN**
10-18 m/s.




**MÁNUDAGUR**
8-15 m/s.




**ÉLJAGANGUR** Fremur hæg suðvestlæg átt á landinu í dag með éljum um vestanvert landið en bjartviðri austanlands. Gengur í stífa suðaustanátt á morgun með slyddu og síðan rigningu syðra og hlýnandi veðri.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

HAPPDRÆTTI das

DREGIÐ 8. JANÚAR




# Viltu vinna íbúð?

## Við drögum út 30 milljóna króna íbúð að eigin vali 8. janúar.

➤ **90 milljónir í skattfrjálsum vinningum í janúar**
- íbúð að eigin vali að verðmæti 30 milljónir króna á tvöfaldan miða eða 30 milljónir í peningum
- 15 milljónir á einfaldan miða

Drögum út 47 þúsund vinninga á happdrættisárinu.
Heildarverðmæti vinninga á mánuði allt að 107 milljónir!

HAPPDRÆTTI DAS 60 ÁRA

Í tilefni 60 ára afmælis Happdrættis DAS drögum við út í janúar glæsilega íbúð að eigin vali.
Fylgist með DAS á Facebook og á DAS.is



Miðaverð 1.300 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða og 2.600 fyrir tvöfaldan miða.

Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.

Fylgstu með okkur á Facebook

DREGIÐ Í HVERRI VIKU!

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 71974 12/14

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða heilsufarsskoðun ætlar Síldarvinnslan að bjóða starfsfólki sínu yfir fimmtugu?
**2.** Hvað heita foreldrar fyrsta barns ársins á Íslandi?
**3.** Hvert hyggjast eigendur hótelskips, sem áður stóð til að yrði í Hafnarfirði, nú stefna skipinu?

**SVÖR:**
**1.** Ristilspeglun. **2.** Gróa Sif Jóelsdóttir og Sigurmon Hartmann Sigurðsson. **3.** Til Dalvíkur.

Frítt fyrir þriggja ára og átta til sautján ára og ókeypis fyrir öll börn frá 1. janúar 2018:

# Fleiri börn fá nú ókeypis tannlækningar

**HEILBRIGÐISMÁL** Frá 1. janúar eru tannlækningar þriggja ára barna og barna á aldrinum átta til sautján ára greiddar að fullu af Sjúkratryggingum Íslands, að frátöldu 2.500 króna árlegu komugjaldi.

„Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga er háð því að börnin séu skráð hjá heimilistannlækni," segir á heimasíðu landlæknis sem hvetur foreldra til að skrá börn sín í Réttindagátt Sjúkratrygginga Íslands á sjukra.is. Tannlæknar geti einnig séð um skráninguna. Mælt er með því að skrá barn hjá heimilistannlækni við eins árs aldur. Nú þegar eru tæplega 50 þúsund börn skráð í Réttindagáttina.

Tannlækningar eru nú gjaldfrjálsar fyrir þriggja ára börn og börn á bilinu átta til sautján ára. Einnig fyrir börn í bráðavanda eða sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Tilvísun þarf til tannlæknis frá heilsugæslu, barnaverndar- eða félagsmálayfirvöldum og samþykki Sjúkratrygginga Íslands er skilyrði.

> **Skrá þarf börn hjá heimilistannlækni til að Sjúkratryggingar greiði tannlæknakostnaðinn.**

„Tannlæknaþjónusta barna verður innleidd í áföngum og þann 1. janúar 2018 verða tannlækningar allra barna yngri en 18 ára greiddar að fullu af Sjúkratryggingum Íslands, að frátöldu 2.500 kr. árlegu komugjaldi," segir landlæknir. - gar



**ÓKEYPIS** Eftir þrjú ár fá öll börn yngri en átján ára ókeypis tannlækningar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÍKKISTUR BORNAR** Líkkistur með líkamsleifum þeirra sem fórust fluttar um borð í flugvél áleiðis til Súrabaja í Indónesíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leitin að líkum og braki úr Indónesíuþotunni heldur áfram:

# Tugir líka fundust til viðbótar

**INDÓNESÍA, AP Leitin að braki og líkamsleifum úr farþegaþotu indónesíska flugfélagsins AirAsia, sem hrapaði í Jövuhaf milli jóla og nýárs, hefur gengið treglega vegna monsúnstorma og úrhellis.**

**Í gær fundust rúmlega tuttugu lík, og hafa þá alls fundist líkamsleifar um 30 þeirra sem fórust með vélinni. Leitin hefur nú staðið yfir í nærri viku, en best gekk leitarmönnum í gær.**

**Alls fórust 162 með vélinni, sem hrapaði á sunnudaginn þegar hún var tæplega hálfnuð á leiðinni frá Súrabaja í Indónesíu til Singapúr.**

**Enn er ekki vitað um orsakir slyssins. Svörtu kassarnir, sem hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um flugið, höfðu enn ekki fundist.** - gb

Lagning hitaveitu í Fljótum:

# Prufuborun heppnaðist vel

**ORKUMÁL** „Borun á nýrri heitavatnsholu við Langhús lauk í byrjun desember og lukkaðist borunin vel," segir í fundargerð veitunefndar Skagafjarðar um stöðu áætlaðra hitaveituframkvæmda í Fljótum.

„Við prufudælingu með lofti gaf holan um 6,5 lítra á sekúndu af 98 gráðu heitu vatni, sjálfrennsli var um 3,5 lítrar á sekúndu. Síðan þá hefur hitastigið hækkað í um 101 gráðu og sjálfrennslið í holunni aukist." Í fundargerðinni segir að farið hafi verið yfir útreikninga á heimæðargjöldum og að haldinn verði íbúafundur nú í byrjun árs. - gar

Vindar blésu í Árneshreppi:

# Fengu fárviðri og ofsaveður

**VEÐUR** „Mánuðurinn byrjaði með hvelli, því frá miðnætti og aðfaranótt þann fyrsta og fram á morgun var suðvestan rok eða ofsaveður," segir á vefnum litlihjalli.is um veðráttuna í Árneshreppi á Ströndum í nýliðnum desember. Árneshreppur er afar afskekktur og þangað er oft ófært á vetrum.

„Þann níunda um kvöldið gekk í norðanstorm og var fárviðri og ofsaveður aðfaranótt tíunda og um morguninn," segir áfram. En árið kvaddi þó Strandamenn með hæglætisveðri. „Ágætt veður var um miðnætti á gamlárskvöld og aðfaranótt nýársdags, gott veður til að skjóta upp flugeldum." - gar




# Segir stjórnvöld ekki standa við loforð sín

Forseti ASÍ segir ríkisstjórnina ekki hafa staðið við eitt atriði af mörgum sem hún kynnti á haustmánuðum 2013 og laut að aðkomu stjórnvalda að kjaramálum. Hann segir það þyngja komandi kjarasamninga að stjórnvöld standi ekki við sitt.

**VINNUMARKAÐUR** „Ríkisstjórnin gaf út yfirlýsingu um hvernig hún vildi hafa samskipti við vinnumarkaðinn. Þar voru nokkur verkefni sem áttu að fara í gang og samráð og samstarf um þau. Ég fullyrði að ekkert af því sem þá var sagt hefur verið uppfyllt eða gengið eftir," segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, spurður um samskipti við stjórnvöld.

Hér vísar Gylfi til 15. nóvember 2013 þegar ráðherranefnd um kjaramál gerði aðilum vinnumarkaðarins grein fyrir því á sérstökum fundi hvernig aðkoma stjórnvalda að kjarasamningum yrði. Í minnisblaði nefndarinnar segir að koma skuli á reglubundnu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins á sviði vinnumarkaðsaðgerða, skattamála, í lífeyrismálum, peningamálum og húsnæðismálum. Ráðherranefndin lagði til að komið yrði á fót fastanefnd um samskipti ríkis og heildarsamtaka á vinnumarkaði.




**KRÖFUGANGA** Því er spáð að árið muni einkennast af kjarabaráttu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær gagnrýna Samtök atvinnulífsins stjórnvöld harðlega fyrir að tryggingagjald er 30 milljörðum hærra í dag en það var hrunárið 2008 – þrátt fyrir samkomulag um hið gagnstæða. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, segir það alvarlegt að stjórnvöld hafi rofið samhengið þarna á milli.

„Það er rétt að vinnumarkaðurinn hefur gagnrýnt stjórnvöld fyrir að það sem samið er um virðist ekki halda. Varðandi tryggingagjald og atvinnuleysi þá er samkomulag til margra áratuga um að tryggingagjald lækki með minnkandi atvinnuleysi. Að sama skapi erum við með samkomulag við nokkuð margar ríkisstjórnir um starfsendurhæfinguna og VIRK [starfsendurhæfingarsjóður] og framlag til þess," segir Gylfi en samkvæmt lögum og samningum átti framlag ríkisins til VIRK að nema um 1.100 milljónum króna á árinu 2015. Í nýsamþykktum fjárlögum 2015 eru framlög ríkisins til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs aðeins brot af því.

Spurður um komandi kjarasamninga í þessu ljósi segir Gylfi að samskiptin séu stirð og muni hafa áhrif á mótun kröfugerðar aðildarfélaga ASÍ. „Ég get ekki séð það sem eitthvert innlegg í lausn á kjaradeilu að sá sem ekki stendur við orð sín ætli að lofa að gera eitthvað. Það er því miður þannig að það hjálpar ekki til og þá verður erfiðara um vik að ná þessu saman," segir Gylfi enda séu væntingar og kröfur til stjórnvalda miklar.



> **Ég get ekki séð það sem eitthvert innlegg í lausn á kjaradeilu að sá sem ekki stendur við orð sín ætli að lofa að gera eitthvað.**
>
> *Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.*

svavar@frettabladid.is

Bráðabirgðamat sýnir að hraunið norðan Vatnajökuls er 1,1 rúmkílómetri:

# Nornahraun þykkast 40 metrar

**NÁTTÚRA** Nornahraun hefur þykknað verulega frá því í byrjun desember og þá aðallega í austurhlutanum þar sem nýtt hraun hefur runnið yfir eldri hrauntungur.

Þetta sýna ratsjárhæðarmælingar Jarðvísindastofnunar sem gerðar voru 30. desember en þá var flogið með vél Isavia, TF-FMS, yfir umbrotasvæðið. Um bráðabirgðaniðurstöður er að ræða en full úrvinnsla er tímafrekt verk. Mesta þykkt utan við gígana þar sem mælt var er um 40 metrar, við austurjaðar hrauntjarnarinnar. Bráðabirgðamat á rúmmáli hraunsins nú er 1,1 rúmkílómetri.

Þá liggur fyrir að lítil hrauntota mjakast fram með norðanverðri hrauntungunni sem lengst fór fram í september. Hún er komin um 200 metra fram fyrir eldri tunguna en fer mjög hægt.



**NORNAHRAUN** Sigið í Bárðarbungu er nú orðið 59 metrar frá miðjum ágúst. MYND/MTG

Hraunið er að meðaltali tíu metrar að þykkt austast en um miðbikið um tólf metrar að meðaltali. Mesta rúmmálið er í vestari helmingi hraunsins þar sem þykktin virðist að meðaltali vera um eða yfir 14 metrar. - shá

# ÚTSALAN HEFST Í DAG

## 15-60% afsláttur af öllum vörum




Rúmföt 140x200 / 50x70
15-40% afsláttur



30% af eldhúsvörum
Svuntur 2.093 kr



30% af barnarúmfötum
Verð frá 4.193 kr



30-50% afsláttur
af öllum púðum



Biðukolla 40% afsláttur
Áður 14.990 kr
Nú 8.990 kr



30% afsláttur af
öllum hvítum lökum
90x200, 120x200, 160x200
180x200, 200x200 & 200x220



60% af allri jólavöru
Íslensk jólahönnun



Barnaföt
25-60% afsláttur




30% af öllum koddaverum
Áður 2.890 kr, nú 2.023 kr

## Opnunartími

Reykjavík 11-16 & Akureyri 10-17

Sendum frítt

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176  Glerártorgi Akureyri  Sími 533 2220  www.lindesign.is**

Aflaverðmætið dróst saman:

# HB Grandi með minni fiskafla

**SJÁVARÚTVEGUR** Skip HB Granda veiddu 152.500 tonn af sjávarfangi árið 2014 samanborið við 188.200 tonn árið 2013. Verðmæti aflans var tæpir 15,2 milljarðar, 1,6 milljarða minna en 2013.

Fyrirtækið segir samdrátt í kvóta á helstu uppsjávartegundunum skýra minni afla. „Loðnuvertíðin var vart svipur hjá sjón miðað við árin á undan og þá voru aflaheimildir í norsk-íslensku síldinni skertar töluvert milli ára,“ segir á vef HB Granda. - hg

Engar athugasemdir bárust við stækkun á lóð Skíðaskálans í Hveradölum upp í 46 hektara:

# Hótel, lón og lyfta á stærri skíðaskálalóð

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stækka á lóðina við Skíðaskálann í Hveradölum upp í 46 hektara vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu.

„Nánast öll uppbyggingin er á þegar röskuðu svæði sem hefur verið útivistarsvæði í áratugi,“ segir í fundargerð skipulagsnefndar Ölfuss. „Reiknað er með að byggja um 100 herbergja hótel en Skíðaskálinn verður áfram sjálfstæður veitingastaður í endurbættri mynd. Byggja á um tíu þúsund fermetra lón í botni Stóradals.“

Þá kemur fram að lónið og byggingar sem því fylgja eigi að vera nánast huldar frá þjóðveginum af lágreistum húsum sem falli vel að umhverfinu. „Svæðið á að vera áfram fyrir göngu- og hjólahópa. Þarna verður lítil verslun og önnur þjónusta við útivistarfólk. Skíðaskálinn er hugsaður sem bækistöð fyrir náttúruunnendur og aðra sem vilja hreyfa sig og njóta útiverunnar. Setja á upp skíðalyftu á sama svæði og gamla lyftan var í Hveradölum,“ segir áfram.

Engar athugasemdir bárust við aðalskipulagsbreytinguna áður en frestur til athugasemda rann út 15. desember.

Skipulagsbreytingin verður því unnin og send Skipulagsstofnun sem segir um hvort vinna skuli umhverfismat vegna breytingarinnar og auglýsa hana samhliða auglýsingu á aðalskipulagsbreytingunni. Tekið er fram að við hönnun og framkvæmd þurfi að gæta þess að grunnvatn mengist ekki. - gar



**Í HVERADÖLUM** Við Skíðaskálann er talsverður jarðhiti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ÁRAMÓT** Veður var hagstætt hvað varðar mengun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Veður dró úr loftmengun:

# Minni mengun um þessi áramót

**UMHVERFISMÁL** Mengun frá flugeldum þessi áramótin var minni en undangengin áramót og var hagstæðum veðurskilyrðum að þakka það.

Styrkur svifryks í andrúmsloftinu mældist 215 míkrógrömm á rúmmetra fyrstu klukkustundina árið 2015 í mælistöðinni við Grensásveg í Reykjavík. Sólarhringsstyrkurinn á nýársdag var hins vegar 19,8 míkrógrömm á rúmmetra. Heilsuverndarmörk á sólarhring eru 50 míkrógrömm á rúmmetra.

Fyrstu klukkustundina árið 2014 mældist magn svifryks á Grensásvegi 245 míkrógrömm á rúmmetra, árið 2013 var styrkurinn 475 og árið 2012 var hann 1.014 míkrógrömm. - shá

# Biðja um undanþágu frá vinnsluskyldu byggðakvóta

Vopnafjarðarhreppur óskar eftir undanþágu frá því að vinna byggðakvóta í heimabyggð á yfirstandandi fiskveiðiári. Engin vinnsla sögð vera í bænum. Sveitarstjórinn vonar að hægt verði að vinna afla í heimabyggð.

**VOPNAFJARÐARHREPPUR** Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur óskað eftir undanþágu frá vinnsluskyldu á byggðakvóta á yfirstandandi fiskveiðiári. Vopnafjarðarhreppur fékk úthlutað um 550 tonn af byggðakvóta á þessu ári og vill fá að landa því annað.

Árlega ráðstafar ráðherra ákveðnum aflaheimildum til stuðnings byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og er háð veiðum eða vinnslu á botnfiski.

Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, segir þetta vera neyðarúrræði. „Það hefur ekki verið sýnt fram á það með haldbærum rökum að fyrir hendi sé vinnsla á Vopnafirði sem ráði við vinnslu á byggðakvóta Vopnafjarðar,“ segir Ólafur. Hann bendir á að þrjú hundruð tonnum af byggðakvóta hafi verið úthlutað til Vopnafjarðar og einnig eigi þeir um 250 tonn frá fyrra ári. „Það skiptir miklu máli að ná að landa eins miklum afla og hægt er af aflaheimildum fyrra árs því annars missum við þann hluta frá okkur í næstu úthlutun.“



**ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON** sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur ekki tekið undanþágubeiðni hreppsins til efnislegrar meðferðar en að sögn Þóris Hrafnssonar, upplýsingafulltrúa ráðuneytisins, er von á niðurstöðu frá ráðuneytinu innan tveggja vikna. 29 sveitarfélög landsins fengu úthlutaðan byggðakvóta á þessu fiskveiðiári og er Vopnafjarðarhreppur eina sveitarfélagið sem óskar eftir undanþágu frá reglum um vinnslu í heimabyggð.

Ólafur Áki vonar að hægt verði að vinna kvóta á Vopnafirði í náinni framtíð. „Við höfum verið í viðræðum við fjölda aðila um að koma að verkefninu með okkur og vinna aflann. Margir hafa verið áhugasamir um að hefja vinnslu á staðnum og vilja skoða það fyrir næsta fiskveiðiár. Hér er um að ræða kjörið tækifæri til að fjölga störfum í heimabyggð og auka fjölbreytni í atvinnutækifærum fyrir íbúa,“ segir Ólafur Áki.

Í umsögn atvinnu- og ferðamálanefndar Vopnafjarðarhrepps kemur fram að nefndin telji mikilvægt að vinnslu á bolfiski verði komið í þann farveg að ekki þurfi að koma til þess á fiskveiðiárinu að fiskur sé fluttur frá staðnum óunninn. Það eru því eindregin tilmæli atvinnu- og ferðamálanefndar að hlutaðeigandi aðilar komi af stað fiskverkun sem getur tekið á móti bolfiski til vinnslu á Vopnafirði til næstu framtíðar. sveinn@frettabladid.is



**VOPNAFJÖRÐUR** Engin bolfiskvinnsla er í byggðarlaginu sem getur unnið úr byggðakvótanum að mati hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Landsvirkjun

Ert þú að rannsaka orku og umhverfi?

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar styrkir námsmenn og rannsóknarverkefni á sviði umhverfis- og orkumála.

Ísland er ríkt af endurnýjanlegum orkuauðlindum. Þess vegna felast mikil verðmæti í því að nýta íslenskt hugvit til þess að auka þekkingu á orku og umhverfismálum.

Til úthlutunar úr Orkurannsóknasjóði árið 2015 eru 54 milljónir króna.

**Styrkir til efnilegra nemenda** í meistara- eða doktorsnámi á sviði umhverfis- eða orkumála.

**Styrkir til rannsókna** á sviði umhverfis- og orkumála, veittir til að mæta kostnaði vegna vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema og öðrum útgjöldum.

Nánari upplýsingar um sjóðinn og úthlutunarreglur eru á **landsvirkjun.is/orkurannsoknasjodur**. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur er til 9. janúar 2015.**



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**FJARÐAÁL** Starfsmenn eru um 450.

Stóriðjuskóli Fjarðaáls:

# Alcoa útskrifaði 50 starfsmenn

**MENNTAMÁL** Stóriðjuskóli Fjarðaáls útskrifaði 19 starfsmenn úr grunnnámi í desember og aðra 20 úr framhaldsnámi. Síðastliðið vor útskrifuðust ellefu iðnaðarmenn úr framhaldsnámi. Samtals útskrifaði skólinn því 50 á árinu.

Skólinn sem tók til starfa haustið 2011 er samstarfsverkefni Austurbrúar, Verkmenntaskóla Austurlands og Fjarðaáls. Alls hafa 49 starfsmenn Fjarðaáls lokið grunnnámi. Nú í janúar byrja um 30 í grunnnámi og rúmlega 20 í framhaldsnámi. - shá

Þegar þér ákallið mig og komið og biðjið til mín...

...mun ég bænheyra yður.




*Margverðlaunuð SKYACTIV spartæknin hefur veitt Mazda sérstöðu á markaðnum. Með þessari byltingarkenndu tækni hefur Mazda náð fádæma árangri til lækkunar eyðslu án þess að fórna afli né viðbragði – enda er akstursánægja eitt aðalsmerki Mazda. Að auki er bíllinn smíðaður í anda KODO hönnunarinnar sem gælir svo sannarlega við augað.*

**MAZDA. DEFY CONVENTION.**

**KOMDU Í REYNSLUAKSTUR**

10 ÁRA AFMÆLI MAZDA

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Nýjar refsiaðgerðir:

## Norður-Kóreu refsað fyrir árás

**BANDARÍKIN** Bandarísk stjórnvöld hafa ákveðið að refsa Norður-Kóreu vegna árásar tölvuþrjóta á stórfyrirtækið Sony í síðasta mánuði.

Bandaríkin fullyrða að Norður-Kórea hafi staðið á bak við árásina.

Nýju refsiaðgerðirnar fela það í sér að leiðtogar Norður-Kóreu geta hvorki komið til Bandaríkjanna né fengið aðgang að peningum, sem þeir kunna að eiga þar. - gb

Palestínumenn hafa lagt inn umsókn um aðild að Alþjóðlega sakadómstólnum í Haag:

## Ætla að leita réttar síns gagnvart Ísrael

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR** Ríad Mansúr, sendiherra Palestínu hjá Sameinuðu þjóðunum, lagði í gær inn umsókn um aðild Palestínu að Alþjóðlega sakadómstólnum í Haag. Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hefur haldið neyðarfund í ríkisstjórn sinni vegna umsóknarinnar.

Palestínumenn hyggjast leita til dómstólsins til að sækja Ísrael til saka fyrir stríðsglæpi. Með aðild að dómstólnum geta Palestínumenn farið þess á leit að ísraelskir herforingjar og stjórnmálaleiðtogar verði dregnir fyrir dóm vegna aðildar sinnar að stríðsglæpum í tengslum við landtökubyggðir Ísraela á hernumdu svæðunum eða hernaðaraðgerðir sem valdið hafa dauða almennra borgara í stórum stíl.

Ísraelar hafa hótað einhvers konar hefndaraðgerðum verði það úr að Palestína fái aðild að dómstólnum. Bandarísk stjórnvöld hafa sömuleiðis verið mjög andsnúin því að Palestína fái aðild.

Mahmúd Abbas Palestínuforseti undirritaði hins vegar aðildarumsókn strax á miðvikudag, daginn eftir að Bandaríkin komu með neitunarvaldi sínu í veg fyrir að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna krefðist þess að Ísraelar skiluðu innan þriggja ára öllum herteknum svæðum aftur til Palestínumanna.

„Þetta er mjög mikilvægt skref,“ sagði Mansúr sendiherra eftir að hafa skilað inn umsókninni. Hann sagði að aðild yrði að veruleika innan tveggja mánaða. - gb



**RÍAD MANSÚR** Sendiherra Palestínu hjá Sameinuðu þjóðunum segir aðild verða að veruleika innan tveggja mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MOHAMMAD JAVAD ZARIF** Utanríkisráðherra Írans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íranar semja til bráðabirgða við Bandaríkin:

## Kjarnorkubúnaður sendur til Rússlands

**ÍRAN, AP** Samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi Bandaríkjanna og Írans munu Íranar senda til Rússlands megnið af þeim geislavirku efnum sem þeir gætu notað til að búa til kjarnorkuvopn úr.

Þessu skýrðu tveir stjórnarerindrekar í Vínarborg AP-fréttastofunni frá í gær, en vildu ekki láta nafns síns getið þar sem þeir hafa ekki heimild til að ræða efni viðræðnanna.

Viðræður um lausn á deilu Bandaríkjanna og Írans um kjarnorkumál hafa staðið yfir mánuðum saman og átti þeim upphaflega að ljúka í nóvember, en var frestað fram yfir áramót.

Enn er verulegur ágreiningur um ýmis atriði, en í desember tókst samninganefndum ríkjanna að koma sér saman um lista yfir ágreiningsmálin og mögulegar lausnir á þeim flestum, ásamt því að tilgreina í hverju ágreiningurinn um útistandandi mál er fólginn.

Íranir hafa jafnan fullyrt að þeir hafi engan áhuga á að koma sér upp kjarnorkuvopnum. Kjarnorkuáætlun þeirra miði eingöngu að því að nota kjarnorkuna með friðsamlegum hætti til orkuframleiðslu. - gb

100% hreinar

Eggjahvítur

Gerilsneyddu eggjahvíturnar eru frábær valkostur í baksturinn. Hugsaðu um hollustuna, veldu eggjahvítur frá Nesbúeggjum.



Án allra aukaefna!

Íslensk framleiðsla

Nesbú

Fjölvítamín frá náttúrunnar hendi



**MÁNUDAGSMÓTMÆLI Í DRESDEN** Meira en sautján þúsund manns tóku þátt mánudaginn fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Leiðtogar vara við útlendingahræðslu

Sívaxandi fjöldi hefur tekið þátt í vikulegum mótmælum samtaka gegn „íslamsvæðingu Vesturlanda“ í Þýskalandi. Nærri þriðjungur Þjóðverja segist geta tekið undir málflutning samtakanna. Boðað er til næstu mótmæla nú eftir helgina.

**ÞÝSKALAND** Samtök sem berjast gegn „íslamsvæðingu Vesturlanda“, PEGIDA, hafa síðan í október efnt til vikulegra mótmæla í Dresden. Þátttakendum hefur fjölgað jafnt og þétt, allt frá því að vera nokkur hundruð manns í október upp í rúmlega 17 þúsund manns núna rétt fyrir jólin.

Í hátíðarræðum sínum beindu bæði Angela Merkel kanslari og Joachim Gauck forseti orðum sínum til þeirra sem tekið hafa þátt í mótmælunum, vöruðu við málflutningi þeirra og hvöttu Þjóðverja til að taka vel á móti flóttafólki. Þýskir kirkjuleiðtogar notuðu einnig sínar hátíðarræður til að vara við vaxandi andúð í garð innflytjenda.

„Nú eru margir farnir að hrópa aftur á mánudögum: Við erum þjóðin,“ sagði Merkel í áramótaræðu sinni, og vísaði þar til eins þekktasta slagorðs austur-þýskra mótmælenda haustið 1989.

Hún segir meininguna í þessum orðum nú vera allt aðra en árið 1989: „Í raun meina þeir: Þið tilheyrið okkur ekki – vegna húðlitar ykkar eða trúar ykkar. Þess vegna segi ég öllum, sem taka þátt í mótmælasamkomum af þessu tagi: Fylgið ekki þeim sem kalla á slíkt! Því of oft er það svo að í hjörtum þeirra búa fordómar, kuldi og jafnvel hatur.“

Sjálf ólst Merkel upp í Austur-Þýskalandi og minnti í ræðu sinni á að eitt helsta baráttumál austur-þýsku mótmælendanna haustið 1989 hefði snúist um að börnin þeirra gætu lifað án ótta, rétt eins og flóttamenn sem leita til Þýskalands eftir öryggi.

„Margir þeirra hafa bókstaflega sloppið naumlega frá dauða. Það segir sig sjálft að við hjálpum þeim og tökum við fólki sem leitar hælis hjá okkur,“ sagði Merkel í ræðu sinni.

Gauck forseti, sem er fyrrverandi prestur og rétt eins og Merkel einnig frá Austur-Þýskalandi, tók í sama streng, hvatti menn til að óttast ekki og sagði: „Ég fagna því að langflest okkar fylgja ekki þeim sem vilja einangra Þýskaland.“

Samtökin hafa næsta mánudag boðað til mótmælasamkomu í Dresden í ellefta sinn frá því í október. Á miðvikudaginn stendur svo til að hefja samstarf PEGIDA og stjórnmálaflokks þýskra þjóðernissinna, sem heitir Alternative für Deutschland eða Valkostur fyrir Þýskaland. Flokkurinn, sem rétt eins og PEGIDA hefur verið gagnrýndur fyrir að ala á ótta við innflytjendur, á sjö fulltrúa á Evrópuþinginu þótt ekki hafi hann náð inn manni í síðustu þingkosningum í Þýskalandi árið 2013.

Samkvæmt skoðanakönnun tímaritsins Stern segjast nærri 30 prósent aðspurðra geta tekið undir málflutning PEGIDA. Rúmlega 70 prósent stuðningsmanna Valkosts fyrir Þýskaland segjast, samkvæmt sömu könnun, höll undir stefnu PEGIDA.

gudsteinn@frettabladid.is

### PEGIDA

Nafnið er skammstöfun sem stendur fyrir „Patriotische Europäer gegen die Islamisierung des Abendlandes“, en sú romsa þýðir „Evrópskir föðurlandssinnar gegn íslamsvæðingu Vesturlanda“.

Sjálfir segjast forystumenn samtakanna einungis vera að mótmæla öfgastefnu, en hvorki innflytjendum almennt né trú múslima sérstaklega.

Ýmsir öfgamenn í Þýskalandi, sem vilja helst reka alla útlendinga burt og líta á múslima sem höfuðandstæðing sinn, hafa hins vegar tekið samtökunum fagnandi og flykkjast til mótmælafundanna á mánudögum.

Víða í Þýskalandi hefur verið efnt til annarra mótmæla gegn PEGIDA, og hafa þátttakendur í þeim mótmælum orðið meira en tíu þúsund.



**„Í raun meina þeir: Þið tilheyrið okkur ekki – vegna húðlitar ykkar eða trúar ykkar.**

*Angela Merkel, Þýskalandskanslari*

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is




50% afsláttur

FULLT VERÐ FRÁ: 2.995

1.495

**ZOLLA SÆNGURVERASETT**
Fáanleg í tveimur flottum litum og stærðum.
Stærð: 140 x 200 sm. **2.995** nú **1.495**
140 x 220 sm. **3.495** nú **1.745**
Vnr. 130-14-12793

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

**FIBER SÆNGUR**
Lítilsháttar útlitsgallaðar sængur á frábæru verði!
Stærðir:
140 x 200 sm. 140 x 220 sm.
150 x 200 sm. 150 x 210 sm.
Allar stærðir á sama verði!
Einnig fáanleg í stærð:
200 x 220 sm. **4.995** nú **2.495**
Vnr. 910520, 921022

50% afsláttur



LÍTILSHÁTTAR ÚTLITSGALLAÐAR SÆNGUR

FULLT VERÐ FRÁ: 2.995

1.495

# ÚTSALA SPARIÐ ALLT AÐ 75%

DREAMZONE™

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

Svæðaskipt | Mjúk Meðalstíf Stíf Stífleiki | Rafmagnsrúm | Yfirdýna
Svampfylling | Pokagormar | 25 ára Dýnuábyrgð | 5 ára Mótorábyrgð
Skandinavísk framleiðsla




sparið 30.000

**E1 SKANDINAVÍSKT RAFMAGNSRÚM**
Gott rafmagnsrúm á frábæru verði.
Stillingar fyrir bak og fætur. 5 sm. þykk yfirdýna.
Áklæði á yfirdýnu er hægt að taka af og þvo við 60°C. Springdýna með 250/m² pokagormum og 5 þægindasvæðum sem veitir betri stuðning.
Dýnan er með svampi í efra lagi og er stíf.
Falleg, bólstruð rúmumgjörð. Fjarstýring fylgir með. *Verð með fótum.*
1 stk. rafmagnsrúm 90 x 200 sm. **99.950**
Vnr. 3540832-0

1 STK. FULLT VERÐ: 99.950

69.950



46% afsláttur

FULLT VERÐ: 14.950

7.950

**KEMI STÓLL**
Glæsilegur stóll með PU áklæði.
Fáanlegur í nokkrum mismunandi litum.
Vnr. 708-14-1029

NÚ VERÐ FRÁ:

775



40% afsláttur

**BOX ONE PLASTKASSAR**
Góðir plastkassar með smelltu loki.
32 lítra á hjólum **1.295** nú **775** 40 lítra á hjólum **1.995** nú **1.195**
75 lítra **3.495** nú **2.095** 145 lítra **5.995** nú **3.595**
Vnr. 5710255101401

**ARNE PLASTKASSAR**
Góðir plastkassar með loki á frábæru tilboði! Stærðir:
Geymslubox 39 x 39 x 26 sm. **1.495** nú **795**
Bedroller 39 x 57 x 17 sm. **1.495** nú **795**
Vnr. 3974901, 3974902



46% afsláttur

FULLT VERÐ: 1.495

795

Skiptibækur hjá Pennanum:

# Ekki opnað hjá Griffli strax

**VIÐSKIPTI** Ákveðið hefur verið að Penninn-Eymundsson taki alfarið yfir skiptibækur af Griffli.

Frá því að mikill bruni gjöreyðilagði húsnæði Griffils í Skeifunni í júlí síðastliðnum hefur Penninn-Eymundsson tekið við inneignarnótum frá Griffli og verður því haldið áfram.

Í tilkynningu segir að Griffill muni hins vegar ekki verða opnaður á vorönn. Penninn-Eymundsson mun taka við skiptibókum af lager Griffils. - jhh

Advania auglýsir eftir starfsfólki til að fylla rúmlega tuttugu ný stöðugildi hjá fyrirtækinu:

# Nýjum hluthafa fylgdu fleiri verkefni

**ATVINNULÍF** Advania auglýsir um þessar mundir eftir ríflega tuttugu nýjum starfsmönnum með menntun og/eða reynslu í upplýsingatækni.

Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania, segir mannaráðningar nú ráðast af mjög góðri verkefnastöðu hjá fyrirtækinu. Þar vegi þungt að gengið hafi eftir væntingar um aukin erlend verkefni í kjölfar hlutafjáraukningar fyrirtækisins síðasta sumar. Þá eignaðist sænska félagið Adinvest AB 51 prósent hlutafjár.

Gestur segir markaðsstarf á erlendri grundu nú markvissara en verið hafi, auk þess sem verkefnastaða á Íslandi sé góð. „Núna sjáum við fram á aukningu um rúmlega tuttugu stöðugildi,“ segir hann. Að baki séu mjög fjölbreytt verkefni, allt frá kjarnaforritun yfir í ferlagreiningar og ýmislegt annað. En þótt hópurinn sé breiður segir Gestur fyrst og fremst leitað að tæknimenntuðu fólki. „Bæði fólki sem er nýútskrifað og fólki með nokkur ár á bak við sig með tilheyrandi reynslu, þekkingu og kunnáttu.“ - óká



**GESTUR G. GESTSSON** Advania bætir við sig fólki í framhaldi af nýju eignarhaldi síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sunddeild Ármanns

**Barnasund**

**Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst föstudaginn 23. janúar í Árbæjarlaug**

**Ungbarnasund**

**Námskeiðið hefst 28. febrúar 2015 í Árbæjarlaug.**

**Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00 í síma 557-6618 Stella, stella.gunnars@gmail.com stella.gunnarsdottir@reykjavik.is**






**VERSLUN** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki einhugur um það í ríkisstjórn hvernig eigi að standa að verðlagseftirliti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Segir marga þegar hafa breytt verði

Ríkisstjórnin hefur engar ákvarðanir tekið um það hvort og þá hvernig fylgst verður með þróun verðlags eftir virðisaukaskatts- og vörugjaldabreytingarnar.

**NEYTENDAMÁL** Ekkert hefur verið ákveðið um aðkomu stjórnvalda að verðlagseftirliti eftir að ný lög um virðisaukaskatt tóku gildi um áramót. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru skiptar skoðanir á því meðal ráðherra hvernig standa eigi að slíku eftirliti.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, sagði í Kryddsíld á Stöð 2 á gamlársdag að besta eftirlitið væri fólgið í alvöru samkeppni á markaði. „Og það er til skoðunar í ríkisstjórninni hvort við getum efnt til samstarfs við hagsmunaaðila um að fylgjast vel með þessari þróun,“ sagði hann þá.

Bjarni útskýrði ekki hvernig staðið væri að slíku samstarfi. Ólöf Nordal, ráðherra neytendamála, gaf ekki kost á viðtali um málið þegar Fréttablaðið sóttist eftir því í gær.

„Svona eftirlit þarf að undirbúa áður en breytingin á sér stað. Það er svolítið seint að byrja að gera það núna,“ segir Henny Hinz, hagfræðingur ASÍ. Hún segir að hvorki hafi stjórnvöld falast eftir samstarfi um þetta við ASÍ, né ASÍ falast eftir samstarfi við stjórnvöld.

ASÍ hafi aftur á móti hafist handa við undirbúning að því að bregðast við breyttu verðlagi um leið og drög að virðisaukaskattsfrumvarpinu voru kynnt í haust. Hún segir að verðlagseftirlit ASÍ hafi verið útvíkkað.

Þá segir Henny að ASÍ muni einnig fylgjast vel með mælingum Hagstofunnar á neysluverðsvísitölunni. Það gefi mjög góða vísbendingu um þróunina á markaðnum almennt. „En okkar vinna felst frekar í því að skoða hvað einstaka söluaðilar eru að gera,“ segir Henny.



> **Svona eftirlit þarf að undirbúa áður en breytingin á sér stað. Það er svolítið seint að byrja að gera það núna.**
>
> *Henny Hinz, hagfræðingur ASÍ.*

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir að það verði að hafa í huga þegar verðbreytingar um áramót eru skoðaðar að margir innflytjendur og seljendur heimilis- og raftækja hafi þegar lækkað verð til samræmis við afnám vörugjaldanna.

„Þetta töldu mörg fyrirtæki sig verða að gera strax í september þegar frumvarp um afnám vörugjalda kom fram á Alþingi, einfaldlega til að tryggja sölu það sem eftir lifði árs,“ segir Ólafur. Ella hefðu verið líkur á að margir hefðu frestað kaupum á raftækjum fram yfir áramót.

jonhakon@frettabladid.is



# > Vel sjóaðir reynsluboltar

Þeir ná lengst sem sækja fram með samstilltum hætti og fylgja sendingum eftir alla leið. Samskip eru stoltur bakhjarl íslenska handboltalandsliðsins.

Áfram Ísland!

www.samskip.is

SAMSKIP

Saman náum við árangri



IVV home&table · Poul Pava · by nord · VIDIVÌ Vetri delle Venezie MADE IN ITALY · IT'S ABOUT RoMi® · nuance®

# Riiiiiisa ÚTSAL

furninova · S.O.U.L SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE · woodpoint · IDdesign



HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 O




Bloomingville
södahl
S.O.U.L
SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE
Rosti Mepal
broste
COPENHAGEN
bodum

HEFST Í DAG

# ÚTSALA

# ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY
HJORT KNUDSEN
CONFORM
skovby
Broyhill





HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili

G Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100




Öld er frá kosningarétti kvenna og vinnumanna :

# Engin menntuð þjóð hefur þorað

Þau eru merk tímamótin á þessu ári þegar við minnumst þess, 19. júní í sumar, að þá er ein öld frá því að konur, fjörutíu ára og eldri, og einnig vinnumenn, fjörutíu ára og eldri, fengu kosningarétt. Engin þjóð önnur hafði viðlíka aldursmörk. Merkilegt er að lesa hversu örðugt var að koma málinu áfram á sínum tíma.

Á vef Kvennasögusafns Íslands má lesa: „Árið 1911 hafði Alþingi samþykkt frumvarp sem gerði ráð fyrir jöfnum atkvæðisrétti karla og kvenna til Alþingis. Í umræðum um frumvarpið lagði Jón Jónsson í Múla fram breytingartillögu þess efnis að konur skyldu fá kosningarétt, en við 40 ára aldur. Rök Jóns voru þau helst að óráðlegt með öllu væri að fjölga kjósendum um 2/3 hluta í einu. „Engin menntuð þjóð hefur þorað að gera þessu líka tilraun,“ sagði Jón í Múla.“



Sigurjón Magnús Egilsson
sme@frettabladid.is

Hér er ekki rúm til að rekja söguna alla. En skoðum samt: „Í kosningafélaginu Fram, félagi Heimastjórnarmanna, hafði Jón Þorláksson borið upp snemma árs 1912 og fengið samþykkta tillögu um að ráða Alþingi frá því að samþykkja rýmkun kosningaréttarins fyrirvaralaust. Hér var nýr tónn sleginn. Kvenréttindabaráttan hafði verið tiltölulega meinlítil hér á landi fram að þessu, en nú urðu eins og kynslóðaskipti í umræðunni og að meinleysisgríman rynni af þeim karlmönnum sem komu nærri stjórn landsins.“

Mikil var vanþekking karlanna fyrir tæpri öld. Áður en að þangað var náð, þurfti mikið til. Barátta Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og annarra kvenna árin á undan var löng og ströng. Bríet kom víða við í frægri ræðu, „Nokkur orð um menntun og réttindi kvenna“, þar sagði hún meðal annars: „En að hinu leytinu er það skylda kvenna að gjöra allt hvað í þeirra valdi stendur til að sýna, að það sé meira en orðagjálfur eitt, að þær hafi hæfilegleika og vilja til að vera jafningjar bræðra sinna. Þær verða að sýna í verkinu, að þær séu jafnfærar til þess að taka þátt í alvöru lífsins sem skemmtunum þess.“

Staða kvenna í stjórnmálum sem og víðast annars staðar í samfélaginu hefur vissulega gjörbreyst. Fyrir fáum áratugum var staða þeirra allt önnur og veigaminni en hún er nú. Konur mennta sig frekar en karlar, þær eru í forsvari fyrir hlutum sem voru eitthvað svo fjarlægir fyrir ekki svo löngu. Helsti sérfræðingur okkar í súrnun sjávar er ung og vel menntuð kona, sérfræðingur Veðurstofunnar í jarðvá er ung og vel menntuð kona. Hér hafa verið nefnd tvö dæmi, af svo mörgum mögulegum, um hvar konur hafa tekið sér stöðu sem þær höfðu ekki áður. Okkur öllum til framdráttar.

Langt er frá fullkomnu jafnrétti. Látum samt þessa tíma aldrei koma aftur: „Það er næsta eftirtektarvert, hversu karlmenn halda öllu frelsi kvenna og réttindum í helgreipum, og það virðist, sem þeir álíti það mikilvæg einkaréttindi, helguð af fornri venju, að vera allt gagnvart þeim, en að þær megi ekkert vera,“ skrifaði Bríet Bjarnhéðinsdóttir árið 1885.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


Gleðilegt nýtt ár!
Takk fyrir það liðna.
Tryggið ykkur pláss.
Byrjum 5. janúar.
KRAMHÚSIÐ
Sími 551 5103 · kramhusid.is

## MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

# Íslenski þjóðarflokkurinn

Í áramótaávarpi sínu hvatti Angela Merkel, kanslari Þýskalands, samlanda sína til að taka ekki þátt í mótmælum samtaka sem kalla sig „Evrópska þjóðernissinna gegn íslamsvæðingu vestursins“ (PEGIDA). Samtökin hafa á undanförnum misserum staðið fyrir mótmælum gegn innflytjenda- og flóttamannastefnu yfirvalda. Það er reyndar fremur kurteisleg framsetning á áherslum þeirra. Öllu nákvæmari framsetning væri sú að samtökin berjast einfaldlega gegn innflytjendum sem aðhyllast ákveðin trúarbrögð.



Angela Merkel er enginn fábjáni. Hún virðist njóta trausts og allavega í þessu máli virðist hún nota traustið á réttan hátt. Kanslarinn benti á að átökin í Sýrlandi hefðu orsakað gríðarlegan flóttamannastraum og að Þjóðverjar myndu taka við fólki sem leitaði hjá þeim skjóls. Svo bætti hún við að þegar menn kæmu saman til að hrópa „Við erum þjóðin!“ þá meintu þeir raunverulega „...en ekki þið.“

Menn hafa eflaust hverjir sína skoðun á Angelu Merkel. En það er óneitanlega jákvætt að hún skyldi nota áramótaræðu sína til að minna fólk á grunngildin. Hún hefði til dæmis geta látið ræðuna snúast um það hvernig aðrar Evrópuþjóðir haldi ekki vatni yfir ágæti Þýskalands, sem sjáist best á því að flestar þeirra hafi, í gegnum EES og ESB, ákveðið að taka upp þýsk lög. En hún gerði það nú ekki. Sögu sinnar vegna hafa Þjóðverjar tamið sér að gæta hófs í sjálfshóli.

## Öfgarnar eflast

Það er full ástæða til að hafa áhyggjur af uppgangi hvers kyns öfgaflokka í Evrópu. Í efnahagsþrengingum er algengt að fólk leiti út fyrir miðjuna í leit að svörum. Þetta er gósentíð fyrir alls konar fávita. Sumum þessara fávita er illa við útlendinga. Mörgum er illa við eignarréttinn. Margir bjóða af sér þann þokka að þeir hefðu ekkert á móti því að ná völdum með hjálp götunnar. Við eigum að hafa áhyggjur af því.

Stjórnmálabarátta millistríðsáranna var háð á götum úti. Þar tókust gjarnan á þumbaflokkar hver af sínum jaðri stjórnmálanna. Kommúnistar slógust við fasista. Fasistarnir náðu völdum í gegnum kosningar á Ítalíu og í Þýskalandi en létu þau ekki af hendi eftir það. Lýðræðið er viðkvæmt að þessu leyti. Það hleypir öllum inn í leikinn, jafnvel þeim sem bera takmarkaða virðingu fyrir leikreglunum, jafnvel þeim sem myndu ekki hleypa öðrum inn í leikinn ef þeir réðu gangi hans.

Já, það er eitt í viðbótar sem margir þessara öfgaflokka eiga sameiginlegt. Þeir styðja Pútín. Þetta á við um Front National í Frakklandi, FPÖ í Austurríki og Jobbik í Ungverjalandi. Í þessu samhengi má rifja upp að í nóvember sagði Guðni Ágústsson í útvarpsviðtali að hann styddi tvo forseta. Einn væri Ólafur Ragnar Grímsson. Hinn væri Vladimír Pútín. Þarna talar fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, flokksins sem nú leiðir ríkisstjórn Íslands.

## Hatursberar velkomnir

Það var sorglegt að Framsóknarflokkurinn kaus að gera andstöðu við byggingu bænahúss eins trúarhóps að kosningamáli seinasta vor. Forsætisráðherra féll á prófinu, gagnrýndi þá sem hömuðust gegn þessu ógeði í stað þess að sýna samstöðu með þeim sem hatursræðan beindist raunverulega að. Hann uppskar tvo borgarfulltrúa og er eflaust ánægður með sitt.

Er Framsóknarflokkurinn orðinn eins og rasistaflokkar í nágrannalöndunum? Til að gæta einhverrar sanngirni þá er hann það ekki, ekki enn. Það eru ekki allir framsóknarmenn á móti múslimum. Það eru ekki allir framsóknarmenn sem styðja Pútín. En verður það þannig áfram? Hvernig ímynd er Framsóknarflokkurinn að skapa sér?

Sigmundur Davíð kom inn í stjórnmálin með tvö stefnumál. Það fyrra var að Íslendingar ættu ekki að borga IceSave. Það síðara var skuldalækkunin. Í þessum málum hefur hann verið samkvæmur sjálfum sér og náð sínu fram. Í öðrum málum (sjá Reykjavíkurflugvöll) hefur afstaða hans ráðist af pólitískri hentisemi.

Fátt í fari Sigmundar bendir til að hann hafi farið sérstaklega í stjórnmál vegna þess að honum líkaði illa við einhvern tiltekinn trúarhóp. Sama gildir reyndar um aðra framsóknarmenn. Ef ég heyri að einhver hafi skráð sig í Framsóknarflokkinn fyrir þremur áratugum og ég er beðinn um að giska á hverjar hans helstu skoðanir séu þá myndi ég veðja á eitthvað tengt byggða- eða atvinnumálum. En ef ég heyri að einhver hafi gengið í hann í maí 2014 þá dreg ég því miður aðra ályktun.

Það er búið að gefa út þessi skilaboð: „Hefurðu eitthvað á móti múslimum? Komdu í Framsókn. Við tökum vel á móti þér. Við gefum þér vettvang. Við verjum þig með kjafti og klóm.“

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# TÍMAMÓTA ÚTSALA Í MÚRBÚÐINNI!

## Ríflegur afsláttur af MÚRBÚÐARVERÐI – það er gott verð

**Harðparket**
20%
AFSLÁTTUR

**Sturtuhorn og klefar**
15-30%
AFSLÁTTUR

**Verkfærakistur**
20%
AFSLÁTTUR



**Vitra blöndunartæki**
25-40%
AFSLÁTTUR

**Handlaugar**
25-50%
AFSLÁTTUR



**Handverkfæri**
25-40%
AFSLÁTTUR

**Stálvaskar**
20-30%
AFSLÁTTUR

**Háþrýstidæla**
30%
AFSLÁTTUR



Rafmagnshita-blásari 2Kw
~~2.164~~
**1.623**

**Strekkibönd, hjól og festingavörur**
30%
AFSLÁTTUR

**Flísar 80 tegundir**
20-50%
AFSLÁTTUR

**Náttúrustein-flísar**
20%
AFSLÁTTUR

**Rafmagnstæki**
20-40%
AFSLÁTTUR

**Iðnaðar ryksuga**
20%
AFSLÁTTUR

**Heimilistæki**
25%
AFSLÁTTUR

**SWIFT WC fylgihlutir**
25%
AFSLÁTTUR



**Heimilis-tröppur**
25%
AFSLÁTTUR





**Vinnuljós**
25%
AFSLÁTTUR

**Náttúrusteins vaskar**
20-50%
AFSLÁTTUR

**Sturtusett & tæki**
25%
AFSLÁTTUR



Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8 -18 |

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# HELGIN



**Friðrik Ómar Hjörleifsson tónlistarmaður**

## Farinn í sólina á vit ævintýranna

Ég er að skella mér alla leið til Dubai og þaðan fer ég til Maldive-eyja. Ég er að smygla mér í brúðkaupsferð Jógvans vinar míns og konunnar hans. Það var þannig að ég var veislustjóri í brúðkaupinu þeirra og í veislunni lét ég „Hjálpum þeim“ söfnunarbauk ganga til að safna fyrir brúðkaupsferðinni þeirra.



**Valdimar Guðmundsson, tónlistarmaður**

## Afmæli og rólegheit

„Ég er að fara í afmæli hjá vinum mínum í kvöld, þar sem ég er að sjá um tónlistina. Annars verður helgin bara frekar róleg þannig séð.“



**Alvia Islandia, rappari**

## Mantrar með stjörnunum

„Alvian er að fara í bústað að senna sig og mantra með stjörnunum. Svo skýst ég í bæinn á laugardagskvöld til að rappa á Húrra á rappkvennakvöldinu! RahRappattack.“



**Kolbrún Pálína Helgadóttir, upplýsingafulltrúi**

## Heilsusamleg helgi framundan

„Ég stefni á að fara í sund, gönguferð og annað heilsusamlegt og nærandi þessa helgina ásamt því að undirbúa komandi daga í vinnunni.“

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**Í HOF Á AKUREYRI** þar sem Óperudraugarnir syngja á tvennum tónleikum í dag, fyrst klukkan 17 og svo kl. 20. Þarna munu tenórarnir Kristján Jóhannsson, Garðar Thór Cortes og Gissur Páll Gissurarson slá upp tónlistarveislu.



**ONLY ONE**, nýjasta lag Kanye West þar sem rapparinn syngur ballöðu frá sjónarhóli móður sinnar sálugu, Dondu, sem lést árið 2007. Bítillinn fyrrverandi, Sir Paul McCartney, spilar á hljómborð.




**DJÚSBÓK LEMON**. Gott er að byrja árið á þessari heilsubók þar sem finna má fjörutíu sælkerasafa og þeytinga úr besta fáanlega hráefni. Þeir munu vera stútfullir af hollum efnum úr ávöxtum, grænmeti, skyri, náttúrulegu kryddi og bragðefnum.



**UNBROKEN**, kvikmynd í leikstjórn Angelinu Jolie sem var frumsýnd á nýársdag. Um er að ræða sanna sögu Louis Zamperini sem keppti á Ólympíuleikunum í Berlín 1936. Herflugvél hans hrapaði síðar í Kyrrahafið.



**BONGÓBLÍÐA** Birgir og Rakel í hitabeltisgír ásamt Hjalta Frey Ragnarssyni, sem tekur þátt í mynd- og tónlistargjörningum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Strandarpartí um háveturinn

Mynd- og tónlistarfólkið Rakel Mjöll Leifsdóttir og Birgir Sigurjón Birgisson bjóða upp á sólarstemningu.

**Þórður Ingi Jónsson**
thorduringi@frettabladid.is

„Þetta er dagdraumur sem varð að myndlistarsýningu,“ segja Rakel Mjöll Leifsdóttir og Birgir Sigurjón Birgisson, mynd- og tónlistarfólk sem stendur að listasýningunni og strandarpartíinu Wish You Were Here í Kaffistofunni á Hverfisgötu 44. Þau hafa breytt Kaffistofunni í gerviströnd og komið fyrir 280 kílóum af hvítum sandi ásamt pálmatrjám til þess að gestir geti flutt hugann á kunnuglegar strandir, burt frá vetrarhálkunni í Reykjavík.

„Við upplifum tímaflakk í gegnum skynfærin okkar. Þessi sýning biður gesti um að nota skynfæri sín og ímyndunaraflið til að leyfa huganum að ferðast aftur í tímann að hlýrri minningu, eða kannski er minningin tilbúningur. Í Japan hafa þau byggt risa inniströnd með virkar öldur, ætli þetta sé ekki minni útgáfa af því,“ segja þau.

Sýningin verður opnuð í dag klukkan 12.00 en um kvöldið verður síðan strandarpartí með sólstrandargjörningum og tónleikum frá ýmsu lista- og tónlistarfólki, sem hefjast klukkan 19.00.

> **Þessi sýning biður gesti um að nota skynfæri sín og ímyndunaraflið til að leyfa huganum að ferðast aftur í tímann að hlýrri minningu, eða kannski er minningin tilbúningur.**

# Næringarríkt fræhrökkbrauð

Gott og hollt fræhrökkbrauð sem auðvelt er að útbúa og gott að narta í.



- ½ dl sólblómafræ
- ½ dl sesamfræ
- ¾ dl hörfræ
- ½ dl graskersfræ
- ½ tsk. salt
- 1 dl maizenamjöl
- ½ dl matarolía
- 1½ dl sjóðandi vatn

**1.** Blandið saman sólblómafræjum, sesamfræjum, hörfræjum, graskersfræjum, salti og maizenamjöli í skál. Hellið matarolíu og sjóðandi vatni yfir og hrærið saman. Látið blönduna bíða í örfáar mínútur og hellið svo grautnum á bökunarpappírsklædda ofnskúffu.

**2.** Breiðið þunnt út og stráið Maldonsalti (eða öðru grófu salti) yfir.

**3.** Bakið við 150°C í eina klukkustund. Slökkvið á ofninum og látið fræhrökkbrauðið standa áfram í ofninum í 15 mínútur. Takið út úr ofninum og látið kólna. Brjótið eða skerið meðan það er enn heitt í passlega stóra bita.

*Uppskrift eftir Berglindi Guðmundsdóttur af vefsíðunni gulurraudurgraennogsalt.com*

CORVARI SHOES | GESTUZ | BLACK LILY | STORM&MARIE | AMERICAN VINTAGE
JOE'S JEANS | YUKO IMANISHI SKÓR | MUUBA

40%

ÚTSALALASTÚ

AF ÖLLUM VÖRUM

ANNARANNA

Annaranna | Laugavegur 77 | 101 Reykjavík | 551 6565 | www.annaranna.is

# Gleðilegt nýtt og

**Allt að**
**20.000 kr.**
**bókunarafsláttur**
**til 20. janúar 2014.**

## Höfum hafið sölu á sólarferðum fyrir sumarið 2015.



## Krít
Frá kr. 99.900

**Helios**
Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 115.900 m.v. 2 fullorðnir í stúdíó. 21. maí í 11 nætur.



## Tyrkland
Frá kr. 109.900 allt innifalið

**Smartline Bitez Garden**
Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 128.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 28. maí í 11 nætur.



## Tenerife
Frá kr. 68.900

**Parque de Las Americas**
Netverð á mann frá kr. 68.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 82.900 m.v. 2 fullorðnir í íbúð. 6. júní í 7 nætur.



## Salou
Frá kr. 64.900

**Apt. Cye Holiday Centre**
Netverð á mann frá kr. 64.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 83.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 5. júní í 7 nætur.



## Almería
Frá kr. 65.900

**Moguima**
Netverð á mann frá kr. 65.900 m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð m/1 svefnherbergi.
Netverð á mann á frá kr. 81.900 m.v. 2 fullorðnir í íbúð m/1 svefnherbergi. 9. júní í 7 nætur.



## Albir
Frá kr. 69.900 m/morgunmat

**Hotel & Spa Sun Palace**
Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 86.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 12. júní í 7 nætur.



## Benidorm
Frá kr. 65.900

**Apt. Gemelos**
Netverð á mann frá kr. 65.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 86.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 5. júní í 7 nætur



## Agadir
Frá kr. 104.900 m/hálfu fæði

**Tulip Inn**
Netverð á mann frá kr. 104.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 123.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 10. maí í 13 nætur.

**Öll verðdæmi hér að ofan eru með bókunarafslætti.**



Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SIA • NM66617

# farsælt ferðaár!

**2 FYRIR 1**
Flugsæti frá kr. 39.950

## 2fyrir1 á skíði í austurrísku Ölpunum



### Flachau
Frá kr. 144.900 m/hálfu fæði

**Pongauerhof**
Netverð á mann frá kr. 144.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
31. janúar í 7 nætur.



### Lungau
Frá kr. 93.900 m/hálfu fæði

**Zum Weissenstein**
Netverð á mann frá kr. 93.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 31. janúar í 7 nætur.



### Saalbach/Hinterglemm
Frá kr. 162.900 m/hálfu fæði

**Sonnalp**
Netverð á mann frá kr. 162.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 31. janúar í 7 nætur.



### Zell am See
Frá kr. 88.900 m/morgunmat

**Landhotel Marta**
Netverð á mann frá kr. 88.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
31. janúar í 7 nætur.



### Golf
Frá kr. 169.900 m/hálfu fæði

Netverð á mann frá kr. 169.900 á Penha Longa m.v. 2 fullorðna í tvíbýli.
16. apríl í 4 nætur.



### Hjólað á La Sella
Frá kr. 169.900 m/hálfu fæði

Netverð á mann frá kr. 169.900 á Hotel Mariott La Sella m.v. 2 fullorðna í tvíbýli.
23. mars í 7 nætur.



### Madeira
Frá kr. 147.900 m/morgunmat

Netverð á mann frá kr. 147.900 á Hotel Girasol m/morgunmat m.v. 2 fullorðna í herbergi.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • heimsferdir.is

Heimsferðir



**FINNUR SJÁLFA SIG Í NÓRU** Unnur Ösp var lengi upptekin af því að vera dóttir pabba síns en hefur eftir því sem á ferilinn hefur liðið orðið meira hún sjálf og minna dóttir foreldra sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Það er Nóra í mér og þér

**Unnur Ösp Stefánsdóttir** stóð ein á bak við fortjald andartökin fyrir frumsýningu á Dúkkuheimili og hugsaði með sér að þetta snerist alls ekki um hana. Þetta kvöld væri um allar Nórur heimsins og það væri eflaust eitthvað af Nóru í okkur öllum.

**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is



Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona hefur alla tíð verið í hringiðu leikhússins. Verandi dóttir hjónanna Stefáns Baldurssonar leikstjóra og þjóðleikhússtjóra til áraraða og Þórunnar Sigurðardóttur leikkonu og leikstjóra er það sem kallast að vera alinn upp í leikhúsi. Eiginmaður Unnar er Björn Thors leikari svo leikhúsið er með sönnu veigamikið í lífi þessarar ungu leikkonu sem hefur þó fjölskylduna í fyrsta sæti. Engu að síður nýtti Unnur Ösp jólin til þess að slá í gegn í hlutverki Nóru í Dúkkuheimili Ibsens í Borgarleikhúsinu, einu eftirsóttasta og í senn erfiðasta hlutverki leikbókmenntanna. Hlutverki sem leikkonur í senn þrá og óttast. Það er því ekki að undra að þegar Kristín Eysteinsdóttir bauð henni hlutverkið síðastliðið vor hafi komið á hana.

„Ég verð að játa að það kom á mig þegar Kristín bauð mér hlutverkið. Mér fannst fyrst að aðrar leikkonur myndu passa betur í hlutverkið því í mér blundar leikstjóri. En svo fór ég að anda og hugsa að svona tækifæri kæmi kannski bara einu sinni á ferlinum og í dag er ég þakklát fyrir að hafa tekið slaginn því þetta er dásamlegt hlutverk. Nóra er gríðarlega vel skrifuð og verkið allt enda gæti það allt eins hafa verið skrifað í síðustu viku því það tekur á djúpri mannlegri togstreitu og eðli mannsins, algjörlega óháð tíma. Okkur fannst því strax áskorun að reyna að setja verkið í beint samband við okkar tíma. Í þessu verki er ekki aðeins verið að fjalla um eina konu og baráttu hennar við það að öðlast frelsi frá oki staðalímyndanna. Það er líka verið að fjalla um hluti eins og skuldir, græðgina sem fylgir völdum og síðast en ekki síst þetta ímyndarbrjálæði sem er sjálfskipað fangelsi þeirra sem eru stöðugt að velta því fyrir sér hvað öðrum finnst og þrá eftir viðurkenningu sem aldrei kemur.“

### Krefur okkur um litlar uppreisnir

*En er Dúkkuheimili ekki fyrst og fremst femínískt?* „Nei, ekki í mínum huga. Þetta snýst fyrst og fremst um leit manneskjunnar að sjálfri sér og réttinn til að setja sjálfa sig í fyrsta sæti í sínu lífi. Í okkar uppsetningu reynum við að skoða hvað gerist þegar bankastjórafrú, kona sem reiðir sig á afkomu og velgengni mannsins síns, áttar sig á því að hún hefur aldrei verið hamingjusöm og fer að þrá eitthvað annað og meira og hugsa lífið fyrir utan þennan ímyndaða kassa sem henni er ætlaður. Þetta á erindi í samtímann og mér fannst satt best að segja erfitt lengi vel í ferlinu hvað ég tengdist henni mikið – því það er Nóra í mér og það er Nóra í öllum vinkonum mínum líka, það er meira að segja líka Nóra í fjölmörgum karlmönnum sem ég þekki því hún er svo sammannleg. Persónur verksins eru í raun allar ákaflega margbrotnar og ófyrirsjáanlegar – eru í senn góðar og vondar. Samúðin með þeim sveiflast til eftir senum og aðstæðum og það er snilli Ibsens. En klárlega er þetta eitt mesta femínistaverk allra tíma og Ibsen öfgafemínisti sinnar kynslóðar þótt hann hafi lagt áherslu á að uppreisn Nóru snerist um frelsi en ekki bara kvenréttindi. Um rétt okkar allra til að vera við sjálf en ekki eitthvað sem samfélagið krefur okkur um að vera. Þetta er verk sem hvetur okkur til að gera litlar uppreisnir ef okkur finnst við úr tengslum við drauma okkar og þrár.“

### Alin upp í leikhúsinu

*Sérðu þig í þessum átökum?* „Já, auðvitað. Ég hef oft verið að fást við svona ímyndarvanda enda alin upp í leikhúsi af stórum nöfnum í leikhúsheiminum og íslenskur leikhúsheimur er nú ekki stór. Ég man að fyrst þegar ég reyndi að komast inn í leiklistarskólann og það gekk ekki þá sögðu allir: „Elskan mín þetta er bara út af því hver pabbi þinn er.“ En svo þegar ég komst inn þá var það líka bara út af pabba svo það er vandlifað. Þannig að fyrst eftir að ég byrjaði að leika var ég mjög upptekin af þessu – vildi ekki vinna í húsinu hans pabba eða einhvern veginn virðast vera þarna á forsendum foreldra minna. Þótt stuðningurinn sé góður þá getur þetta líka verið erfitt. En eftir því sem á ferilinn hefur liðið þá er ég nú meira bara ég sjálf og minna dóttir foreldra minna – því eins og Nóra þá vil ég vera manneskja og reyndar listamaður á mínum eigin forsendum.“

*En nú hafið þið Björn verið að vinna saman innan Vesturports. Er ekki lífið endalaust leikhús?* „Jú, en við eigum líka tvö yndisleg börn og við hugsum þetta út frá þeim. Fjölskyldan er í fyrsta sæti því mig hryllir við að líta til baka yfir farinn veg eftir einhver ár með eftirsjá. Finnast ég hefði átt að gefa þeim meiri tíma – vinna minna og svo framvegis. Við höfum því kosið að fara þá leið að velja okkar verkefni af kostgæfni og leitast við að stilla vinnunni í hóf, það er líka sanngjarnara gagnvart vinnunni því þá er maður frekar fær um að gefa sig 100 prósent í viðkomandi verkefni. Vinnan innan Vesturports hefur veitt mér einstakt tækifæri til þess að ferðast um heiminn og það meira að segja allri fjölskyldunni. Ég hef heimsótt fjórar heimsálfur með Vesturporti og við Björn höfum verið svo heppin að leika stundum saman á þessum ferðalögum og tengdamóðir mín hefur ferðast með okkur sem barnapía og það er nú ekki amalegt að hafa góða ömmu alltaf innan seilingar. Í upphafi síðasta árs vorum við þrjá mánuði í Toronto þar sem við lékum Hamskiptin fyrir tugi þúsunda áhorfenda og það var svo sannarlega merkileg lífsreynsla. Maður hefur líka svo gott af því að fara út í heim og skipta alveg um umhverfi. Það var upp undir þrjátíu stiga frost í Toronto svona köldustu dagana þannig að nú get ég sagt með sanni að ég alveg elski íslenska veðrið! Stundum þarf maður að fá fjarlægðina til þess að sjá fegurðina í heimahögum.“

> **Þetta er verk sem hvetur okkur til að gera litlar uppreisnir ef okkur finnst við úr tengslum við drauma okkar og þrár.**

### Meira stofudrama fram undan!

„Nóra er stór hluti af lífi mínu í dag og verður það eitthvað áfram og vonandi fyrir fullu húsi. Það eru reyndar takmörk á sýningartíma og fjölda því leikhúsið er svo þétt bókað af spennandi sýningum. Fram undan hjá mér er svo meira stofudrama svo þetta er ákaflega dramatískur vetur hjá mér. Þetta er verkefni sem ég er alveg ótrúlega spennt fyrir enda er það nýtt verk eftir Birgi Sigurðsson sem ég fullyrði að íslenskt leikhús hafi beðið eftir. Þar fæ ég líka að leika með dásamlegum meðleikurum, með Kristbjörgu Kjeld fremsta á meðal jafningja, og það er mikið tilhlökkunarefni. Málið með að leika er það þegar maður fær góðan mótleikara, eins og ég hef til að mynda í Hilmi Snæ í Dúkkuheimili, þá fyrst fara hlutirnir að gerast. Þá fyrst kemst sköpunin á skrið og þess vegna er ég svo þakklát fyrir fólkið sem ég fæ að vinna með og hvað það gefur mér mikið.“

OPIÐ ALLA HELGINA

# DORMA

# ÚTSALAN

# Í FULLUM GANGI

## NATURES COMFORT – heilsurúm

Nature's Bedding

Stærð: 120x200 cm / 140x200
160x200 cm / 180x200 cm.
Dýna, botn og lappir.



Comfort 120x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ
77.935
VERÐ ÁÐUR ~~119.900~~

Comfort 140x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ
90.285
VERÐ ÁÐUR ~~138.900~~

Comfort 160x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ
97.435
VERÐ ÁÐUR ~~149.900~~

AFSLÁTTUR
35%
AF NATURES COMFORT

EASY hægindastóll
ÚTSÖLUVERÐ
54.900
VERÐ ÁÐUR ~~89.900~~

AFTON hægindastóll
ÚTSÖLUVERÐ
49.950
VERÐ ÁÐUR ~~99.900~~



EASY
hægindastóll
með skemli

AFTON hægindastóll
með skemli, svartur

## MONTARIO svefnsófi

MONTARIO SVEFNSÓFI
ÚTSÖLUVERÐ
79.900
VERÐ ÁÐUR ~~99.900~~



Stærð: 158 x 90 cm.
Slitsterkt dökk og ljósgrátt áklæði.
Dýnustærð 140 x 200 cm.
Rúmfatageymsla

## IBIZA horn- tungusófi

IBIZA U-SÓFI
ÚTSÖLUVERÐ
178.320
VERÐ ÁÐUR ~~229.900~~



Stærð: 286x198 cm. H: 86 cm.
Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna.



AFSLÁTTUR
20-50%
AF ÖLLUM VÖRUM

## SHAPE COMFORT heilsukoddi

Shape Comfort heilsukoddi
ÚTSÖLUVERÐ
2.950
VERÐ ÁÐUR ~~5.900~~



## QOD DÚNSÆNG

QOD dúnsæng
ÚTSÖLUVERÐ
14.900
VERÐ ÁÐUR ~~19.900~~



QUILTS OF DENMARK®

60%, 600 gr. Stærð: 135x200 cm.

DORMA
– býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800 Opið: Virka daga 10⁰⁰-18⁰⁰, laugardaga 11⁰⁰-16⁰⁰ og sunnudaga 13⁰⁰-16⁰⁰
Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 og Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is





**Í STUTTU FRÍI** Margrét kom til Íslands rétt fyrir jól í sitt annað frí á tæpum þremur árum. Hún gat ekki verið á landinu yfir hátíðirnar en fannst það allt í lagi þar sem hún var búin að halda upp á stórhátíð Nepala með börnunum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# KAUPI FREKAR GRJÓN EN MERKJAVÖRU

**Margrét Ingadóttir** er með ellefu munaðarlaus börn í Nepal á framfæri. Hún starfar í Sádi-Arabíu í óspennandi aðstæðum en launin gera henni kleift að reka heimili fyrir börnin, kaupa mat og borga skólagöngu, og þar með upplifa draum sinn um að láta gott af sér leiða í lífinu.

Við Margrét hittumst rétt fyrir jól. Hún er í stuttu fríi en fer aftur til Sádi-Arabíu fyrir jól þar sem hún starfar á skrifstofu hjá Air Atlanta. Síðustu tvö og hálft ár hefur hún eingöngu komið tvisvar til Íslands í frí. Aftur á móti hefur hún farið fjórum sinnum til Nepals þar sem hún rekur heimili fyrir ellefu munaðarlaus börn auk fjögurra manna fjölskyldu sem býr með börnunum og hugsar um þau í daglegu lífi. Hún segir að í Nepal slái hjartað en til þess að geta séð fyrir öllum þessum fjölda þarf hún að vinna í Sádi-Arabíu þótt aðstæður séu ekki sérlega spennandi, en hún býr í hálfgerðu virki með vopnuðum vörðum, má ekki ferðast um ein og þarf að hylja sig vandlega. En launin gera henni fært að láta draum sinn rætast.

„Mig hafði lengi dreymt um að komast í sjálfboðaliðastarf en gaf mér aldrei tíma í það. Þegar ég bjó á Íslandi var ég algjör vinnualki og allur peningur fór í að borga skuldir og lán. Ég ákvað því að skipta um starf og flytja út til að eiga möguleika á að ferðast og detta inn á eitthvert svona starf. Og það gerðist. Í gegnum starf mitt hjá Air Atlanta kynntist ég tveimur mönnum, Einari Guðmundssyni og Sigurði Sóleyjarsyni, sem komust að því að ég hafði verið að vinna sem kennari og báðu mig um að vera með sér í verkefni sem þeir voru að byrja með í Nepal. Þeir höfðu þá nýlega fundið þetta heimili þar sem aðstæður voru mjög slæmar. Húsnæðið lélegt, kamarinn úti og öll börnin sváfu saman í þröngu rými. Þeir ákváðu að taka yfir reksturinn og bjóða mér að vera með. Ég fékk drauminn algjörlega upp í hendurnar.“

### Bera alla ábyrgð

Heimilið er rekið í samstarfi við félagsmálayfirvöld. Fyrir fáeinum árum gat hver sem er byggt munaðarleysingjaheimili í Nepal en því miður var það ekki alltaf gert í góðum tilgangi og börnin til að mynda seld í vændi. Þótt eftirlitið sé orðið aðeins betra í dag virkar þetta þó þannig að íslensku þremenningarnir bera alla ábyrgð á börnunum, á andlegri og fjárhagslegri velferð þeirra, án afskipta félagsmálayfirvalda.

„Við sjáum algjörlega um þau. Borgum húsaleigu og mat, við sendum þau öll í einkaskóla og borgum skólagjöldin. Svo skiptumst við á að fara út til þeirra, förum í foreldraviðtöl, með þau til læknis, dílum við leigusalann og svo framvegis. Svo þegar við erum ekki á staðnum sjá hjón með tvö lítil börn um þetta fyrir okkur en þau búa hjá börnunum. Þá senda þau okkur myndir af reikningum, einkunnaspjöldin og hafa samband ef það vantar eitthvað. Þau eru í hlutverki mömmu og pabba, við borgum þeim laun og þau fá húsaskjól og mat.“

### Lífstíðarverkefni

Margrét leggur sem sagt mánaðarlega hluta af launum sínum inn á reikning heimilisins sem fer í fastan kostnað. En svo þegar hún fer út tekur hún til hendinni og notar til þess pening úr eigin vasa.

„Síðast þegar ég fór út tók ég allt í gegn. Lét mála húsið, skipta um teppi, dúk í eldhúsinu og keypti nýjar dýnur, sængur og rúmbotna handa börnunum. Ég sé ekki eftir einni einustu krónu sem fer í þetta verkefni og það er svo gott að vita að hver einasta króna fer til barnanna. Ekki í einhverja ruglaða ríkisstjórn eða auglýsingahernað stórra samtaka. Ég veit að þessi peningur skapar betri lífsskilyrði fyrir ellefu börn. Reyndar viljum við búa til varasjóð ef eitthvað breytist í okkar aðstæðum. Þetta er gríðarleg ábyrgð því ef ég missi nú vinnuna á morgun þá er ég með ellefu börn á framfæri og þetta er ekki bara eitthvert áhugamál sem ég hætti að sinna þegar ég missi áhugann. Þetta er lífstíðarverkefni.“

Félagsmálayfirvöld hafa leitað til hópsins og beðið þau um að taka að sér fleiri börn því mikil ánægja er með reksturinn. Margrét vill þó ekki stækka heimilið af ótta við að missa fjölskyldubraginn. Hún getur þó vel hugsað sér að stofna annað heimili í sömu mynd.

„Þau virka sem fjölskylda og við munum fylgja þeim út í lífið. Við munum ekki bara kveðja þau þegar þau eru orðin 18 ára og búin með grunnskólann. Við þurfum að taka þetta alla leið, hjálpa þeim að mennta sig meira, finna eigið húsnæði og fá vinnu. Ég held þau verði alltaf fjölskyldan sem þau eru í dag. Og ég verð alltaf hluti af því.“

### Á litla nöfnu

Margrét segir mér frá daglegu lífi barnanna sem eru á aldrinum sjö til sautján ára og hún ljómar af stolti þegar börnin berast í tal. „Þau eru svo ótrúlega dugleg og hjálpast að við allt. Það þarf aldrei að segja þeim fyrir verkum. Þau keppast við að strauja skólabúninginn sinn og passa sig að vera hrein og fín fyrir skólann. Svo elska þau að dansa og taka sjálfsmyndir á símann minn. Það ríkir mikil gleði á heimilinu.“

Margrét er sérstaklega stolt af litlilli nöfnu sem býr á heimilinu. „Hjónin áttu von á sínu öðru barni og skyndilega fékk ég símtal frá manninum. Þá þurfti konan að fara í bráðakeisara og barnið var hætt komið. Hann hringdi til að athuga hvort ég gæti borgað fyrir sjúkrahúsvistina, sem ég gerði að sjálfsögðu. Svo fæddist lítil stúlka, vel búttuð og sérstaklega hvít á hörund. Öllum fannst hún svo lík mér sem ég veit ekki alveg hvað mér á að finnast um. En hún var nefnd eftir mér og heitir Soni Magga. Þetta er svo mikill heiður og ég er ákaflega stolt af öllum þessum börnum. Ég á ekki eigin börn en ég er samt ansi rík.“

### Lífið hefur breyst til batnaðar

Það eru þó ekki allir sem sjá hlutina þannig og er Margrét oft spurð að því hér heima hvort hún ætli ekki að fara að gera eitthvað við líf sitt og fara til dæmis í skóla.

„Mér finnst ég ekki þurfa prófgráðu. Ég er að gera fullt og langar ekki að setjast aftur á skólabekk og byrja aftur að spá hvort ég geti borgað orkureikninginn seinna því ég þurfi að borga húsnæðislánið núna. Ég er akkúrat stödd á þeim stað sem ég vil vera á í lífinu. Um daginn var ég spurð hvort ég ætlaði ekki að hugsa meira um sjálfa mig og til dæmis kaupa mér almennilega tölvu. Á ég sem sagt að hætta að hugsa um öll þessi börn til að kaupa mér tölvu? Mér fannst þetta svo fyndin athugasemd. Líf mitt hefur breyst gífurlega og það til batnaðar og ég vil alla daga heldur kaupa hrísgrjón og málningu en einhverjar merkjavörur. Ég er allavega ekkert á leiðinni til Íslands. Ef ég hætti í þessari vinnu þá myndi mig langa að fara til Nepal og búa þar í ár eða svo. Ég er að safna mér í sjóð svo ég geti leyft mér það einhvern tímann.“

Þegar Margrét kveður mig óskar hún mér gleðilegrar hátíðar enda bara tveir dagar til jóla þegar við hittumst. Ég spyr hana hvort það sé ekki fúlt að geta ekki varið jólunum með fjölskyldunni fyrst hún kemur svona sjaldan til Íslands. „Nei, nei. Jólin eru hátíð barnanna, ég er ekki barn og mín börn héldu upp á hátíð ljóssins fyrr á árinu og ég var svo heppin að vera með þeim. Ég gaf þeim öllum úr, það var kominn tími til að læra á klukku.“

## Daglegt líf á heimilinu í Katmandú



**LÆRT VIÐ KERTALJÓS** Það er lítið af rafmagni í Nepal þannig að oft er lesið við kertaljós. Eitt af því sem Margrét gerði eftir að hún tók við heimilinu var að ráða kennara sem hjálpar börnunum með heimanámið.



**SJÁLFSMYND** Börnin eru mjög hrifin af símanum hennar Margrétar. Hér er Margrét með hluta af hópnum.



**DANSAÐ** Mikil kátína ríkir á heimilinu og skemmtilegast þykir að dansa saman.

### ➜ Styrktarreikningur

Þeir sem vilja vita meira um heimilið sem Margrét og félagar reka geta fundið upplýsingar á Facebook-síðunni Iceland-Nepal. Hægt er að styrkja heimilið með fjárframlögum. Reikningsnúmerið er: 526-26-6313 og kennitala: 631013-0310.




# Gerðu góð kaup í Miðborginni okkar

## LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Yfir 300 verslanir og veitingahús sem spanna allt litróf fjölbreytileikans í hjarta höfuðborgarinnar óska þér og þínum gleðilegs nýs árs. Miðborgin iðar af lífi á þessum fyrsta langa laugardegi á nýju ári og þú getur nýtt þér ýmis kostaboð og afslætti sem í boði eru – nú eða bara sýnt þig og séð aðra. Þá eru kaffihúsin alltaf með heitt á könnunni og skemmtilegar uppákomur má finna víða. Sjáumst í miðborginni.

**Lifandi tónlist á Laugavegi, Hverfisgötu, Skólavörðustíg og í Kvos frá kl. 14:00.**

**Alltaf nóg af bílastæðum og munið bílastæðahúsin.**




BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
MIDBORGIN.IS — FACEBOOK.IS/MIDBORGIN

MIÐBORGIN OKKAR

BÍLMAGNARAR
BÍLHÁTALARAR
ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

OG ENGIN VÖRUGJÖLD!

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Myndavélar frá 4.995 – allt að 71% afsláttur**
Lítil heimilistæki á ótrúlegum verðum frá 995 kr.
**Gríðarlegt úrval af heyrnartólum með allt að 60% afslætti**
Heimabíókerfi með allt að 50% afslætti
**Sjónvörp með allt að 500.000 kr. afslætti**
Tvöfalldir kæliskápar með allt að 200.000 kr. afslætti
**Spansuðu helluborð með allt að 130.000 kr. afslætti**

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

BÍLTÆKI
DVD SPILARAR
SJÓNVÖRP
FERÐATÆKI
MP3 SPILARAR
MAGNARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR
MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL
REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

AFSLÁTTUR

OG ENGIN VÖRUGJÖLD!

ÍSSKÁPAR
STRAUJÁRN
RYKSUGUR
KAFFIVÉLAR
RAKVÉLAR
HELLUBORÐ

42" Philips snjallsjónvörp frá 99.995 kr.
**50" Philips sjónvörp frá 109.995 kr.**
Blu-ray spilarar frá 12.995 kr.
**Uppþvottavélar frá 39.995 kr.**
Whirlpool 1400sn þvottavélar frá 59.995 kr.
**Yfir 100 gerðir af ísskápum á lækkuðu verði**

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**Opið um helgina á Suðurlandsbraut**
**Laugardag 11-18 og Sunnudag 13-18**

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DēLonghi DAEWOO

COOLER MASTER · ASUS · acer · steelseries · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN

# STÓRÚ

# ALLT AÐ 70%

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR • BOR
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR
BLEK • HÁTALARAR • SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI
MINNISKORT • SKANNAR • HEYRNARTÓL • STÝRIPINNAR • ÍHLU
HLJÓÐNEMAR • MÝS • MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • HLJ

SÝNINGAREINTÖK
Á LÆKKUÐU VERÐI

ÚTLITSGALLAÐ
Á MIKLUM AFSLÆTTI

EINA
ÚTSALA
ÁRSINS !




8 VERSLANIR UM ALLT LAND

CORSAIR Logitech TOSHIBA SAMSUNG Razer WACOM PHILIPS WD

# TSALA

# Ð AFSLÁTTUR

RÐTÖLVUR • SKJÁKORT • PRENTARAR • SSD DISKAR
• MÓÐURBORÐ • FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR
• VIFTUR • GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ
TIR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR
ÓÐKORT • TÖLVULEIKIR • AFLGJAFAR • LEIKJAMÝS • TURNKASSAR

**OPIÐ ALLA HELGINA!**
**Á SUÐURLANDSBRAUT**
**LAU. 11 - 18 OG SUN. 13 - 18**

NÁNAR UM ALLAR
WWW.TL.IS
ÚTSÖLUVÖRUR

tl.is

**BYRJAÐU 2015 MEÐ AFSLÁTTARVEISLU Á TÖLVUVÖRUM!**

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |



**PISTLAHÖFUNDAR** Sif Sigmarsdóttir rithöfundur og Hrafn Jónsson kvikmyndagerðarmaður hafa verið öflug í samfélagsumræðunni síðasta árið með beittum pistlum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ofsóknarbrjálæði og meðvirkni

**Sif Sigmarsdóttir** og **Hrafn Jónsson** hafa vakið athygli fyrir hárbeitta pistla þar sem allt fær að fjúka. Þau líta til baka og ræða innlendar fréttir ársins 2014 þar sem atvinnupólitíkusa, meðvirkan almenning og Framsóknarskandala ber hæst.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Sif og Hrafn hafa aldrei hist en eru fastur partur af leshring hvort annars á netinu. Þau eru sammála um að árið 2014 hafi verið ansi litskrúðugt fréttaár og af mörgu sé að taka.

**Sif:** Framsóknarflokkurinn setur mark sitt á þetta ár.

**Hrafn:** Hann kom upp í öllum skrýtnum og asnalegum umræðum.

**Sif:** Borgarstjórnarkosningarnar standa upp úr og hvernig flokkurinn ákvað að keyra á þessari múslimaandúð. Ég held að það gæti skilið eitthvað eftir sig og það verður spennandi að fylgjast með þingkosningum næst og sjá hvort þær verði þessu marki brenndar. Svona flokkar sem gera út á þjóðernishroka þekkjast í Skandinavíu og Bretlandi. Hingað til höfum við verið hálfpartinn laus við þetta en það er írónískt að nú hefur Framsókn fært okkur nær Evrópu, flokkurinn sem er svo á móti Evrópu.

**Hrafn:** Þetta var öfga hægrafylgi sem lá á lausu og fólk sá ekki samsvörun í Halldóri Halldórssyni sem er léttur náungi, liberal týpa í flottri úlpu og svona. Þetta var leið Framsóknarflokksins til að komast inn og það sorglega er að það tókst.

**Sif:** Það er gamall frasi úr bandarískri pólitík sem segir að ekki allir demókratar séu hestaþjófar, en allir hestaþjófar séu demókratar. Núna sitja framsóknarmenn uppi með rasista landsins, það þýðir ekkert að allir framsóknarmenn séu rasistar en rasistar eru búnir að finna sér flokkinn til að fylgja.

### Allir sekir í leiðréttingunni

*En ef við færum okkur úr borginni yfir í ríkisstjórnina. Þar gekk ýmislegt á, svo sem 250 króna máltíð og skuldaleiðrétting.*

**Hrafn:** Ég fékk í alvöru svona kvíðagæsahúð þegar þú minntist á þessa skuldaleiðréttingu.

**Sif:** Það er mál sem margir eða jafnvel allir hafa skitið á sig í. Framsóknarflokkurinn lofar þessu, sem er skrýtið loforð. Svo standa þeir við loforðið. Sjálfstæðisflokkurinn sem var með þeim í stjórn var á móti þessu í kosningabaráttunni en tekur svo þátt í þessu. Svo þegar þeir lofa þessum 80 milljörðum fer stjórnarandstaðan að gagga og segja: „Já, en þið lofuðuð meiru!“ En þau voru á móti þessu og af hverju eru þau þá að hvetja þá áfram til að eyða meiri pening? Svo er við kjósendur að sakast sem kusu þetta yfir sig. Þannig að við erum líklega öll sek í þessu máli.

**Hrafn:** Fyrst var þetta réttlætismál. Það átti að stela frá þeim ríku og gefa fátæku. Svo endar þetta á að þessu er stolið úr velferðarkerfinu og gefið til hinna nokkuð ríku.

### Óvinsældir stjórnmálamanna

*Talandi um velferðarkerfið, hvernig líst ykkur á stöðuna á því?*

**Hrafn:** Það er fyndið að kokka ríkisbókhaldið þannig að það séu 80 milljarðar til að setja í skuldaleiðréttingu en alls staðar annars staðar þurfi að skera niður. Þetta er pólitík og hefur ekkert með bókfærslu að gera heldur hugmyndafræði.

**Sif:** Það hefur verið einblínt á lítil, ómerkileg mál þegar stór vandamál blasa við. Það eru til dæmis allir hættir að pæla í hátæknisjúkrahúsum. Nei, það á frekar að senda stofnanir út á land og passa Mjólkursamsöluna og svona smotterí á meðan heilbrigðiskerfið sveltur.

**Hrafn:** Svo vilja engar stofnanir fara og engar hagsýnisástæður eru gefnar fyrir flutningum. Þetta er bara vesen en svo er sagt „við skulum byggja allt þetta land“, eins og tekið upp úr einhverri Mósebók.

**Sif:** Við tölum eins og pólitíkusar séu óvinsælasta fólk landsins, sem þeir eru kannski. Það er svolítið merkilegt á þessu ári að það var einn pólitíkus sem allir vildu halda og það var Jón Gnarr en hann hætti á meðan pólitíkusar sem allir vildu losna við, eins og Hanna Birna, sátu sem fastast.

**Hrafn:** Það er eðli atvinnupólitíkusa. Jón Gnarr var ekki atvinnupólitíkus, honum fór að leiðast og hann ákvað að gera eitthvað annað.

**Sif:** Það er aðdáunarvert en það er líka synd.

**Hrafn:** Hann er fiðrildi sem þú getur ekki fangað. Það sem hann kannski óttast, og ég deili þeim ótta með honum, er hvort þú náir að breyta kerfinu áður en kerfið nær að breyta þér.

### Vænisýki og loftárásir

*Ef við komum inn á lekamálið, þá er það nokkuð sem mallaði allt árið.*

**Hrafn:** Ég held að allt í kringum það mál verði kennt sem skólabókardæmi um hvernig maður eigi ekki að díla við það að gera mistök. Jóhann Páll og Jón Bjarki voru sakaðir um nornaveiðar svo lengi því þeir voru að hamra á þessu en málið er að nornaveiðar eru réttlætanlegar þegar það er norn hinum megin. Þeir hömruðu alla leiðina þar til eitthvað brotnaði.

**Sif:** Það getur ekki hafa verið auðvelt að elta þetta mál. Þeir fengu skít og skömm fyrir. Mér finnst fjölmiðlar hafa átt erfitt ár.

**Hrafn:** Það er verið að hóta blaðamönnum úr æðstu röðum. Það hefur alveg verið þekkt að einhverjir Hells Angels-menn hóti blaðamönnum en núna eru það bókstaflega embættismenn sem hóta að láta reka fólk eða taka peninga af því. Menn eru ekki einu sinni að segja þetta undir rós lengur.

**Sif:** Stjórnmálamenn líta alltaf á það sem persónulega árás þegar það er verið að fjalla um þá. Þeir skilja ekki að fjölmiðlar hafa sinn tilgang líka. Þeir eru fjórða valdið og ber ákveðin skylda til að fjalla um ákveðin mál, en allt í einu er allt orðið einelti og loftárásir.

**Hrafn:** Ég held að þetta sé persónuleikabrestur hjá ákveðnum stjórnmálamönnum. Eins og einn forsætisráðherra sem verður svo sár í viðtölum og svo auðvelt að ná honum upp. Þetta er svona Nixonþema, hann verður alltaf sveittur á efri vörinni þegar hann mætir í viðtal. Þetta snýst ekki bara um pólitík og fjölmiðla. Þetta eru Íslendingar í hnotskurn, það er bannað að rugga bátnum og vera með vesen. Þetta sést á mótmælahreyfingunni Jæja sem gengur út á að vera ekki með hörð mótmæli, heldur syngja og vera dönnuð. Svo voru þau með þögul mótmæli. Ég man ekki hvenær í mannkynssögunni slíkt skilaði nokkrum hlut.

### Vont að mæta framsóknarmanni

*Á meðan fólk er kurteist en tuðar ofan í kaffibollann þá hafa pistlahöfundar aldrei verið jafn grófir og beinskeyttir. Það er kannski verið að reyna að mynda jafnvægi?*

**Hrafn:** Ég held það sé alveg það sama. Ég fæ að vera úti í horni, bak við tölvuna og hamra á hana. Allt gert í öruggri fjarlægð, en ég myndi fá taugaáfall ef ég myndi ímynda mér allt þetta fólk lesa pistlana.

**Sif:** Eina ástæðan fyrir því að ég get skrifað mína pistla er að ég bý ekki á Íslandi. Ef ég ætti á hættu að hitta framsóknarmann í röðinni í Bónus gæti ég ekki skrifað það sem ég er að skrifa. Svona er nálægðin á Íslandi.

> **Ef ég ætti á hættu að hitta Framsóknarmann í röðinni í Bónus gæti ég ekki skrifað það sem ég er að skrifa.**
> *Sif Sigmarsdóttir.*

> **Ég fékk í alvöru svona kvíðagæsahúð þegar þú minntist á þessa skuldaleiðréttingu.**
> *Hrafn Jónsson.*

**Hrafn:** Ég rekst mjög oft á Björn Leifsson í Laugum og hef skrifað ljót orð um hann. Ég hugsa alltaf með mér þegar ég sé hann hvort hann viti af mér og hvað hann hugsi um mig. Ætli hann segi upp áskriftinni minni?

*Erum við ekki fagleg í stjórnmálaumræðunni?*

**Hrafn:** Alls ekki. Fólk er ekki orðið nógu þroskað til að vera í pólitík. Þú getur ekki notað fjölmiðla til að koma þínum málum á framfæri en farið svo í fýlu þegar þú ert gagnrýndur. En varðandi fréttaárið í heild þá held ég að hraðinn á fréttum hafi aldrei verið meiri vegna samfélagsmiðlanna. Ef eitthvað kveikir neista á samfélagsmiðlum þá er það bara bál og brennur svo hratt. Ég upplifi að málið sé búið að vera í umfjöllun í mánuð þegar það er bara búið að vera einn dag á Facebook enda fjölmiðlar búnir að taka þúsund vinkla á málið áður en dagurinn er liðinn. Pólitíkusar eru líka að díla við þetta, fréttatilkynning fær ekki bara að malla og þeir hafa ekki eins mikla stjórn á umfjöllun. Ætli það sé ekki þess vegna sem þetta er ár upplýsingafulltrúans? Fyrir fimm árum voru engir upplýsingafulltrúar!

## ÁRAMÓTATÓNLEIKAR

**Perlur íslenskra sönglaga er sívinsæl tónleikaröð sem hefur verið fastur liður í sumardagskrá Hörpu frá opnun hússins. Í dag og á morgun verða haldnir áramótatónleikar í sömu röð og meðal annars sungið um álfa, huldufólk, tröll og útilegumenn.**











# FITUBRENNSLA Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

**ICECARE KYNNIR** *Chili Burn-töflurnar auka brennslu, örva meltingu og minnka sykurlöngun. Sævar Guðmundsson hefur lést eftir að hann fór að taka Chili Burn.*

Chili Burn-töflurnar eru byltingarkenndar töflur sem hjálpa til við fitubrennslu á náttúrulegan hátt. Töflurnar innihalda chili-jurtina sem eykur brennslu, grænt te sem örvar meltinguna, króm sem minnkar sykurlöngun, piparmintuolíu sem dregur úr uppþembu og vindgangi ásamt B-vítamíni og magnesíumi. Chili Burn virkar þannig á þrefaldan hátt; það eykur brennslu, örvar meltinguna og minnkar sykurlöngunina.

### HJÁLPAR TIL VIÐ AÐ LÉTTAST

Sævar Már Guðmundsson hefur lengi átt í baráttu við aukakílóin og hefur hreyfing verið helsta ástæða þess að hann hefur ekki verið í ofþyngd. „Fyrir nákvæmlega ári síðan var ég í mjög góðum málum og búinn að vera að léttast töluvert á hálfu ári á undan. Þá hafði ég tekið mataræðið í gegn svo um munaði og hreyfði mig mikið. Álag í vinnunni gerði það svo að verkum að í upphafi þessa árs fór ég að hafa minni tíma til að æfa og borða rétt og fór þá að þyngjast aftur," segir Sævar.

Í lok ágúst fór Sævar aftur að mæta í ræktina. „Þetta snýst allt um sjálfsaga og ég fann það á fyrstu skiptunum mínum að ég þurfti breytingu í öllu. Ég skráði mig í fasta tíma í ræktinni og æfi í það heila fimm sinnum í viku. Eftir að ég sá auglýsingu um Chili Burn í byrjun september ákvað ég að prófa það. Tæpum tveimur mánuðum síðar hafði ég lést um rúm fjögur kíló og fituprósenta lækkað um tæp fjögur prósentustig."

### SYKURÞÖRFIN MINNI

Sævar tekur Chili Burn-töfluna kvölds og morgna og hann telur það hjálpa til við að halda bruna gangandi allan daginn. „Með réttu mataræði hjálpar þetta mikið. Auk þess finnst mér þörfin í sykur hafa minnkað, mig langar ekki eins mikið að fá mér gosdrykki eða nammi eins og áður. Ég leyfi mér það þó einu sinni í viku."

Hann segir það lykilatriði að hafa trú á þessu öllu saman. „Hreyfing skiptir mig miklu máli og rækt á líkamanum til að viðhalda hraustlegu útliti. Chili Burn hjálpar til við að halda niðri sykurþörf og mataræðinu í lagi auk þess sem það er vatnslosandi," segir Sævar.

### FRAMLEITT Í SKANDINAVÍU

Sænskir sérfræðingar hjá New Nordic hafa þróað þessar nýju töflur byggðar á efnum úr chili-plöntunni. Þykkninu hefur verið blandað saman við önnur náttúruleg efni sem innihalda katekín-andoxunarefni. Klínískar rannsóknir, sem hafa verið birtar í vísindatímaritinu Obesity, sýna fram á að sama magn af þeim innihaldsefnum sem eru í töflunum getur dregið úr líkamsfitu. Sérfræðingarnir bættu piparmintuolíu við töfluna, sem dregur úr uppþembu og vindgangi.

Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að hámarka gæðin bæði úr chili-plöntunni og öðrum innihaldsefnum, allt frá vinnslu þar til neytandinn tekur við þeim.



**MINNI SYKURÞÖRF**
Sævar langar síður í sælgæti og gos eftir að hann byrjaði að taka Chili Burn.
MYND/STEFÁN




**CHILI BURN TÖFLURNAR**
eru ekki ætlaðar fólki með skerta lifrarstarfsemi eða lifrarsjúkdóma. Chili Burn skal taka með mat. Ætlað eldri en 12 ára.






### SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

Allar vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.

IceCare – Þín heilsa
















**UNGLEGUR** Á afmælisdögum sínum hefur Sölvi fengið allar bensínstöðvargjafir sem finna má auk jólagjafa sem aðrir ekki vildu. MYND/GVA

# MINN NÁTTÚRULEGI ALDUR ER NÍTJÁN

**FERTUGUR** *Hagfræðingurinn og tónlistarmaðurinn Sölvi Blöndal fagnar fertugu í dag. Hann hefur velt því fyrir sér að stofna sjálfshjálparsamtök fyrir fólk sem á afmæli á vörutalningardögum.*

Þegar ég hélt upp á tvítugsafmælið mitt fyrir tuttugu árum var það vægast sagt mjög lifandi samkoma. Á þeim tíma fannst mér ég vera ódrepandi. Helsti munurinn á mér þá og nú er kannski sá að mér finnst ég ekki lengur ódrepandi," segir Sölvi Blöndal, sjóðsstjóri hjá Gamma, sem líklega er þó þekktastur sem forsprakki rappsveitarinnar Quarashi.

Afmælispartíið nú tuttugu árum síðar verður á mun lágstemmdari nótum. „Fjölskylda mín og vinir ætla að koma í lítið boð hjá mér á laugardagsmorgun og styðja mig þessi erfiðu skref inn í eyðimörk fimmtugsaldursins," segir hann glettinn en bætir við að hann spái annars lítið í aldur. „Ég óttast ekki að verða fertugur. Þegar yngra fólk spyr mig að aldri verður það oft hissa á svarinu. Ég hef kosið að túlka það þannig að ég líti út fyrir að vera yngri en ég er," segir hann brosandi.

## KLASSÍSKAR BENSÍNSTÖÐVARGJAFIR

Þriðji janúar er vel þekktur leiðindaafmælisdagur. „Ég hef vanist því að hann falli í skugga af hátíðahöldunum auk þess sem hann er klassískur vörutalningardagur," segir Sölvi, sem á þó nokkrar minningar af bensínstöðvargjöfum, enda fáar aðrar verslanir opnar þennan dag. „Ég hef fengið þær allar og líka jólagjafir sem einhver annar vildi ekki," segir hann hlæjandi. Hann segist þó ekki vera bitur. „Samt hef ég stundum hugsað til systur minnar sem á afmæli 4. júlí sem er ótrúlega skemmtilegur dagur. Fæðingardagur Martins Luthers King, þjóðhátíðardagur Bandaríkjanna og oft gott veður. En þetta er sá afmælisdagur sem ég á og ég þekki ekki annað."

Sölvi hefur í gegnum tíðina hitt þjáningarbræður og -systur sem eiga sama afmælisdag. „Við höfum í huga að stofna sjálfshjálparsamtök fyrir fólk sem á þennan afmælisdag sameiginlegan," segir hann og hlær stríðnislega.

## BREIÐSKÍFA Í AFMÆLISGJÖF

Sölvi er í hljómsveitinni Halleluwah ásamt vinkonu sinni Rakel Mjöll Leifsdóttur og munu þau gefa út sína fyrstu breiðskífu í byrjun mars. „Mér fannst tilvalið að gefa út mína fyrstu breiðskífu í ellefu ár á þessu afmælisári. Það verður mín eigin afmælisgjöf til mín sjálfs," segir Sölvi en hann gaf síðast út plötu með Quarashi árið 2004. Sölvi segir hljómsveitina spila melódískt indípopp. „Platan er að mestu leyti tekin upp í stofunni heima en við höfum unnið hana yfir mjög langan tíma þar sem Rakel hefur verið búsett í Brighton."

Inntur eftir nafni hljómsveitarinnar útskýrir Sölvi; „Halleluwah er nafn á lagi með einu af mínum uppáhaldsböndum, Can, sem er gamalt þýskt síxtísband. Can var mínímalísk hljómsveit skipuð hippum sem hippuðu yfir sig," lýsir hann.

## GLÆNÝTT LEYNDARDÓMSFULLT ÁHUGAMÁL

Annað markmið Sölva á afmælisárinu er að fara að stunda eitthvert glænýtt áhugamál. „En hvað það verður er hernaðarleyndarmál og það væri ósiðlegt að gefa það upp," segir Sölvi en fæst þó til að viðurkenna að áhugamálið verði bæði líkamlegt og huglægt en þó ekki íþrótt. „Ég er ekki að fara að kasta kringlu," segir hann og skellir upp úr.

Ástæðan fyrir því að Sölvi leitar nú að nýju áhugamáli er að hann þarf að setja annað áhugamál á pásu í bili. Fyrir ári lenti hann í alvarlegu snjóbrettaslysi og hryggbrotnaði. „Mér líður miklu betur og þetta ár hefur einkennst af mikilli framför. Ég er samt ekki tilbúinn að stökkva upp á fjall aftur."

Hann segist hafa þroskast mikið á þessu ári. „Maður bætir við sig nokkrum örum á fjörutíu árum en samt er ég alltaf óttalega nítján ára í huganum. Ég hugsa að það sé minn náttúrulegi aldur. Ég er samt ekki alveg jafn vitlaus og ég var þá."

solveig@365.is

## EKKI JAFN VITLAUS

„Maður bætir við sig nokkrum örum á fjörutíu árum en samt er ég alltaf óttalega nítján ára í huganum. Ég hugsa að það sé minn náttúrulegi aldur. Ég er samt ekki alveg jafn vitlaus og ég var þá."

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jónatan Atli Sveinsson**, jonatan@365.is, s. 512 5446 **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

# AUÐVELDAR HREINSUN

**ICEPHARMA KYNNIR** *Margir finna reglulega hjá sér þörf til að hreinsa líkamann. Inner Cleanse er fæðubótarefni sem er hannað til að aðstoða líkamann við hreinsun. Hreinsunin stuðlar að aukinni orku og vellíðan.*

Eiturefni og mengun sem fylgja nútíma lífsstíl gera það að verkum að margir finna hjá sér þörf til að hreinsa líkamann. Sumir næringarfræðingar mæla með einstaka hreinsun til þess að losa líkamann við skaðleg aukaefni og stuðla þannig að aukinni orku og vellíðan.

Inner Cleanse er fæðubótarefni sem er hannað til að aðstoða líkamann við hreinsun en einnig til að útvega honum þau vítamín sem hann þarf nauðsynlega á að halda til þess að geta sinnt daglegum störfum.

Töflurnar innihalda meðal annars C- og D-vítamín sem eru öllum nauðsynleg, sérstaklega yfir vetrartímann. Þær innihalda líka kopar og járn sem hjálpar til við viðhalda orku, zink og seleni sem vernda frumurnar og B12 sem dregur úr þreytu. Í Inner Cleanse-töflunum er líka þykkni (e. extract) úr ætiþistil og greipi en ætiþistillinn er mjög næringarríkur og hefur góð áhrif á starfsemi lifrarinnar og greipið er vatnslosandi sem hjálpar til við hreinsun líkamans.




**TILVALIÐ SAMHLIÐA HREINSUN** Töflurnar innihalda fæðubótarefni sem eru tilvalin til hreinsunar.

## INNER CLEANSE – 15 DAGA HREINSUNARKÚR

- **Inner Cleanse hjálpar líkamanum að losa sig við óæskileg aukaefni á náttúrulegan hátt. Þetta eru efni sem eiga það til að safnast upp í líkamanum og geta verið skaðleg.**
- **Töflurnar hafa góð áhrif á heilsuna og innihalda fæðubótarefni sem eru tilvalin til hreinsunar.**
- **Töflurnar innihalda C- og D-vítamín, kopar og járn til að viðhalda orku.**
- **Töflurnar innihalda zink og selen sem vernda frumurnar fyrir streitu.**
- **Mælt er með því að huga vel að mataræðinu meðan á hreinsun stendur og halda koffínneyslu, áfengisneyslu, sykurneyslu og neyslu á unninni matvöru í lágmarki.**
- **Nauðsynlegt er að drekka vel af vatni og borða 5-7 skammta af ávöxtum samhliða hreinsun.**
- **Dagskammtur: 2 töflur á dag með mat.**
- **Ekki er nauðsynlegt að taka fjölvítamín með.**
- **Sjá nánar á Vítamín.is / Facebook.**
- **Fæst í flestum apótekum.**

# SYKURLÖNGUNIN HVARF

**MIKLU BETRI LÍÐAN** *Björg Gilsdóttir hefur góða reynslu af fæðubótarefninu Inner Cleanse. Hún varð strax orkumeiri, losnaði við allar bólgur í líkamanum og sykurlöngunin hvarf. Sykurlöngunin gerði ekkert vart við sig um hátíðarnar.*

Björg Gilsdóttir, starfsmaður hjá Aðalskoðun, prófaði Inner Cleanse hreinsikúr í lok nóvember og sér ekki eftir því.

„Ég fann mikinn mun um leið og ég hóf inntöku á Inner Cleanse. Ég varð strax orkumeiri, sykurlöngunin hvarf nánast frá fyrsta degi sem gerði þetta allt mun auðveldara," segir Björg, sem er fimm kílóum léttari í dag.

Björg fann líka mikinn mun á húðinni. „Hún varð rosalega góð og mér fannst ég mun frísklegri. Mér fannst ég losna við allar bólgur og varð ekki þrútin eftir neinn mat sem skýrist eflaust líka af því að ég var samhliða kúrnum að borða hreinni mat."

Björgu finnst sykurlöngunin mun minni nú eftir að hún lauk við að taka töflurnar. „Ég var líka alveg laus við sykurlöngun um jólin. Mér leið það vel að ég hlakka til að taka næsta skammt."



**STRAX ORKUMEIRI** Björg fann mikinn mun á húðinni og fannst hún verða mun frísklegri. Hún losnaði jafnframt við bólgur og varð ekki þrútin eftir mat. MYND/GVA

# EINN AF ÞEIM STÓRU Í BOLTANUM

**LANDSLIÐSÞJÁLFARI** *Handknattleiksmaðurinn Dagur Sigurðsson hefur búið víða um heim og lengst af í Þýskalandi en hann er þjálfari þýska landsliðsins. Hann er kominn hingað til lands ásamt liði sínu til að spila vináttulandsleiki við íslenska landsliðið.*



**ÞJÁLFARINN** Dagur segir verkefnið sem hann hafi tekið að sér vissulega vera stórt en að það séu forréttindi að fá að gegna stöðu landsliðsþjálfara.

MYND/SASCHA KLAHN/DHB

Dagur Sigurðsson gegnir einu af stóru störfunum í handboltaheiminum en hann er eins og margir vita þjálfari þýska landsliðsins. Auk þess hefur hann þjálfað lið Füchse Berlin í þýsku Bundesligunni frá 2009.

Áður en hann hætti að spila sjálfur lék hann sem atvinnumaður með liðum víða um heim; í Japan, Austurríki og Þýskalandi, en hann hefur einnig þjálfað í þessum löndum.

**ENGIN DRAMATÍK LENGUR**

Dagur játar því að þjálfaraverkefnið sem hann tók að sér í ágúst sé stórt en það fylgi því mikill heiður að hafa fengið það. Þýska liðið mætir því íslenska í vináttuleikjum á morgun og á mánudag en þetta er ekki í fyrsta skipti sem Dagur spilar gegn Íslandi þar sem hann þjálfaði austurríska landsliðið um tíma og mætti þá löndum sínum í nokkrum leikjum.

„Það er alltaf svolítið skrítið að spila á móti Íslandi og enn frekar að spila heima í Laugardalshöll. Þetta verður skrítið og skemmtilegt í senn en ég er nú hættur að sjá einhverja dramatík í þessu, við erum líka orðnir nokkrir Íslendingar sem erum með önnur landslið,“ segir Dagur og vísar í þá Guðmund Guðmundsson, þjálfara danska landsliðsins, og Patrek Jóhannesson, þjálfara austurríska liðsins, en auk þeirra er Þórir Hergeirsson, þjálfari norska kvennalandsliðsins, og af þessu má sjá að íslenskir þjálfarar hafa náð góðum árangri á erlendri grund að undanförnu. Dagur segir hægt að skrifa þennan góða árangur á ýmislegt. „Við Íslendingar erum ekki mikið að setja okkur á stall. Við erum vinnusöm þjóð og getum unnið með fólki af öllu þjóðerni. Ísland er líka lítið land og stutt á milli manna og því auðvelt að ná sér í þekkingu og skiptast á skoðunum.

Það er líka komin góð reynsla af íslenskum þjálfurum úti sem spyrst fljótt út, Alfreð Gíslason ruddi brautina fyrir okkur hina,“ segir hann og brosir.

**BERLÍN ER LIFANDI BORG**

Dagur og fjölskylda hans, eiginkonan Ingibjörg Pálmadóttir og þrjú börn þeirra á aldrinum tólf til sautján ára, hafa búið undanfarin fimm ár í Berlín og láta vel af lífinu þar. „Ég hef verið mjög heppinn að fá að vera í þessari íþrótt hér í Þýskalandi og það í höfuðborginni Berlín. Við hefðum hugsanlega ekki rifið okkur upp aftur frá Íslandi fyrir einhvern annað stað. Niðurstaðan varð að við fórum fyrir tvö ár en þau verða orðin sex þegar samningurinn minn rennur út. Berlín er skemmtileg og lifandi borg og við erum ánægð hér og börnin líka þrátt fyrir að maður finni alltaf fyrir einhverri smá heimþrá.“

**ORÐINN JAFN SKIPULAGÐUR OG ÞJÓÐVERJI**

Þrátt fyrir að vera afskaplega upptekinn í starfi sínu segist Dagur léttur í bragði finna sér tíma til að stunda áhugamálin. „Ég hrúga inn áhugamálunum og hef alltaf nógan tíma fyrir þau. Þegar við komum heim til Íslands í sumarfrí er nánast hver mínúta skipulögð í veiðiferðir, hestaferðir og útilegur með fjölskyldunni. Ég er farinn að líkast Þjóðverjanum að því leyti að ég er allan veturinn að skipuleggja sumarið og það er allt niðurneglt,“ segir hann og hlær. Hann bætir því við að hann fylgist vel með tónlist, sérstaklega þeirri íslensku og glamri jafnvel sjálfur eitthvað á gítar.

**DREYMIR UM AÐ BÚA Á ÍSLANDI**

Samningur Dags við Füchse Berlin rennur út í sumar og þá tekur arftakinn, íslenskur að sjálfsögðu, Erlingur Richardsson, við. Dagur verður landsliðsþjálfari Þýskalands næstu árin en hann skrifaði undir samning sem gildir allt til ársins 2020. „Samningurinn er langur en hann er alltaf uppsegjanlegur og svo er það líka þannig í boltanum að ef liðið tapar bara og tapar þá er þjálfarinn rekinn. Starfið er hins vegar þannig að ég get búið hvar sem er og okkur langar að koma heim og búa á Íslandi.

Áður en við komum til Berlínar vorum við nokkurn veginn búin að fá nóg af því að búa úti eftir tíu ára útiveru. Það breytist líka margt í sumar og verður eflaust minna að gera hjá mér en núna er ekki algengt að ég fái tveggja daga frí eins og ég fékk núna um áramótin,“ segir Dagur sem tók forskot á Íslandssæluna og fór á undan liði sínu til landsins og eyddi áramótunum hér á landi en liðið kom í gær.

**LÉTTUR Í STARFINU**

Þýska liðið var lengi vel á meðal fremstu liða heims og varð meðal annars heimsmeistari árið 2007. Leiðin hefur þó legið heldur niður á við og síðustu árin hefur liðið ekki unnið nema um helming þeirra leikja sem það hefur spilað.

„Þjóðverjarnir lifðu svolítið á þeim góða árangri og gleymdu sér í gleðinni. Þeir hlúðu ekki nægilega vel að ungu leikmönnunum sínum og endurnýjuðu ekki liðið jafnóðum og þá endar með því að það kemur högg. Ég hef einsett mér að vera bara léttur í starfinu, liðið þarf á því að halda og þetta þarf að vera gaman og menn verða virkilega að vilja koma og spila fyrir liðið og fórna sér. Það gerist ekki nema það sé smá gleði og það hefur einmitt einkennt íslenska landsliðið síðustu áratugi. Fyrsta skrefið hjá mér er að reyna að bæta árangurinn og vinna fleiri leiki. Ég er ekki með neina draumóra um að allt detti í gírinn og við spilum með bestu þjóðum innan skamms. Þetta verður löng leið og ekki einu sinni víst að ég nái að taka verkefnið til enda. Annars eru það forréttindi að fá að gegna þessu starfi og ég ætla að reyna að njóta þess þau ár sem ég fæ að gera þetta.“



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-2886

# Okkur vantar



# helling af fólki

## Ert þú forritari, gagnagrunnssérfræðingur, tölvunarfræðingur, verkfræðingur, reynslubolti, kóðaséní, nýgræðingur eða bara með mikla þekkingu og brennandi áhuga á upplýsingatækni?

Meðal verkefna í boði eru hugbúnaðarverkefni á sviði app-forritunar (Android og iOS), vefforritunar, samþættingar, öryggislausna, skólalausna, Sharepoint, CRM, Service Now, lausna- og vöruþróunar, fjármálalausna og stjórnsýslulausna. Okkur vantar líka fólk í verkefni tengd högun, þróun og rekstri gagnagrunna.

Ef þú hefur áhuga á að starfa við hlið sérfræðinga í fremstu röð hvetjum við þig til að senda okkur umsókn. Þú finnur allar upplýsingar um laus störf á vefnum okkar advania.is

**Við viljum vera besti vinnustaður landsins!**
Advania er alhliða þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Lausnir fyrirtækisins svara þörfum tugþúsunda viðskiptavina í atvinnulífinu. Advania er fjölskylduvænn vinnustaður og er vinnutíminn sveigjanlegur. Virk jafnréttisstefna og samgöngustefna er hjá fyrirtækinu og í höfuðstöðvum fyrirtækisins við Guðrúnartún er góð líkamsræktaraðstaða og leikherbergi. Ef þú leitar að spennandi verkefnum, góðu vinnuumhverfi og hressum vinnufélögum, þá finnurðu það hjá okkur.

**www.advania.is/atvinna**

advania
Welcome to IT

# Við leitum að STARFSMÖNNUM

Við leitum að öflugu fólki til starfa á framleiðslusviði í verksmiðju okkar í Reykjavík og á Akureyri. Um er að ræða fjölbreytt starf í umhverfi þar sem miklar kröfur eru gerðar til öryggis-, umhverfis- og gæðastjórnunar.

## TÆKNIMAÐUR - AKUREYRI

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**
- Viðhald, breytingar og eftirlit með vélbúnaði.
- Gera við bilanir er upp kunna að koma í verksmiðju.
- Skráning á upplýsingum um viðhald og eftirlit.
- Umsjón með og ábyrgð á verkfærum.
- Önnur verkefni sem yfirmaður felur starfsmanni.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**
- Menntun í vélvirkjun, rafvirkjun eða sambærilegu.
- Reynslu af viðhaldi og rekstri vélbúnaðar.
- Reynslu af störfum í framleiðslufyrirtæki og af framleiðsluvélum er kostur.
- Reynslu úr starfsumhverfi þar sem miklar kröfur eru gerðar til öryggis- og gæðamála er kostur.

## TÆKNIDEILD - RAFVIRKI

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**
- Viðhald, breytingar, eftirlit og uppsetning á vélbúnaði.
- Viðhald og breytingar á húsi og lóð.
- Kvörðun og prófun á framleiðslumælum.
- Önnur verkefni sem yfirmaður felur starfsmanni.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**
- Menntun á sviði rafvirkjunar.
- Reynslu af viðhaldi og rekstri vélbúnaðar.
- Reynslu af störfum í framleiðslufyrirtæki og af framleiðsluvélum er kostur.
- Reynslu úr starfsumhverfi þar sem miklar kröfur eru gerðar til öryggis- og gæðamála er kostur.

## STARFSMAÐUR Í GÆÐAEFTIRLIT/Á RANNSÓKNARSTOFU

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**
- Gæðaeftirlit á framleiðsluvörum fyrirtækisins.
- Mælingar og skráning á eðlis- og efnafræðilegum þáttum.
- Móttökueftirlit og skráning á hráefnum.
- Mælingar og skráning í frárennslishreinsistöð.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**
- Stúdentspróf.
- Reynsla af gæðaeftirlit og störfum á rannsóknarstofu.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Tölvukunnátta s.s. word og excelverkhæfni.
- Reynsla úr starfsumhverfi þar sem miklar kröfur eru gerðar til öryggis- og gæðamála er kostur.




**UMSÓKNIR ÓSKAST FYLLTAR ÚT Á WWW.VIFILFELL.IS.**
**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 11. JANÚAR 2015.**

Vífilfell

Vífilfell er framsækið markaðs- og þjónustufyrirtæki sem starfar fyrst og fremst á sviði drykkjarvöru. Vörumerkjaflóra Vífilfells samanstendur af mörgum af þekktustu vörumerkjum veraldar og eru vörumerki frá The Coca-Cola Company þar fremst í flokki. Við bjóðum upp á krefjandi starfsumhverfi þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og tækifæri til starfsþróunar.

***Gildi Vífilfells eru traust, virðing, frumkvæði og agi.***

---

fagtækni

## Rafvirkjar óskast til starfa!

Vegna aukinna verkefna óskast rafvirkjar til starfa sem fyrst á höfuðborgarsvæðinu. Hægt er að sækja um starf með því að senda tölvupóst á netfangið
**fagtaekni@fagtaekni.is**
eða hafa samband í síma 660 6904 (Eiríkur)

---

## BIFVÉLAVIRKI Á VERKSTÆÐI SUZUKI

Bifvélavirki óskast til starfa á verkstæði Suzuki.
Á verkstæði Suzuki starfar frábær hópur fagmanna, þar sem margir eru með yfir áratuga reynslu í faginu.

Suzuki er líflegur og skemmtilegur vinnustaður, vertu með okkur og sæktu um.

**Umsóknarfrestur er til 8. janúar.**
**Ferilskrá sendist á verkstaedi@suzuki.is**

SUZUKI Way of Life!

Suzuki Þjónustan • Skeifunni 17 • 108 Reykjavík • 568 5100

---

MJ MARTA JONSSON

# *Verslunarstarf*
## *í Reykjavík*

Ertu með jákvæða þjónustulund, stundvís og hefur brennandi áhuga á skóm?

***Leitum að fólki í eftirfarandi stöður:***

- Fullt starf
- 50% starf eftir hádegi
- Kvöld- og helgarstarf

Áhugasamir sendi ferilskrá á hr@martajonsson.com ásamt mynd.

www.martajonsson.com

---

# Viðskiptablaðamaður

## Viltu slást í hóp öflugustu blaðamanna landsins?

Okkur vantar blaðamann viðskiptafrétta á Vísi og Fréttablaðið.
Í boði er áhugaverð vinna á skemmtilegum vinnustað í stöðugri sókn.

**Umsækjandi þarf:**
- að hafa góða þekkingu á íslensku samfélagi og áhuga á málefnum líðandi stundar
- að hafa reynslu og brennandi áhuga á viðskipta- og þjóðmálum
- að hafa gott vald á íslenskri tungu
- að vera fær í mannlegum samskiptum
- að geta unnið undir álagi

Reynsla af frétta - og blaðamennsku er skilyrði. Áhugasamir sæki um á 365midlar.is.

**Umsóknarfrestur er til 17. janúar.** Frekari upplýsingar gefur Kristín Þorsteinsdóttir, aðalritstjóri 365, kristinth@365.is



2 | FRÉTTIR FRÉTTABLAÐIÐ BYLGJAN 989 vísir 365

Heilsuver

## Heilsuver Suðurlandsbraut 22 óskar eftir starfsmanni.

Um er að ræða afgreiðslu og ráðgjöf til viðskiptavina, pantanir og almenna umsjón með búðinni í samráði við verslunarstjóra. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á heilsuvörum og heilbrigðum lífsstíl, þjónustulund, góða menntun sem nýtist í starfi og hreint sakavottorð.

**Umsóknir/fyrirspurnir ásamt ferilskrá skal senda á alli@lyfjaver.is fyrir 15. janúar n.k.**

## Capacent Ráðningar

Með faglegum aðferðum við mat og val á milli umsækjenda, aukast líkurnar á að finna rétta einstaklinginn í starfið. Starfsfólk Capacent býr yfir áralangri þekkingu á notkun matstækja og valaðferða í ráðningarferli og til notkunar við starfsþróun innan fyrirtækja.

**www.capacent.is**

capacent

## *Verslunarstjóri Jólahússins*




**Jólahúsið í Hafnarstræti 4, Reykjavík, óskar eftir að ráða verslunarstjóra.**

Í starfinu felst daglegur rekstur verslunarinnar þ.e. að sjá um útlit verslunarinnar, fylgjast með vöruúrvali, sjá um pantanir og uppgjör, starfsmannamál, þjónusta og afgreiðsla ásamt öðru sem tilheyrir starfinu.

Leitað er að jákvæðum, ábyrgðarfullum og drífandi starfsmanni með reynslu af verslunarstjórn. Viðkomandi þarf að kunna ensku og hafa jákvætt viðmót, hafa gaman af mannlegum samskiptum og áhuga á að byggja upp verslun með góðu teymi starfsmanna. Síðast en ekki síst þarf viðkomandi að vera mikið „jólabarn“ í sér.

Nánari upplýsingar veitir Elín Friðjónsdóttir hjá Vinna.is elin@vinna.is
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Vinna.is: www.vinna.is

vinna.is

## ALÞJÓÐLEGUR VIÐSKIPTASTJÓRI – KEY ACCOUNT MANAGER

Made in Iceland
BIOEFFECT

Sif Cosmetics sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á húðvörum er byggja virkni sína á frumuvökum sem móðurfélag þess, **ORF Líftækni hf.**, framleiðir með líftækni í plöntum. Húðvörur félagsins hafa einstaka virkni vegna frumuvakanna sem félagið hefur þróað. BIOEFFECT eru hágæða húðvörur sem seldar eru í yfir 700 verslunum um allan heim. Fyrirtækið vinnur með dreifiaðilum í 25 löndum.

**Sif Cosmetics ehf. óskar eftir að ráða metnaðarfullan og reyndan einstakling í starf alþjóðlegs viðskiptastjóra.**

Leitað er að framúrskarandi einstaklingi sem nær árangri í starfi og er tilbúinn að takast á við skemmtilegt og fjölbreytt verkefni.

Helstu verkefni viðskiptastjóra eru uppbygging og eftirfylgni á sölustarfi félagsins erlendis með umsjón og daglegum samskiptum við dreifiaðila.

**Menntun og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Hagnýt reynsla af sölu- og markaðsmálum
- Afburða samskipta- og leiðtogahæfileikar
- Reynsla af gerð og eftirfylgni sölu og markaðsáætlana
- Þekking og reynsla af sölu og markaðssetningu erlendis
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Mjög gott vald á ritaðri og talaðri ensku er skilyrði

**Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent ráðninga, www.capacent.is.**

Umsjón með starfinu hefur Auður Bjarnadóttir audur.bjarnadottir@capacent.is og Erik Christianson Chaillot erik.chaillot@capacent.is hjá Capacent ráðningum. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.




capacent

## Þjóðminjasafn Íslands

**óskar eftir rekstraraðila til að taka að sér veitingarekstur í Safnahúsinu við Hverfisgötu.**

**Sá sem annast veitingareksturinn þarf að:**

- Vera fær um að sinna fjölbreyttum hópi sýningargesta, fundargesta og annarra gesta.
- Geta boðið fjölbreyttar veitingar sem henta starfsemi hússins.
- Hafa reynslu og hæfni til að sinna veitingarekstrinum af alúð, smekkvísi og metnaði.
- Búa yfir góðri samskiptahæfni og vera tilbúinn að þróa reksturinn í takt við reynslu og þarfir hússins hverju sinni.

Safnahúsið við Hverfisgötu er friðuð bygging sem á sér aldargamla sögu og er af mörgum álitið eitt fegursta hús Reykjavíkur. Í lok mars 2015 opnar Þjóðminjasafn Íslands Safnahúsið með nýrri sýningu Sjónarhorn/Points of View um sjónrænan íslenskan menningararf sem er samstarfsverkefni Landsbókasafns-Háskólabókasafns, Listasafns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðminjasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands. Í húsinu verður jafnframt nýinnréttuð safnbúð, fundaraðstaða og nýhönnuð veitingastofa þar sem gert er ráð fyrir kaffihússveitingarekstri og léttum veitingum. Auk þess nær veitingareksturinn til veitingaþjónustu viðburða og funda.

Þjóðminjasafn Íslands tekur öllum umsóknum af opnum huga en mikilvægt er að bragur veitingastarfseminnar falli vel að yfirbragði nýrrar sýningar og friðaðrar byggingar. Áhugasömum er bent á að nálgast umsóknarform og frekari upplýsingar um rekstrarfyrirkomulag með því að hafa samband við tengiliði verkefnisins Þóru Björk Ólafsdóttur s. 530 2235 thora.bjork@thjodminjasafn.is eða Guðrúnu Garðarsdóttur s. 530 2217 gudrun.gardarsdottir@thjodminjasafn.is

**Umsóknarfrestur er til og með miðvikudeginum 14. janúar 2015.**

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*

MOSFELLSBÆR — Lágafellsskóli

## Laus störf við Lágafellsskóla Mosfellsbæ

**Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar semeinkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND eru höfð að leiðarljósi**

Vegna forfalla auglýsum við eftir **bókasafnsfræðingi** til starfa fram í júní. Vinnutími 08:00 – 15:00. Viðkomandi þarf að geta hafið strax störf.

Þurfum einnig að bæta við okkur **stuðningsfulltrúa/frístundaleiðbeinanda.** Meginverkefni er aðstoð við nemenda í kennslustundum, frímínútum, matartímum, í búningsklefum drengja og í frístundastarfi. **Sérstaklega er leitað eftir karlmanni til starfans.** Vinnutími frá kl. 08:00 og viðkomandi þarf að geta hafið strax störf.
**Nánari upplýsingar um störfin er að finna á www.mos.is og www.lagafellsskoli.is**

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is.
**Upplýsingar um störfin veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525-9200 eða 896-8230.**

**Umsóknarfrestur um störfin er til og með 9. janúar 2015**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga. Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

FISKISTOFA
Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

*Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, hvalveiða o.fl. ásamt því að safna upplýsingum um framangreinda málaflokka. Nánari upplýsingar má finna á www.fiskistofa.is.*

***Gildi Fiskistofu eru traust, framsækni og virðing***

## Staða veiðieftirlitsmanns á starfsstöð Fiskistofu í Stykkishólmi

### Fiskistofa óskar að ráða veiðieftirlitsmann á starfsstöð sína í Stykkishólmi.

**Helstu verkefni:**
- Eftirlit á sjó.

Eftirlit á sjó felst m.a. í lengdarmælingum á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, eftirliti með aflasamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti afla. Þá fylgjast veiðieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og séu í samræmi við veiðar og afla um borð.
- Eftirlit í landi.

Eftirlitsstörf í landi fela m.a. í sér eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðarfærum og aflasamsetningu, lengdarmælingar á afla og eftirlit með færslu og skilum afladagbóka. Starfið felur einnig í sér skrifstofustörf s.s. skýrsluvinnu þegar vettvangsstörfum lýkur, að fylgjast með löndunum og skráningum í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og öflun gagna vegna brotamála sem upp koma.

**Hæfniskröfur:**
- Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem hefur reynslu af störfum í sjávarútvegi.
- Góð íslensku- og tölvukunnátta er áskilin.
- Sjálfstæði, fagmennska og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.

Skipstjórnarréttindi er kostur.

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veita Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir, sviðsstjóri veiðieftirlitssviðs í síma 5697977 og Þórhallur Ottesen deildarstjóri veiðieftirlits í síma 5697932.
Umsóknir er hafa að geyma haldgóðar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið ingath@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði merktar „Veiðieftirlitsmaður Stykkishólmi".
**Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar 2015.**
Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur hvattar til að sækja um jafnt sem karlar.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglu nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

RÁÐGJÖF
Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

RÁÐNINGAR
Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

RANNSÓKNIR
Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir
Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

Réttingaverkstæði Þórarins
GRETTISGÖTU 87 • Rétt við Hlemm • 105 Reykjavík

## Starfsmenn óskast

Óskum eftir Bílamálara og Bílasmiði, eða vönum mönnum í réttingu og málningu
Upplýsingar í síma: 893-7277



Fjölskylda í Vesturbænum óskar eftir manneskju til þess að aðstoða á heimilinu.
Starfið felst í að gæta barna og vinna létt heimilisstörf. Vinnutími er sveigjanlegur og miðað er við 10-20 klukkustundir á viku.

**Áhugasamir sendi upplýsingar á:**
**grenimelur2015@gmail.com**



## SMIÐIR ÓSKAST

HJ13 ehf. byggingarverktakar óska eftir smiðum við uppsteypu á fjölbýlishúsum á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er í akkorðsvinnu og næg vinna framundan.

**Upplýsingar gefur Jón Vigfússon í síma 6613700 eða hafnarsport@simnet.is**



Aurora

# Framkvæmdastjóri þróunarverkefna

*Aurora velgerðasjóður var stofnaður 23. janúar 2007 að frumkvæði hjónanna Ingibjargar Kristjánsdóttur landslags-arkitekts og Ólafs Ólafssonar, stjórnar-formanns Samskipa.*

*Megintilgangur sjóðsins er að stuðla að og styrkja menningar- og velgerðamál á Íslandi og erlendis. Frá stofnun hefur sjóðurinn og stofnendur hans veitt yfir 600 milljónir króna að jöfnu til verkefna á Íslandi og í Afríku, einkum til Sierra Leone. Fram til þessa hefur mestur hluti þróunaraðstoðar sjóðsins verið í samstarfi við UNICEF, en yfir 66 skólar hafa verið byggðir í Sierra Leone, tæplega 300 kennarar notið aðstoðar o. fl. Í Malavi byggði Aurora sérstaka sjúkraálmu fyrir börn. Þess utan hefur sjóðurinn styrkt fjölda smærri verkefna.*

*Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans **www.aurorafund.is***

Aurora velgerðasjóður hyggst ráðast í nokkur metnaðarfull verkefni í Sierra Leone á komandi misserum. Til að stýra þróunarverkefnum Aurora er leitað að framkvæmdastjóra sem sér um daglega stjórnun þessa verkefnis.

Staðan heyrir beint undir stjórnarformann sjóðsins. Stjórn sjóðsins er skipuð fjórum einstaklingum, öllum búsettum erlendis. Framkvæmdastjórinn hefur aðsetur í Lausanne í Sviss en dvelur að jafnaði um 6 mánuði á hverju ári í Sierra Leone.

**Starfssvið:**

- Dagleg stjórnun og rekstur verkefnisins
- Undirbúningur, eftirlit og eftirfylgni með framkvæmd verkefna
- Áætlanagerð
- Skýrslur og greinargerðir
- Samskipti við stjórnvöld og stofnanir á ýmsum stjórnsýslustigum í Sierra Leone
- Samvinna og samskipti við framkvæmda-aðila þróunarverkefna og hagsmunaaðila
- Samskipti og samvinna við fulltrúa annarra veitenda þróunaraðstoðar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af aðferðafræði verkefnastjórnunar
- Mjög góð enskukunnátta er mikilvæg
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Mjög góð samskiptahæfni
- Aðlögunarhæfni, frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af þróunarsamvinnu er til bóta

Kjörið tækifæri fyrir einstakling sem hefur náð góðum árangri í starfi og langar að takast á við nýjar áskoranir á sviði þróunarmála á erlendri grund.

*Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar 2015. Nánari upplýsingar um starfið veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.***

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***



LS Retail

# AX sérfræðingar!

*Við leggjum okkur fram, stöndum saman og vitum hvað þarf til að skara framúr. Frumkvæði og nýsköpun eru mikilsverðir eiginleikar sem hafa skipað LS Retail í fremstu röð í þróun hugbúnaðar á alþjóðavísu. Verslunarhugbúnaður okkar er seldur í samstarfi við yfir 190 vottuð fyrirtæki í um 70 löndum. Yfir 3.000 fyrirtæki nota hugbúnað LS Retail á 115.000 afgreiðslukössum í um 49.000 verslunum.*

*Meðal ánægðra viðskiptavina LS Retail eru: adidas, Fríhöfnin, ÁTVR, Nova, Apple Íslandi, Laugar, Ilva, Melabúðin, Pizza Hut, IKEA, Hard Rock Café Þýskalandi, Dublin Airport Authority, Rivoli Group, aswaaq, Bodycare International, Eu Yan Sang, Sony Co. Hong Kong, Wind Telecom Ítalíu, Topps Tiles, Delhi International Airport Limited og Kingdom of Dreams.*

Vegna aukinna verkefna óskar LS Retail eftir að ráða framúrskarandi Microsoft Dynamics AX sérfræðinga. Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum sem eru reiðubúnir að takast á við fjölbreytt og vaxandi verkefni. Góð enskukunnátta er mikilvægur þáttur í okkar starfsumhverfi.

## Senior AX Consultant

Starfið felst í ráðgjöf og þjónustu á Microsoft Dynamics AX viðskiptalausnum.
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun á sviði viðskipta-, tölvunar- eða kerfisfræði eða sambærileg menntun ásamt reynslu af sambærilegu starfi. Leitað er að reyndum Microsoft Dynamics AX sérfræðingi.

## AX developer

Starfið fest í forritun og þróun á Microsoft Dynamics AX viðskiptalausnum fyrir alþjóðlegan markað.
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun á sviði viðskipta-, tölvunar- eða kerfisfræði eða sambærileg menntun. Leitað er að reyndum einstaklingi með reynslu af hugbúnaðargerð og hönnun hugbúnaðarkerfa fyrir Microsoft Dynamics AX.

## .NET developer

Starfið felst í hugbúnaðarþróun með áherslu á C# og samþættingu Microsoft Dynamics AX við önnur kerfi, þ.m.t. AX POS, mPOS og .NET hlutir í AX.
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun á sviði tölvunar- eða verkfræði eða sambærileg menntun. Þekking á HTML5, CSS og JavaScript þarf að vera til staðar. Framúrskarandi forritunarhæfileikar ásamt frumkvæði í starfi og ánægja af að glíma við faglegar áskoranir á alþjóðlegri vöruþróun.

*Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar 2015. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.***

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***



## Tæknimaður í sjónvarpskjarna

Hefur þú brennandi áhuga á framþróun í sjónvarpstækni? Þá gæti starf tæknimanns í sjónvarpskjarna Vodafone verið starf fyrir þig. Sjónvarpskjarni sér um rekstur á miðlægum búnaði sjónvarpskerfa Vodafone (IPTV, DVB-T og VOD) sem er ört vaxandi hluti af starfsemi fyrirtækisins. Tæknimaður tekur þátt í daglegum rekstri auk þess að vinna að þróun og uppbyggingu kerfanna.

**Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf.**

**Umsóknarfrestur er til og með 13. janúar 2015.**

**Vodafone**
Góð samskipti bæta lífið

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR
VIRÐING – VELLÍÐAN – VIRKNI

## Umsjónarkennari á elsta stigi

**Grunnskóla Grindavíkur vantar umsjónarkennara á elsta stigi, aðalkennslugreinar íslenska og samfélagsfræði. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Umsóknir skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið halldorakm@grindavik.is **fyrir 15. janúar.**

Upplýsingar um Grunnskóla Grindavíkur er að finna á heimasíðu skólans http://www.grindavik.is/grunnskolinn

**Nánari upplýsingar veitir Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri í síma 420-1150.**

## Lektor í tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði

### Laust er til umsóknar starf lektors í tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands.

**Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild** er ein af sex deildum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands. Á sviðinu starfa um 300 manns við rannsóknir og kennslu. Starfsumhverfið er alþjóðlegt og sífellt fjölgar erlendum starfsmönnum og nemendum. Við deildina stunda um 800 stúdentar nám í tölvunarfræði og fimm undirgreinum verkfræði. Þar af eru ríflega 150 framhaldsnemar í bæði meistaranámi og doktorsnámi. Akademískir starfsmenn við deildina eru rúmlega tuttugu.

**Við námsbraut í tölvunarfræði** stunda um 400 stúdentar nám og akademískir starfsmenn eru níu.

**Umsækjendur skulu:**

- Hafa lokið doktorsprófi í tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði eða náskyldri grein
- Hafa stundað rannsóknir á sviði tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði
- Geta kennt helstu grunnnámskeið við námsbrautina

Horft verður sérstaklega til góðs árangurs í rannsóknum og kennslu við mat umsókna. Krafist er góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veita Kristján Jónasson prófessor í síma 525 4735 eða á netfanginu **jonasson@hi.is** og Ólafur Pétur Pálsson prófessor í síma 5254952 eða á netfanginu **opp@hi.is.**

Umsóknarfrestur er til 19. janúar 2015.

Sjá nánar á **www.starfatorg.is** og **www.hi.is/laus_storf**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA · SÍA · 144835

FLÓAHREPPUR Krakkaborg

## Leikskólastjóri óskast

**Tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling - Leikskólastjóri í Krakkaborg.**

**Umsóknarfrestur framlengdur til 12. janúar 2015**

Flóahreppur auglýsir eftir leikskólastjóra við leikskólann Krakkaborg. Um er að ræða 100% starf. Laun og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Leikskólinn Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli sem þjónar um 50 börnum frá 9 mánaða aldri til 6 ára alddurs. Starfsemi leikskólans fer fram í nýju, mjög rúmgóðu húsnæði í Þingborg við Suðurlandsveg. Sjá nánar á heimasíðu sveitarfélagsins. **www.flóahreppur.is**

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Leikskólakennari á Núp
- Leikskólakennari á Kópastein
- Leikskólakennari í Austurkór

**Grunnskólar**

- Skólaliðar – dægradvöl
- Forfallakennari í Salaskóla

**Velferðarsvið**

- Starfsmenn í frekari liðveislu

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

## Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

hrafnista.is

# Framkvæmdastjóri heilbrigðissviðs

Hrafnista er leiðandi aðili í þjónustu og umönnun við aldraða á Íslandi og starfrækir nú fimm öldrunarheimili í fjórum sveitarfélögum. Tæplega 1.000 manns þiggja þjónustu hjá Hrafnistu á degi hverjum í hjúkrunarrýmum, dvalarrýmum, dagdvöl og fleiri þjónustuþáttum. Starfsfólk er rúmlega 1.000 í um 560 stöðugildum og ársvelta um 5 milljarðar króna.

Við breytingar á yfirstjórn Hrafnistuheimilanna, sem taka gildi 1. febrúar 2015, verður til ný staða framkvæmdastjóra heilbrigðissviðs sem verður annað af tveimur stoðsviðum fyrirtækisins. Hitt stoðsviðið er rekstrarsvið. Staðan heyrir beint undir forstjóra og verður framkvæmdastjóri heilbrigðissviðs einn af lykilstjórnendum Hrafnistuheimilanna. Leitað er að kraftmiklum, metnaðarfullum og reyndum aðila sem hefur brennandi áhuga á að vera hluti af sterkri liðsheild við áframhaldandi uppbyggingu á öflugri og markvissri þjónustu við aldraða.

## Starfssvið framkvæmdastjóra

- Umsjón með innleiðingu og framkvæmd á samræmdri stefnu Hrafnistuheimilanna.
- Þátttaka í stefnumótun, markmiðasetningu og áætlanagerð.
- Umsjón með faglegri samræmingu og samþættingu heilbrigðisþjónustu innan Hrafnistuheimilanna, svo sem við hjúkrun, lækningar, iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun, í samvinnu við forstjóra, forstöðumenn heimilanna og aðra faglega ábyrga aðila.
- Stuðningur við starfsemi fagráða heilbrigðisstétta Hrafnistu.
- Umsjón og eftirfylgni gæðamála, gæðahandbókar og verklagsreglna.
- Umsjón með RAI-mælingum í starfsemi Hrafnistuheimilanna.
- Verkefnastjórnun og eftirfylgni

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á heilbrigðissviði er skilyrði, viðbótarmenntun æskileg.
- Reynsla af stjórnun, umbótastarfi og teymisvinnu í heilbrigðisþjónustu er skilyrði.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og drifkraftur.
- Jákvætt lífsviðhorf og framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfileikar.
- Þekking og reynsla af umsjón með gæðamálum og gæðaferlum heilbrigðisstofnana æskileg.
- Góð þekking á notkun RAI-mælitækisins æskileg

## Umsóknarfrestur er til og með 6. janúar 2015

Umsækjendur eru beðnir að skila ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfni til að gegna stöðunni, á netfangið mannaudur@hrafnista.is.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistuheimilanna á netfanginu petur.magnusson@hrafnista.is

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær




**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) vill ráða starfsfólk til að sinna slökkvistarfi og sjúkraflutningum. Bæði er um framtíðarstörf að ræða og sumarstörf fyrir sumarið 2015. Framtíðarstarfsmenn munu fá nauðsynlega menntun og þjálfun til að geta sinnt bæði slökkvistarfi og sjúkraflutningum hjá SHS en sumarstarfsmenn þurfa að hafa starfsréttindi sem sjúkraflutningamenn. Allir starfsmenn verða að vera reiðubúnir að vinna vaktavinnu.**

**Við erum að leita að einstaklingum sem vilja láta gott af sér leiða og hafa áhuga á að tilheyra öflugu liði sem hefur það hlutverk að sinna útkallsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Við viljum gjarnan sjá fleiri konur í liðinu og æskilegt er að umsækjendur séu ekki eldri en 28 ára vegna kröfu um eðlilega endurnýjun í liðinu.**

**Nánari upplýsingar um hæfniskröfur og umsóknarferlið í heild sinni má finna á heimasíðu SHS (www.shs.is).**

**Kynningarfundur verður haldinn fyrir umsækjendur í slökkvistöðinni í Hafnarfirði, Skútahrauni 6, þann 13. janúar nk. kl. 17:00.**

**www.shs.is**
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Skógarhlíð 14 / S: 528-3000

Skaftárhreppur og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), með stuðningi Byggðastofnunar, auglýsa eftir verkefnisstjóra til 3ja ára til að vinna í verkefninu „Brothættar byggðir – Skaftárhreppur til framtíðar". Verkefnið er að fylgja eftir ákvörðunum verkefnisstjórnar til eflingar byggðar og mannlífs í Skaftárhreppi og vinna þannig náið með sveitarstjórn Skaftárhrepps, starfsmönnum og stjórn SASS, Byggðastofnun og íbúum Skaftárhrepps.

## Verkefnisstjóri til 3ja ára í verkefnið „Brothættar byggðir – Skaftárhreppur til framtíðar", sem er samstarfsverkefni Byggðastofnunar/Skaftárhrepps/SASS

**Hæfniskröfur:**
- Almenn menntun, sem nýtist í starfinu. Háskólamenntun er kostur.
- Haldbær starfsreynsla er mikilvæg.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Góð tölvufærni.
- Þekking, skilningur og reynsla af byggðamálum mikilvæg.
- Frumkvæði, jákvæðni, sjálfstæð vinnubrögð og gott samstarf eru mikilvæg.

**Helstu verkefni :**
- Fylgja eftir ákvörðunum verkefnisstjórnar og áherslum íbúaþings
- Hafa frumkvæði að nýjum verkefnum
- Upplýsingar og skýrslugerð til íbúa og samstarfaðila
- Íbúafundir og þátttaka í samfélagsverkefnum í sveitarfélaginu
- Fylgja eftir stjórnsýsluákvörðunum

Verkefnisstjórinn hefur búsetu og starfsaðstöðu á Kirkjubæjarklaustri og þarf að geta hafið störf sem fyrst á árinu 2015. Uppýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar (www.byggdastofnun.is).

**Nánari upplýsingar um starfið, laun, starfskjör og starfsaðstöðu veita :**
Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri Skaftárhrepps (sveitarstjori@klaustur.is ; s: 487 4840 / 893 5940) og
Þórarinn Egill Sveinsson verkefnisstjóri SASS (thorarinn@sudurland.is ; s: 480 8200 / 898 0399)

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið : thorarinn@sudurland.is merkt : Skaftárhreppur til framtíðar.
**Umsóknarfrestur er til 15. Janúar 2015.**

SASS — Skaftárhreppur — Byggðastofnun

---

# Viltu taka þátt í spennandi uppbyggingarstarfi í upplýsingatæknideild Olís?

PIPAR\TBWA · SÍA · 144811

**Við leitum að tveimur metnaðargjörnum einstaklingum í fjölbreytt og áhugaverð verkefni í upplýsingatæknideild Olís.**
**Annars vegar er um að ræða starf sérfræðings í upplýsingatækni og hins vegar starf við notendaþjónustu og uppsetningu vélbúnaðar.**
**Viðkomandi þurfa að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, geta unnið sjálfstætt, vera skipulagðir og hafa ríka þjónustulund.**

## Sérfræðingur í upplýsingatækni

**Helstu verkefni:**
- Innleiðing á Dynamics CRM
- CRM-aðlaganir og notendaþjónusta
- Uppsetning og viðhald í BI umhverfi
- Notendaþjónusta eftir þörfum
- Afleysing kerfisstjóra
- Tilfallandi verkefni í upplýsingatæknideild

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærileg menntun/reynsla
- Þekking á Microsoft-kerfum og netþjónum
- Þekking á Dynamics CRM æskileg
- Forritunarþekking í C# kostur
- Þekking á Dynamics NAV kostur

## Notendaþjónusta og uppsetning vélbúnaðar

**Helstu verkefni:**
- Notendaþjónusta
- Uppsetning á vél- og hugbúnaði
- Viðhald og lagfæringar á vinnustöðvum
- Uppsetning notenda í AD og aðgangsstýringar
- Viðhald og rekstur á netbúnaði
- Þjónusta við afgreiðslukerfi, sjálfsala og posa
- Tilfallandi verkefni í upplýsingatæknideild

**Hæfniskröfur:**
- Kerfisstjóranám eða sambærileg menntun/reynsla
- Þekking á Microsoft-kerfum og netþjónum
- Reynsla í uppsetningu vélbúnaðar
- Þekking á afgreiðslukerfum kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg

**Vinsamlega sendið umsókn ásamt ferilskrá í tölvupósti til starfsmannastjóra Olís, Ragnheiðar Bjarkar, *á rbg@olis.is, fyrir 11. janúar nk.***
**Tekið skal fram um hvort starfið er sótt með því að merkja umsóknina með annað hvort *Sérfræðingur í upplýsingatækni* eða *Notendaþjónusta og uppsetning vélbúnaðar.***

*Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.*

olís — Olíuverzlun Íslands hf.

---

## Vilt þú auka tekjur þínar?

Viltu starfa sjálfstætt, ráða þínum eigin vinnutíma?
Erum að leita eftir heiðalegu, ábyggilegu, framsæknu og duglegu fólki til að starfa með.
Miklir framtíðarmöguleikar hérlendis og erlendis.
Alþjóðlegt fyrirtæki, eitt stærsta og farsælasta fyrirtæki á sínu sviði í heiminum í dag, starfar í yfir 150 löndum.
Árangurstengdar tekjur auk mögulegra bónusa.
Tekjumöguleikar
70.000 - 300.000 kr. á mán.
300.000 - 600.000 kr. á mán.

**Áhugasamir hafið samband:**
820-4122 eða moguleiki@gmail.com

---



## SPENNANDI TÆKIFÆRI

**LNS Saga** leitar að starfsmanni í skemmtileg verkefni.

**KRANASTJÓRI Á BÍLKRANA** (MOBILE CRANE)
Við leitum að öflugum kranastjóra í verkefni fyrirtækisins á Íslandi. Um er að ræða fullt starf. Gerð er krafa að umsækjendur hafi full réttindi og hafi haldgóða reynslu af kranastjórnun. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti tjáð sig á íslensku og æskilegt að geta talað ensku.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Páll Sölvason í síma 842 2105 og á olafur.solvason@lns.is

Umsóknarfrestur er til og með **18. janúar** 2015.
Áhugasamir sendi umsókn af heimasíðu LNS Saga **(http://www.lns.is/Starfsumsokn)**

LNS Saga

**LNS Saga** er ungt íslenskt verktakafyrirtæki, dótturfélag norska félagins Leonhard Nilsen & Sønner AS, sem er meðal stærstu verktakafyrirtækja Noregs. Starfsmenn LNS Saga eru um 290 talsins og sinnir verkefnum í Noregi og á Íslandi. Starfsmenn LNS Saga hafa haldgóða og fjölbreytta reynslu af stjórnun stórra verkefna hjá leiðandi verktakafyrirtækjum á Íslandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Danmörku. Verkefnin snúa einkum að jarðgangagerð, eftirvinnu gangagerðar, hafnarmannvirkjum, virkjunum og vegagerð. Auk verkefna í Noregi og á Íslandi stefnir félagið jafnframt að þátttöku í verkefnum í Færeyjum og á Grænlandi.

---

# Verkstjóri

## Síld og Fiskur ehf. Ali

*...óskar eftir að ráða verkstjóra til starfa í kjötvinnslu fyrirtækisins.*

Æskilegt er að viðkomandi sé menntaður á sviði kjötiðnaðar og hafi góða fagþekkingu.

***Við leitum að einstaklingi sem:***
- er metnaðarfullur og skipulagður
- sýnir frumkvæði og sveigjanleika
- hefur góða þjónustulund og hæfileika í mannlegum samskiptum.

***Upplýsingar um starfið veitir: Sveinn Jónsson í síma 899 2572.***

*Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið denni@ali.is*

*Síld og Fiskur ehf - Ali - Dalshrauni 9 - Hafnarfirði*

**ÞARFAÞING HF.**
www.tharfathing.is

## Smiðir óskast

**Óskum eftir að ráða vana trésmiði í fjölbreytt verkefni, framtíðarstörf.**

Þarfaþing hf. er traust verktakafyrirtæki sem hefur verið starfandi frá árinu 1993. Fyrirtækið óskar eftir vönum trésmiðum í fjölbreytt verkefni, um framtíðarstörf er að ræða.

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið eggert@tharfathing.is**

---

# CHEFS WANTED!

WE SEEK TO HIRE CHEFS AND KITCHEN HELP.
EXPERIENCE IN ASIAN COOKING IS PREFERRED.

If you are interested please send us an email to nings@nings.is or apply through our web site www.nings.is/atvinna

VIÐ LEITUM AF KOKKUM OG AÐSTOÐARFÓLKI Í ELDHÚS.
REYNSLA Í ASÍSKRI MATARGERÐ ÆSKILEG.

Áhugasamir hafi samband með því að senda póst á netfangið nings@nings.is eða leggi inn umsókn á www.nings.is/atvinna

**NINGS**

---

# VANTAR ÞIG AUKAVINNU?

**Vantar þig góða aukavinnu eða viltu breyta um starfsvettvang? Póstdreifing leitar að kraftmiklu samstarfsfólki til íhlaupastarfa.**

**Um er að ræða dreifingu í breytilegum hverfum á höfuðborgasvæðinu. Í boði eru góð laun fyrir duglegt fólk, hressandi útivera og sveigjanlegur vinnutími.**

*Vertu með!*

**Viðkomandi þarf að vera orðinn 18 ára og hafa bíl til umráða.**

Allar nánari upplýsingar veitir Dagný Ragnarsdóttir á dreifingardeild Póstdreifingar í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um starfið með því að senda tölvupóst á netfangið dagny@postdreifing.is

**Póstdreifing**

Póstdreifing ehf | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | S. 585 8300
www.postdreifing.is | sala@postdreifing.is

---

## Íþróttafulltrúi á sunnanverðum Vestfjörðum

Héraðssambandið Hrafna-Flóki, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur auglýsa eftir íþróttafulltrúa í fullt starf. Um er að ræða nýtt og spennandi starf á starfssvæði Hrafna-Flóka sem eru sunnanverðir Vestfirðir.

Hlutverk íþróttafulltrúa verður m.a. að sjá um íþróttaskóla fyrir 1.-4. bekk, stefnumótun íþróttamála í samstarfi við íþróttahreyfinguna og sveitastjórnir á svæðinu og sinna hlutverki framkvæmdastjóra Hrafna-Flóka. Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir kraftmikinn og áhugasaman einstakling á uppbygginu á sameiginlegu íþróttastarfi á svæðinu.

Launakjör í samræmi við kjarasamninga fagfélaga.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
• Menntun á sviði íþróttafræða eða sambærileg menntun.
• Þekking og reynsla af þjálfun.
• Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni.

Á sunnanverðum Vestfjörðum er kraftmikið mannlíf, mikil atvinnuuppbygging og umtalsverð fólksfjölgun hefur verið síðustu ár.

**Umsóknarfrestur er til 20. Janúar 2015** og skal senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið hhf@hhf.is.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Margréti Brynjólfsdóttur í síma 698-9913 og í tölvupósti: maggabr@gmail.com . Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og verðum öllum svarað.

Tálknafjörður HHF Vesturbyggð

---

Bláa kannan
CAFÉ PARIS LE POT BLEU

## BAKARI ÓSKAST

Bláa kannan – kaffihús í miðbæ Akureyrar óskar eftir bakara / Konditora í 100% starf

Viðkomandi þarf að vera stundvís, samviskusamur og áreiðanlegur.
Góður í mannlegum samskiptum og geta unnið undir álagi.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlega sendið umsóknir til:
Bláa kannan, Hafnarstræti 96, 600 Akureyri eða á netfangið: blaakannan@internet.is

Nánari upplýsingar í síma: 461 4600

---

EIR

## Hjúkrunarheimilið Eir óskar eftir bakara sem fyrst.

Um er að ræða dagvinnu frá 8-15, virka daga.

Upplýsingar veitir Gunnar J. Einarsson forstöðumaður eldhúss.
eldhus@eir.is

**Eir hjúkrunarheimili**
**Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík**
**Sími 522 5700**

---

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Lyflæknir | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstað. | 201501/3 |
| Símsvörun | Sýslumaðurinn á Vesturlandi | Búðardalur | 201501/2 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Reykjanesbær | 201501/1 |
| Framkvæmdastjóri hjúkrunar | Sólvangur, hjúkrunarheimili | Hafnarfjörður | 201412/980 |
| Yfirhjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201412/979 |
| Veiðieftirlitsmaður | Fiskistofa | Stykkishólmur | 201412/978 |

---

Kringlan
AF ÖLLU HJARTA

# HREINGERNINGARSTÖRF

Rekstrarfélag Kringlunnar óskar eftir áhugasömu fólki til að sinna þrifum í Kringlunni.

**Kringlan er fjölbreyttur vinnustaður, enda stærsta verslunarmiðstöð Reykjavíkur, með yfir 180 verslanir, veitingastaði og þjónustuaðila.**

**Kringlan kappkostar að bjóða viðskiptavinum sínum upp á hreint og notalegt umhverfi og þar spila fagleg vinnubrögð hjá samhentu starfsfólki stórt hlutverk.**

**Óskað er eftir starfsfólki til að sinna þrifum bæði innan- og utandyra. Starfshlutfall er mismunandi. Um dagvinnu er að ræða á vaktakerfi sem gildir viku í senn.**

## Hæfniskröfur:

- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Reynsla af ræstingastörfum
- Iðjusemi og rík þjónustulund
- Hreint sakavottorð
- Íslensku- eða enskukunnátta skilyrði
- 18 ára og eldri
- Snyrtimennska og stundvísi

**Laun eru í samræmi við kjarasamninga Eflingar og Samtaka atvinnulífsins. Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrá sendist á thora@kringlan.is eða í pósti á Rekstrarfélag Kringlunnar, Kringlunni 4–12, 103 Reykjavík fyrir 19. janúar nk.**

---

# www.vinna.is

# Bílstjórar

Vanir bílstjórar óskast á búkollu
og vörubíla strax á höfuðborgarsvæðinu.
Reglusemi og stundvísi skilyrði.

**Áhugasamir sendi inn umsókn með ferilskrá á anna@gtv.is**

GT

Rauðhellu 1 - 221 Hafnarfjörður - Sími 580 16 00 Fax 580 16 01
gtv@gtv.is - www.gtv.is

---

Millistórt fyrirtæki í hótelrekstri óskar eftir einstaklingi í fullt starf til að sjá um bókhald félagsins ásamt ýmsum öðrum skrifstofustörfum.

Skrifstofan er staðsett í miðbæ Reykjavíkur og vinnutími er frá 9 - 5 virka daga.

Viðkomandi þarf að hafa víðtæka reynslu af DK kerfinu.

**Vinsamlegast sendið ferilskrá á box@frett.is merkt Bókhald fyrir 8 janúar.**

---

# LEIGUSAMNINGUR

**Veitingaaðstaða til leigu í Gerðubergi, nýju sameinuðu bókasafni og menningarhúsi í Breiðholti,** mál nr. 13359

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

GERÐUBERG Menningarmiðstöð

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

---

BHS Borgarholtsskóli
bóknennt • handmennt • siðmennt

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknámi, listnámi, iðnnámi og starfsnámi.
Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru: ***agi, virðing, væntingar.***

## Náms- og starfsráðgjafi við Borgarholtsskóla

**Laust er til umsóknar starf náms- og starfsráðgjafa við Borgarholtsskóla í 100% stöðu.**

Náms- og starfsráðgjafi er talsmaður nemenda, stendur vörð um velferð þeirra og veitir ráðgjöf um nám, námstækni og námsvenjur.

**Hæfnikröfur**
- Starfsréttindi sem náms- og starfsráðgjafi
- Geta starfað sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og frumkvæði
- Kunnátta í gerð kynningarefnis

Við bjóðum upp á gefandi starfsumhverfi og líflegt samskipti við nemendur og samstarfsfólk. Sjá upplýsingar um Borgarholtsskóla: www.bhs.is.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og stofnanasamingi Borgarholtsskóla.
Umsóknir um starfið, ásamt prófskírteinum, meðmælum og upplýsingum um nám og fyrri störf, skulu berast á netfangið ingibogi@bhs.is í síðasta lagi **15. janúar 2015**.
Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða.

Nánari upplýsingar veitir Ingi Bogi Bogason, aðstoðarskólameistari, s. 5351703, netfang ingibogi@bhs.is

---

# ÚTBOÐ

## SVF – Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Brynjólfsgötu 1, Reykjavík Húsbygging ÚTBOÐ NR. 15764

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis óskar eftir tilboðum í verkið „Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur", Brynjólfsgötu 1, Reykjavík.

Verk þetta nær til byggingar á húsi fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Byggingin mun rísa á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu í Reykjavík. Undirgöng munu liggja undir Suðurgötu frá byggingunni að Háskólatorgi og eru þau innifalin í verkinu.
Um er að ræða jarðvinnu, uppsteypu og fullbúið hús og allan frágang að utan og innan. Meginbyggingin er 3543 m² og tengigangur undir Suðurgötu 201 m². Samanlagt er byggingin 3744 m² og um 17.200 m³. Meginbygging er á fjórum hæðum en auk hennar er niðurfellt torg með setpöllum og skábrautum um 1.000 m² en skráist ekki sem botnflatarmál.

Verkkaupi er mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir hönd Háskóla Íslands.

**Helstu magntölur:**

| | |
|---|---|
| Gröftur á lausum og föstum jarðvegi | 16.000 m³ |
| Fyllingar undir og að mannvirki | 7.500 m³ |
| Almenn steypumót | 11.600 m² |
| Plötumót | 3.800 m² |
| Bendistál í plötur og veggi | 285.000 kg |
| Steinsteypa í veggi, plötur, bita og súlur | 28.000 m³ |
| Grófhúðun á einangraða veggi | 1.500 m² |
| Terrazzogólf | 630 m² |
| Gifsveggir | 1.800 m² |
| Dúkar og dúkalögn | 2.200 m² |
| Kerfisloft niðurhengd | 2.500 m² |
| Málun veggja og lofta | 6.100 m² |
| Stólar í fyrirlestrarsal | 119 stk. |

Verkefnið hefur verið unnið samkvæmt aðferðarfræði upplýsingalíkana mannvirkja (Building Information Modeling - BIM) og aðferðafræði vistvænnar hönnunar. Stefnt er að því að byggingin verði vottuð sem vistvænt mannvirki samkvæmt alþjóðlega vottunarkerfinu BREEAM.

**Verkinu skal vera að fullu lokið í 15. nóvember 2016.**

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 6. janúar 2015. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum, þriðjudaginn 10. febrúar 2014 kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

---

LANDSNET

**KERFISÁÆTLUN LANDSNETS 2015-2024**
**Auglýsing um matslýsingu**

Landsnet vinnur að undirbúningi við mótun kerfisáætlunar sem ætlað er að gefa heildarsýn yfir þróun flutingskerfis raforku á næstu árum. Landsnet mun vinna umhverfismat fyrir kerfisáætlun í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Landsnet kynnir hér með matslýsingu áætlunarinnar með von um að sem flestir kynni sér efni hennar. Í matslýsingu er gert grein fyrir:

- Hvernig Landsnet hyggst standa að matsvinnunni.
- Hver verði efnistök umhverfisskýrslu.
- Hverjir eru helstu áhrifaþættir áætlunarinnar.
- Hvaða umhverfisþættir kunna að verða fyrir áhrifum.
- Gögnum sem lögð verða til grundvallar.
- Matsspurningum og viðmiðum við mat á vægi og umfangi umhverfisáhrifa.

Matslýsingin er aðgengileg á vefsíðu Landsnets, www.landsnet.is. Hægt er að senda ábendingar og athugasemdir um matslýsingu á netfangið landsnet@landsnet.is merkt „matslýsing".

Frestur til að senda inn athugasemdir er til og með 30. janúar 2015.

---

**UPPSTEYPA - VIÐHALD - BREYTINGAR**

**Byggingaverktaki með áratugareynslu í nýbyggingum og breytingum getur bætt við sig verkefnum.**

**Er vel úbúinn til uppsteypu með 1000 m2 mótum.**

Uppl. í síma 897-5307
Netfang: **heimab@simnet.is**

---

## Aflamark Byggðastofnunar – boð um samstarf á Þingeyri

Á grundvelli bráðabirgðaákvæðis XIII í lögum nr.116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, auglýsir Byggðastofnun eftir samstarfsaðilum um nýtingu viðbótaraflaheimilda á **Þingeyri í Ísafjarðarbæ, allt að 400 þorskígildistonnum.**

Nánari lýsingu á verkefninu er að finna á vef Byggðastofnunar **www.byggdastofnun.is.**

Umsóknir skal senda til Byggðastofnunar, á netfangið postur@byggdastofnun.is fyrir kl. 12:00 miðvikudaginn 21. janúar 2015 Nánari upplýsingar veitir Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði.

BYGGÐASTOFNUN
Sími: 455 54 00 Fax: 455 54 99
postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

---



# Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein, raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 27 mánudaginn 5. janúar 2015 kl. 17:00.

"Ertu í stuði?" er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafnam.is - Raunfærnimat eða í síma 580 5252**

---

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT





# Útsalan er hafin!

Stærðir 36-52

hjá Hrafnhildi

• Sími 581 2141

# ÚTSALA

## 40% afsláttur

Stærðir 34-46

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



## BÍLAR & FARARTÆKI

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**2014 NÝJIR CHRYSLER TOWN & COUNTRY LIMITED**
fjölskyldubíllinn, V6 290hö, eyðsla í blönduðum akstri 11.8, Með öllum lúxus, 2x Blueray DVD afurí, Rafmagn í hurðum omfl, ATH 1 eftir, Tilboðsverð aðeins 7.990þkr, Eru í salnum.

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

100bílar.is bílasala



TOYOTA Land Cruiser 100VX 38". Árg 1/2002, ek 195 Þ.KM, dísel, sjálfsk, Leður, Lúga, 38" breyttur, Topp eintak, vel búinn og lítur mjög vel út, Ásett verð 4.490.000. Rnr.118932. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA**
**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

### 500-999 þús.



**FOCUS - TILBOÐ 500 ÞÚS!**
Ford Focus árg ,05, ek. 200 þús, bsk, sko ,16. aksturtalva, hiti í framrúðu. Rúmgóður og eyðslugrannur. V. 500þ. S. 891 9847

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Vélsleðar




### Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alglugggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

### Hjólbarðar




### Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

### Húsaviðhald







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tökum að okkur drenlagnir, hellulagnir og aðra jarðvinnu. Einnig snjómokstur Grjótavík ehf. Uppl. í s. 893 0173

### Rafvirkjun




### til sölu



## Spádómar

Spái í Tarot og bolla tek heim og í gegnum síma. Ein af þeim bestu. Trúnaður. Kristín s. 8979002.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Önnur þjónusta

SNJÓMOKSTUR. Tek að mér allan snjómokstur f. húsfélög og einstaklinga

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**TIL SÖLU**
Nýjir kuldaskór og gönguskór, margar gerðir, barna, fullorðins, háir og lágir, loðfóðraðir vandaðir skór.

Er einnig með strigaskó og fl.

Stærðir frá 20 - 47 Verð frá 2.500 til 12.500.-
**Uppl. Í s.847 7731**

**ATH: Er í Kolaportinu um helgar**

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald




**VOFF.IS - NÝ HVOLPASÍÐA**
www.voff.is er hvolpasíða Hundaræktarfélags Íslands, þar geturðu fengið upplýsingar um got, ræktendur, tegundir ásamt greinum um hvolpauppeldi, allt á einum stað. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hvolpa. Leitaðu þér nánari upplýsingar á www.hrfi.is og www. voff.is




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

Fullþurrkað gæðarúlluhey til sölu. Heimakstur á höfuðborgarsvæðinu. Verð 9000 án/vsk pr rúllu heimkomið. Pantanir í síma 8924811 go 7717493 eða á skrudgardaraektin@gmail.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.
**gsm 777 1315**

**leiga@leiguherbergi.is**

Fallegt raðhús til leigu 4 svefnherb. 2 WC. Suðurgarður með palli. Laust fljótlega. Langtímaleiga í boði. Uppl. í S. 7715775

Íbúð í Þingholtunum, m/húsgögnum, til leigu í þrjá mánuði, lengur ef um semst. S. 8919651

Til leigu 40 fm studíóíbúð við Kirkjuteig. 120þ. á mán. Uppl. 892-1994.

Til leigu 60 fm tveggjaherbergja íbúð á besta stað í vesturbæ Reykjavíkur. Upplýsingar í síma 6997720.

## Húsnæði óskast

Óska eftir bílskúr til leigu fyrir búslóð. á Rvk. svæðinu. S. 8951459 eftir kl 17.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VANUR RAFVIRKI ÓSKAST**
Lausnaverk rafverktaki óskar eftir duglegum og hæfileikaríkum rafvirkja. Mjög fjölbreytt vinna.
**Áhugasamir sendi umsókn á lausnaverk@lausnaverk.is eða í s. 571 4999 Kalli**

Óskum eftir að ráða til starfa starfsmenn á bíla í snjómokstur. Engin sérstök réttindi nauðsynleg. Umsóknir á www.gardlist.is

**KAFFI KLASSÍK KRINGLUNNI**
Óskar eftir vönu fólki til afgreiðslu- og þjónustustarfa. Framtíðarstarf. Íslensku kunnátta skilyrði. Uppl. í s. 899 1965.

Óskum eftir smiðum og verkamönnum, vönum eða viljugum til að læra mótauppslátt. Sveitamenn vel þegnir. Laun eða verktaka greiðslur í boði. Uppl. í s. 697 5273 Magnús og 869 1027 Reynir

**FJARÐARBAKARÍ - KORNIÐ**
Starfsfólk óskast í hlutastarf á virkum dögum. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

## Viðskiptatækifæri

**TIL SÖLU LÍTILL VEITINGASTAÐUR SEM ER MEÐ HEIMILISMAT.**
Miklir möguleikar á að auka veltu verulega. Hagstætt verð.
**Uppl. í s. 897 2877 eftir kl. 14:00**




## til sölu

**Tískuverslun í Kringlunni.**
Af sérstökum ástæðum er til sölu glæsileg og þekkt tískuverslun, vel staðsett. Býður kventískuvörur, skart og skó. Vefverslun fylgir. Uppl. gefa sölufulltrúar í s. 864-1273 & 693-1273
FYRIRTÆKJASALA ÍSL. • S: 520-3500 • WWW.ATVEIGNIR.IS

## til sölu




Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**SPENNANDI NÁMSKEIÐ**



**FULLT AF NÝJUM OG SPENNANDI NÁMSKEIÐUM Á NÝJU ÁRI, Í GLERI, LEIR OG SKARTGRIPUM.**
SJÁ NÁNAR Á WWW.GLIT.IS
ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF
WWW.GLIT.IS
WWW.GLIT.IS GLIT@GLIT.IS
GLIT

XPRENT
- hönnun og merkingar
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
...og margt fleira
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is



**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka




**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is




Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR

Laugardagur 3. jan

14:50 Tranmere Rov,. - Swansea

Sunnudagur 4. jan

15:20 Accrington/Yeovil Town - Man.United

17:20 Arsenal - Hull City

ÍSFIRSKA SKÓLAHLJÓMSVEITIN TRAP



RÚNAR ÞÓR, REYNIR GUÐMUNDS, ÁSGEIR ÓSKARS OG SIGGA ÁRNA SPILA UM HELGINA.

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# KVÖLDMATUR?

*Allt sem þú þarfnast fyrir einfalda, gómsæta máltíð fæst í Iceland.*
*Kjúklingur, meðlæti og ljúffengur eftirréttur – málið leyst!*





**TILBOÐ!**

**1948** kr. kg

**FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**
**ÍSLANDSFUGL**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

PIPAR\TBWA • SÍA • 150002



**724** kr. stk.

**GRYCAN ÍS – 0,5 L**
Glútenlausi ísinn frá Grycan er einstaklega bragðgóður, enda búinn til eftir gamalli uppskrift Grycan-fjölskyldunnar. Fjölbreyttar bragðtegundir, auk ómótstæðilegs rjómabragðs, einkenna ísinn frá Grycan. Frískandi og léttur Grycan-sorbet er einnig fáanlegur. Þú færð Grycan í Iceland.



**278** kr.
Sesar kartöflusalat
350 g



**413** kr.
Maísbaunir
900 g



**620** kr.
Franskar kartöflur, riffluðar, 1,8 kg



**413** kr.
Dr. Pepper
4x330 ml



**620** kr. pk.
BBQ-/buffalóvængir
800 g



**921** kr.
Pepsi Max/Pepsi
4x2 l

**Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.**

**OPIÐ 24 TÍMA**

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

**Iceland**

# ÞEGAR MENN VORU ÉTNIR Í KREML

FLÆKJUSAGA
**Illugi Jökulsson** fjallar um þann tíma þegar Pólverjar og Litháar virtust hafa möguleika á að verða ráðandi í hinu risastóra Rússlandi, en kóngurinn klúðraði því öllu saman.





STANISŁAW ZÓŁKIEWSKI Pólski hershöfðinginn sem náði Moskvu. Enginn nema Napóleon hefur afrekað það síðan. Hann ber fjaðraskraut riddaranna frá Litháen sem Pólverjar tóku síðan upp.

Flækjusögum síðasta árs lauk ég í Litháen þar sem ég var að skoða mig um og furða mig á því að svo lítið land og fámennt skyldi um eitt skeið hafa verið helsta stórveldi Evrópu að landflæmi og fólksfjölda, reyndar lengst af í samkrulli við Pólland. Það var komið fram á 17. öld og sambandsríki Litháa og Pólverja hafði aldrei verið stærra né öflugra og nú víkur að því sem ég skal viðurkenna að ég er alltaf svo veikur fyrir í mannkynssögunni, það er hið sögulega „ef“ – hjásagan, sem svo má líka kalla. Það má nefnilega leiða að því líkum að á tímabili í byrjun 17. aldar hefði Pólland-Litháen vel getað náð ráðandi stöðu gagnvart sjálfu Rússlandi, og ef sambandsríkinu hefði nú lukkast það í þó nokkrar aldir samfleytt, þá er hætt við að ýmislegt hefði orðið öðruvísi í henni veröld en raun varð á, og veröldin okkar væri jafnvel býsna ólík því sem við þekkjum.

### Brugðist við nýja Rússlandi

Á 16. öld hafði Rússland farið að eflast verulega, ekki síst undir stjórn Ívans grimma (1547-84). Fram að því hafði Moskvuríkið aðeins verið eitt af mörgum furstadæmum á rússnesku sléttunum og oft undir ægishjálmi Mongóla. En nú voru þeir síðarnefndu farnir að lyppast mjög niður og Moskvumenn fóru að undiroka hvert furstadæmið af öðru og sameina undir sinni ströngu stjórn; þá leið ekki á löngu þar til hið nýja Rússland var komið að landamærum hins svonefnda tvíríkis Litháens og Póllands. Þar brugðust menn við með því að efla samband sitt og 1569 voru ríkin formlega sameinuð í eina heild, þótt sérstaða þjóðanna tveggja væri áfram viðurkennd.

Þessi sameining kom Litháum heldur illa. Þeir voru ævinlega að minnsta kosti tíu sinnum færri en Pólverjar og í sameinuðu ríki – þótt sambandsríki væri – þá var óhjákvæmilegt að embættismannastéttin og konungshirðin yrðu fyrr en síðar yfirgnæfandi pólsk. Og það gerðist strax við þessa sameiningu að Sigmundur II, konungur Póllands og jafnframt stórhertogi Litháens, færði nú með einu pennastriki alla Úkraínu undan Litháen og til Póllands. Með því að missa Kænugarð og allar úkraínsku slétturnar misstu Litháar sína stærstu spóna úr aski og hlutu upp frá því að vera litli bróðirinn í sambandsríkinu. Áttu Litháar eftir að sýta það seinna, og gera enn.

### Keisari Rússlands fellur frá

En í bili tókst ágætlega að halda aftur af ásókn Rússa á austurlandamærum sambandsríkisins. Og 1598 gerðust atburðir sem ég sé ekki betur en að hefðu getað breytt gangi veraldarsögunnar allrösklega. Þá dó keisari Rússlands, Fjodor I, sonur Ívans grimma. Fjodor var ekki nema rúmlega fertugur en hafði alltaf verið heilsuveill og var töluvert greindarskertur eins og það heitir nú til dags, kallað fáviti í þá daga, Fjodor sinnti ekki ríkisstjórn en flakkaði um land sitt og hafði gaman af að heyra kirkjuklukkur hringja. Hann skildi ekki eftir sig son svo mágur hans og ráðgjafi tók nú völdin, Borís Godunov. Hann var að mörgu leyti dugandi stjórnandi og reyndi að opna landið fyrir vestrænum áhrifum en festi þó um leið í sessi það vistarband bændafólks sem leiddi til þess að rússneskt bændafólk varð ánauðugir þrælar og ekkert annað. Godunov átti alla tíð öfluga óvini innanlands og kannski hefði hann getað tryggt ætt sína í sessi með því að ganga í bandalag við nágranna sína í vestri – Litháa og Pólverja. Einn helsti valdamaður Litháa um þær mundir, heljarmikill karl að nafni Lev Sapíeha, kom til Kremlarhallar í Moskvu og stakk upp á slíku, en Godunov kaus að hafna boðinu. Þegar hann dó 1605 var fjölskylda hans án bandamanna og kona hans og sonur voru fljótlega myrt af valdamiklum aðalsmönnum.



MARÍNA MNISZECH



SIGMUNDUR III VASA

### Skíthællinn Dmitrí

Í staðinn settist í hásætið í Kreml merkilegur maður sem enginn veit hver var í raun og veru. Hann sagðist vera Dmitrí yngsti sonur Ívans grimma sem hafði dáið rúmum áratug fyrr, annaðhvort af slysförum eða verið drepinn af Godunov. Þessi „falski Dmitrí“ kvaðst nú hafa sloppið lifandi frá morðtilræði Godunovs og hafði á nokkrum misserum tekist að afla sér heilmikils fylgis á meðal rússneska aðalsins. Hann átti líka stuðningsmenn í Póllandi-Litháen og hafði gerst kaþólskur til að tryggja stuðning herranna þar. Dmitrí þessi kunni augljóslega margt fyrir sér í konunglegum menntum og siðum, og sat í hásæti Rússlands við ágætan orðstír í tæpt ár. Hann hófst til dæmis handa um að afturkalla vistarband Godunovs. En persónulega var Dmitrí skíthæll, nauðgaði dóttur Godunovs og hafði hana sem innilokaðan kynlífsþræl sinn þangað til hann gekk að eiga 18 ára aðalsmey frá Póllandi-Litháen, Marínu Mniszech, en sú var ekki í meiri metum meðal hinna nýju rússnesku þegna sinna en svo að hún heitir síðan í rússneskum sögnum Marínka norn.

En Marína fékk ekki lengi að njóta íburðarins í Kremlarhöll, nú fannst sumum rússnesku háaðalsmönnunum – sem kölluðust bojarar – sem áhrif úr vestri væru orðin fullmikil, og hallarbylting var gerð og hinn dularfulli Dmitrí drepinn en Marína send heim til Póllands-Litháens. Einn af bojurunum settist í hásætið vorið 1606 og kallaði sig Vasilí IV en hann var maður lítilla sæva og þótt hann sæti í orði kveðnu í hásætinu í fjögur ár tóku fáir mark á tign hans.

### Annar Dmitrí

Næstu misserin bitust menn um völdin í Rússlandi og Pólverjar og Litháar fylgdust áhugasamir með, ráðnir í að koma ár sinni fyrir borð í nágrannaríkinu stóra. Og þegar upp dúkkaði nýr maður sem þóttist vera Dmitrí sonur Ívans grimma (og hefði komist lífs af frá valdaráninu í Moskvu) þá gengu öflugir Litháar og Pólverjar þegar til liðs við hann, og Marína Mniszech var send til fundar við þennan nýja Dmitrí og látin bera kennsl á hann sem eiginmann sinn, þótt kunnugum bæri saman um að það eina sem væri líkt með Dmitrí I og Dmitrí II væri að báðir væru manneskjur. Marína lifði svo í vellystingum með Dmitrí II um skeið, en hver hann var í raun og veru er óvíst – prestssonur segja sumir, Gyðingur segja aðrir. Dmitrí II hreiðraði um sig í Tushino skammt frá Moskvu og virtist þess albúinn að hirða borgina, allt að 100.000 manna lið hafði hann til ráðstöfunar þegar mest var.

En nú kom til sögunnar Sigmundur III konungur Póllands, og þar af leiðandi einnig stórhertogi Litháens. Og hann fékk nú upp í hendurnar það tækifæri sem ég nefndi í byrjun að hefði kannski getað breytt gangi sögunnar verulega – en klúðraði því.

### Keisari, konungur og stórhertogi

Sigmundur III var sonur sænska kóngsins Jóhanns III og bar því ættarnafnið Vasa, móðir hans var systir Sigmundar II sem fyrr var nefndur. Sigmundur átti 15 ára son og krónprins að nafni Ladislav og nú höfðu sjö valdamiklir rússneskir bojarar samband og vildu fá Ladislav fyrir keisara í stað hins tilþrifalitla Vasilís. Hvers vegna þeir leituðu til óvina sinna í Pólland-Litháen? Jú, sú var nefnilega raunin að sambandsríki Litháa og Pólverja hafði gott orð á sér, þar ríkti furðumikið frjálslyndi bæði í trúmálum sem á öðrum sviðum og harðstjórn var minni en Rússar höfðu vanist. Því leist bojurum vel á að fá Ladislav sem keisara. Þeir vildu að hann játaði hina rússnesku trú, en milli lína lá að trúfrelsi skyldi að öðru leyti í heiðri haft.

Sigmundur stóð nú frammi fyrir einstöku tækifæri. Ef hann hefði fallist á boð bojaranna sjö er lítill vafi á því að sameinaður herstyrkur þeirra og Pólverja hefði gert Ladislav traustan í sessi. Og strákur hefði þá að lokum orðið keisari yfir Rússlandi, konungur Póllands og stórhertogi Litháen – allt í senn! Og það hefði verið sjón að sjá það ríki fóta sig í sögunni næstu áratugi og aldir, ekki síst ef menning hirðar og embættiskerfis hefði orðið pólsk, fremur en rússnesk.

### Sigmundur klúðrar málunum

En þetta gerðist ekki. Sigmundur vildi það ekki. Hann vildi sjálfur fá að hlutast til um mál í Rússlandi og koma þar á kaþólsku í einni svipan, sonur hans fengi ekki að setjast þar í hásæti um skeið. Og Sigmundur mætti með her sinn austur, pólskir hermenn yfirgáfu þá hinn falska Dmitrí II sem fljótlega var drepinn af eigin liði, og frækinn pólskur herforingi, Stanisław Zółkiewski, náði Moskvu sumarið 1610 – sælli minningar eiga Pólverjar varla enn í dag en þegar rússneskir bojarar hlupu á fund hinna pólsku dáta og báðu þá í guðs bænum að vernda sig fyrir stjórnleysi og óreiðu. Og Pólverjar bjuggu um sig í Kreml. En Sigmundi tókst að klúðra þessu öllu saman. Hann sýndi Rússum yfirgang og hroka, heimtaði að þeir tækju kaþólsku og gerðu sig að keisara, en þótt Rússum líkaði vel við Ladislav vildu þeir ekki sjá föður hans. Og með því að höfða til andstöðunnar við innrásarmenn frá Póllandi og Litháen náðu Rússar að hysja upp um sig buxurnar, og 1613 sættust þeir á nýjan keisara, Mikaíl Romanov, og réði sú ætt svo öllu landinu til 1917.

Þannig klúðraði pólski kóngurinn tækifærinu til að sameina ríkin og leyfa syni sínum að ráða yfir stærsta ríki heims síðan Rómaveldi var og hét. Hermenn Zółkiewskis yfirgáfu ekki Kreml fyrr en í nóvember 1612 eftir nítján mánaða skelfilegt umsátur. Pólverjarnir höfðu að lokum ekkert að éta, þá gripu þeir það sem hendi var næst. Aldrei hefur ástandið verið jafn ægilegt í Kreml, því eins og einn sagnfræðingur skrifaði: „Fyrst átu Pólverjarnir gras, svo átu þeir hver annan, og að lokum gáfust þeir upp.“

Það voru þung skref þegar síðustu Pólverjarnir yfirgáfu Kreml, og svo segir hann sig næstum sjálft að þótt Rússar hafi heitið þeim griðum, þá voru mestallar leifar þessa dapra pólska setuliðs drepnar á staðnum.

> **„Sigmundur stóð nú frammi fyrir einstöku tækifæri. Ef hann hefði fallist á boð bojaranna sjö er lítill vafi á því að sameinaður herstyrkur þeirra og Pólverja hefði gert Ladislav traustan í sessi. Og strákur hefði þá að lokum orðið keisari yfir Rússlandi, konungur Póllands og stórhertogi Litháen – allt í senn!**


Vinnustaða-námssjóður
Umsóknarfrestur til 2. febrúar

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr vinnustaðanámssjóði.

Umsóknarfrestur rennur út 2. febrúar, kl. 16:00.

Vinnustaðanámssjóður veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Markmið sjóðsins er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi.

Umsóknargögn er að finna á www.rannis.is.
Umsóknum skal skila á rafrænu formi.

Nánari upplýsingar veitir
Hulda Hrafnkelsdóttir, sími 515 5800,
hulda.hrafnkelsdottir@rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

rannís
www.rannis.is


MAX ÚTSALA
max.is
ALLAR VÖRUR Á LÁGMAX VERÐI!
MAX ÚTSALAN ER HAFIN!
Stærri en nokkru sinni fyrr með lægri VSK og fullt af vörum nú án vörugjalda!
FROZEN
Sjá allt úrvalið á max.is
MAX RAFTÆKI
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
SÍMI 412 2200
BEINT Á MÓTI IKEA

## Konráð og félagar á ferð og flugi 128

Bragi Halldórsson

Hvað skyldi nú árið 2015 bera í skauti sér fyrir Konráð og félaga? Ætli þau muni komast í gegnum allar þrautir ársins?

En þú, kemst þú í gegnum þetta völundarhús ársins?

2015



2014



## Fróðleikur um þrettándann



Á þrettándanum er kveikt í brennum og álfakóngar, álfadrottningar, púkar og ýmsar vættir koma í heimsókn.

Kveikt er á kyndlum og ýmislegt gert sér til skemmtunar.

Þrettándinn var einu sinni kallaður gömlu jólin vegna þess að þá voru jólin, en á 17. öld breyttist það.

Í gamla daga hélt fólkið að kýrnar töluðu mannamál á þrettándanum og á nýársnótt.

## TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

## Myndin



**Thelma Kristbjörg Bæringsdóttir,** sjö ára, teiknaði þessa mynd, sem gæti alveg verið fréttamynd á forsíðu.

# Búin að læra að segja takk á taílensku

Hún Amelía Björt Hjaltadóttir, fjögurra ára, á viðburðaríkt ár í vændum. Hún ætlar að flytja til Taílands í lok janúar og búa þar í þrjá mánuði. En fyrst ætlar hún að halda upp á fimm ára afmælið. Svo á hún von á litlu systkini í sumar.

**Amelía Björt Hjaltadóttir fagnaði árinu 2015 hjá Hallgrímskirkju og fannst rosalegt að sjá alla flugeldana. Hún lítur líka nýja árið björtum augum, enda hefur hún til margs að hlakka.**

**Hvað er fyrst á dagskránni hjá þér, Amelía?** „Afmælið mitt. Ég á afmæli 9. janúar. Þá verð ég fimm. Svo er ég að flytja til Taílands, tuttugu dögum seinna, þann 29. janúar. Það er rosalega langt í burtu. Ég fór á skrifstofu að panta vegabréf rétt fyrir áramótin. Það verður tilbúið 12. janúar.“

**Hefurðu farið í stóra flugvél áður?** „Já, ég flaug til Svíþjóðar og þar fór ég í lest. Núna þarf ég að skipta um flugvél á leiðinni. Við stoppum í einhverju landi og löbbum þar yfir í aðra vél.“

**Veistu eitthvað um veðrið í Taílandi?** „Það er heitt þar. Stundum er rigning en annars alltaf sól. Ég get verið með bera handleggi þar á veturna.“

**Nú ert þú í Frozen-kjól. Helduðu að krakkarnir í Taílandi þekki Elsu í Frozen?** „Nei, ég held ekki.“

**Þá verður þú að segja þeim allt um Elsu.** „Hva, þeir tala taílensku, sko!“

**En þú getur sungið fyrir þá. Kanntu ekki lagið hennar Elsu?** „Jú, ég kann það bæði á ensku og íslensku.“

**En ertu eitthvað búin að læra taílensku?** „Já, pínulítið. Ég veit að stelpur og strákar segja ekki allt alveg eins. Þegar stelpur segja takk á taílensku þá leggja þær hendurnar saman eins og þær séu að biðja og hneigja höfuðið og segja kop-khun-kha en strákar segja kop-khun-krub.“



**ÚR KULDA Í HITA** Amelía Björt getur sungið lagið hennar Elsu í Frozen bæði á íslensku og ensku fyrir krakkana í Taílandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Ætlarðu að skoða eða gera eitthvað sérstakt í Taílandi?** „Ég ætla að skoða fíla og svo ætla ég að fara niður á strönd. Kannski bý ég í húsi með sundlaug og mér finnst rosalega gaman að synda.“

**En þú kemur nú aftur heim í vor, er það ekki?** „Jú, svo gerist dálítið í sumar. Sko, mamma er með barn í maganum. Það kemur í sumar.“


VINSÆLASTA
TYGGJÓIÐ ÁRIÐ 2014*
* Heimild: AC Nielsen Capacent - sölutölur
WRIGLEY'S
Extra

# KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**

**1.** Löngu sokkinn kafbátur er herramannsmatur (13)
**11.** Gerðumst ansi blaut er við komumst til meðvitundar (8)
**12.** Nýr dagur rís og enn er ljósagangur (11)
**13.** Tekst að klára smalamennsku með hjálp stafkarla (10)
**14.** Kaffisölur í bakgörðum eru kveikjur að ýmsum pestum (9)
**15.** Fínasta fuglasteik ellegar hold af Íslendingi? (12)
**16.** Smákrakki eða smákrabbi? (5)
**17.** Þar sem þessi borg stóð eru ringlaðir Jótar (5)
**18.** Hvernig verður ítalskt fjall úr þessu lapi? (4)
**19.** Liðnar upp og burtu héðan (11)
**20.** Meintur rugludallur á blettinum (7)
**24.** Sæði gefur rokksveit (4)
**27.** Er „Kastali háloftakonungsins“ eftir MacLean? (11)
**30.** Að anda að sér er ein lausn (8)
**31.** Þessi stutta hvíld er þess eðlis að það er iðulega eitthvað á henni (3)
**32.** Elska ansi laglega (7)
**35.** Hvar sem slík rokuantilópa fer heyrast læti sem í Lockheed væru (8)
**36.** Segi hvorki af né á um þennan stað, er það ekki nokkuð rétt umsögn?
**37.** Pípukast er ekki íþrótt heldur hlunnindi (7)
**38.** Gjörsigra gröm er við röltum aftur heim (8)
**42.** Ef ég moka myndast hola, hvar í eru ríki, borg, og söngleikur að auki (8)
**43.** Efist þið um það rugl sem þið greinið? (7)
**44.** Þessi sveifla er sletta líkt og djass (5)
**45.** Heldur dimmur hnötturinn í hendingskasti/æðir kringum sína sól/árið tekur hennar ról (8)
**46.** Í miðju er stjarna en belti í kring (8)
**47.** Þetta heyrðist er þú naust ásta (5)

**LÓÐRÉTT**

**1.** Sýnir oflæti við Urtubyggð (10)
**2.** Legg brottnám gegn keppni um að komast í næstu keppni (10)
**3.** Sú er ég elska elskar þetta spil um það eina sem maður þarf (10)
**4.** Kátt á hjalla í kappakstursköggum (10)
**5.** Ég vil þau rækti algjörar skepnur (11)
**6.** Sé háfætta sigra hávaxna (11)
**7.** Hér er mikið meyjaval, og allar í pólitík (13)
**8.** Dyntirnir eru slíkir og druslurnar líka að um þær eru skrifaðar heilu bækurnar (11)
**9.** Gætir að þori andans (11)
**10.** Skoltskeljar hafa fögur hljóð (10)
**21.** Einhver mun halda að þér endingarlitlu drasli (7)
**22.** Sérðu fuglinn við grindina? (7)
**23.** Fyrst gríp ég það sem ég hef ekki með (8)
**25.** Einn dúr Olgu eftir ruglaða hárgreiðslu (11)
**26.** Heiti á flokkaða sem búið er að nefna (11)
**27.** Beita algjörri þöggun á gagnstæða merkingu (7)
**28.** Titlaær fyrirsagnasauður? (10)
**29.** Matur burðardýrsins er vímuefni vitleysingsins (10)
**33.** Kíki á kelta vegna ákveðinna granna Tyrkja (8)
**34.** Sá sem kann ekki á svona forrit hefur lítið gagn af svona græju (8)
**38.** Einhver girnast bæði kyn, hvað ef við gerum þá hugmynd að okkar? (5)
**39.** Heyrði kjaftasögu um að við værum skuldlaus? (5)
**40.** Sá tilbúni þrífst í dúsi (5)
**41.** Skóli gerir kröfu um sandala, það er ljóta ruglið (5)



Lausnarorð síðustu viku var
**MÖTTULSTRÓKUR**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Heklfélagið** *eftir Tinnu Þórudóttur Þorvaldar* frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Árni Páll Ragnarsson, Reyðarfirði.**



## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist afar æskilegur eiginleiki fyrir allan almenning en þó enn frekar fyrir fólk í ábyrgðarstöðum. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. janúar næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „3. janúar“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.





**Á vef Reykjavíkurborgar undir „mínar síður“ geta fasteignaeigendur:**

- sent inn erindi vegna fasteignagjalda
- skoðað álagningarseðil fasteignagjalda (eftir 26. janúar 2015) og alla breytingarseðla þar á eftir
- skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda
- valið einn eða níu gjalddaga fasteignagjalda (til 15. janúar 2015)
- gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur
- óskað eftir að fá senda greiðsluseðla fyrir fasteignagjöldum þar sem þeir verða, líkt og áður, ekki sendir út til greiðenda, 18-72 ára

Fasteignagjöld í Reykjavík verða innheimt í heimabönkum. Fasteignaeigendum er jafnframt bent á beingreiðslur hjá öllum bankastofnunum eða boðgreiðslur af greiðslukortum.

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið upplysingar@reykjavik.is eða í síma 411 1111.

Reykjavíkurborg
www.reykjavik.is


## FRÓÐLEIKURINN HLAUPABRETTIÐ

**Fyrsta hlaupabrettið hlaut nafnið PaceMaster 600**



**Á BRETTINU** Í dag finnast hlaupabretti á öllum líkamsræktarstöðvum.

# Var vinsælt heimilistæki

Það var seint á sjöunda áratug síðustu aldar sem fyrsta hlaupabrettið fyrir almenna heimilisnotkun leit dagsins ljós. Hlaupabrettið, sem hlaut nafnið PaceMaster 600, var þróað af Bandaríkjamanninum William Edward Staup, vélaverkfræðingi í Clifton, New Yersey.

Staub hóf þróun hlaupabrettisins eftir að hafa lesið bókina Aerobics eftir Dr. Kenneth H. Cooper. Í bókinni kom fram að þeir einstaklingar sem stunduðu hlaup í átta mínútur nokkrum sinnum í viku væru að öllum líkindum í betra líkamlegu ástandi en kyrrsetufólk.

Staub sendi síðar frumgerð hlaupabrettisins til Coopers sem var hrifinn af uppfinningunni og aðstoðaði Staub við að koma brettinu í almenna sölu.

Í dag finnast hlaupabretti í flestöllum líkamsræktarstöðvum þótt þau séu sjálfsagt sjaldgæfari sjón í heimahúsum.

# RÝMINGARSALA

## Rekstur Tanna hefur verið seldur Margt smátt.
## Allt á að seljast. Þetta og margt fleira.



**Bolir**
Margir litir og stærðir
Verð frá: **500,-**



**Háskólapeysur**
Margir litir og stærðir
Verð frá: **1.500,-**



**Hettupeysur**
Margir litir og stærðir
Verð frá: **2.000,-**



**Jakkar**
Margir litir og stærðir
Verð frá: **4.900,-**



**Polobolir**
Margir litir og stærðir
Verð frá: **1.000,-**



**Síðermabolir**
Margir litir og stærðir
Verð frá: **1.500,-**



**Skyrtur**
Herra, dömu, stutterma og síðerma
Verð frá: **2.000,-**



**Húfur**
Margir litir og stærðir
Verð frá: **500,-**



**Fiskimálband**
Verð frá: **500,-**



**Handklæði með ísaumaðri mynd**
Verð frá: **1.500,-**



**Töskur**
Verð frá: **500,-**



**Gjafavara**
Verð frá: **300,-**




## Höfðabakki 9

Opið: Virka daga frá kl. 9:00 - 18:00
Laugard. frá kl. 11:00 - 17:00
Sunnud. frá kl. 13:00 - 17:00

Tanni

russell Beechfield ORIGINAL HEADWEAR

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



**2198 kr. kg**
Laxaflök beinhreinsuð



**1698 kr. kg**
Ungnautahakk

# HEILSUÁTAKIÐ BYRJAR Í KRÓNUNNI




**579 kr. pk.**
Old El Paso Stand´N´ Stuff Taco Kit




3 í pk.

**379 kr. pk.**
Old El Paso Stand´N´Stuff Taco tortillur






**352 kr. pk.**
Holta kjúklingaálegg reykt, 115 g




**269 kr. stk.**
Krónu samlokubrauð




1 kg

**1859 kr. kg.**
Kjúklingabringur, erlendar

Krónan Árbæ | Krónan Bildshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum




Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is



Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**KRISTJANA EINARSDÓTTIR**
**frá Borgum á Skógarströnd, hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, áður til heimilis að Vogatungu 51,**

lést þriðjudaginn 23. desember síðastliðinn. Jarðarför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 7. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.

**Herdís Jónsdóttir** | **Ólafur Guðmundsson**
**Jónía Jónsdóttir** | **Hreiðar Björnsson**
**Þorbjörn E. Jónsson** | **Magdalena Axelsdóttir**
**Vigfús F. Jónsson**
**Erla Jónsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÍVAR BJARNASON**
**Skipholti 8, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 28. desember á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 8. janúar klukkan 13.00.

**Helga Sigurðardóttir**
**Sigurður Rúnar Ívarsson** | **Sigurborg Guðmundsdóttir**
**Bjarnheiður J. Ívarsdóttir** | **Guðjón Guðmundsson**
**María Björk Ívarsdóttir** | **Hákon Hákonarson**
**Svandís G. Ívarsdóttir** | **Jakob Þórarinsson**
**Bjarni Hrafn Ívarsson** | **Elsa Björk Knútsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir okkar, sonur, bróðir og mágur,

**JÓN ÁSBJÖRN GRÉTARSSON**
**netagerðarmeistari,**

lést á Landspítalanum 17. desember sl. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 5. janúar nk. kl. 11.00. Jarðsett verður í Kotstrandarkirkjugarði. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Aron Gunnar Jónsson**
**Rebekka Lind Jónsdóttir**
**Grétar Þórðarson** | **Katrín B. Jónsdóttir**
**Hjörtur Grétarsson** | **Helga Jóhannesdóttir**



Útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**GUNNLAUGS ÁRNASONAR**
**Fornuströnd 8, Seltjarnarnesi,**

fer fram frá Seltjarnarneskirkju, mánudaginn 5. janúar kl. 13.00.

**Geirþrúður Árnason**
**Helgi Gunnlaugsson** | **Ragnheiður Sigurðardóttir**
**Einar Þorgeirsson** | **Lilja Eyþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**FJÓLU BACHMANN**

**Vígsteinn S. Gíslason**
**Anna Dóra Ágústsdóttir** | **Jón Karl Jónsson**
**Ingi Þór Ágústsson** | **Rósamunda Baldursdóttir**
**Gylfi Már Ágústsson** | **Unnur Pálmarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
STOFNUÐ 1996




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
STOFNUÐ 1996

# Maður þarf bara góðan stól og hugmyndaauðgi

Einn virtasti tónlistarmaður landsins, Gunnar Þórðarson, fagnar sjötugsafmæli sunnudag.

„Ég ætla nú bara að vera voðalega rólegur og njóta þess að vera með fjölskyldunni minni, ekkert stórt í gangi þannig,“ segir Gunnar Þórðarson tónlistarmaður, en hann fagnar sjötugsafmæli sínu á sunnudaginn.

Gunnar er fæddur á Hólmavík þann 4. janúar 1945 og átta ára gamall fluttist hann til Keflavíkur. Þar hófst farsæll tónlistarferill hans með hljómsveitinni Hljómum, einni vinsælustu hljómsveit allra tíma á Íslandi, en áður hafði hann spilað á trommur í ónefndri hljómsveit Erlings Björnssonar. „Þetta byrjaði nú þannig að við vorum bara að stæla Bítlana. Þegar ég heyrði síðan að þeir semdu sín eigin lög, hugsaði ég að fyrst þeir gerðu það, gæti ég allt eins gert það líka,“ segir Gunnar.

Árið 1967 fluttist hann til Reykjavíkur og árið 1969 sameinuðust Hljómar hljómsveitinni Flowers og stofnuðu Trúbrot, sem starfaði allt til ársins 1973. Gunnar hefur í gegnum árin unnið með öllum helstu tónlistarmönnum landsins og spilaði hann meðal annars á fyrstu sólóplötu Björgvins Halldórssonar árið 1970.

En hvað stendur upp úr þegar litið er yfir tónlistarferilinn? „Ég verð nú að segja að það er þegar ég var í Hljómum og Trúbroti. Einnig var ég hljómsveitarstjóri á Broadway í tuttugu ár sem er eftirminnilegt. Svo auðvitað óperan Ragnheiður, sem ég samdi með Friðriki Erlingssyni. Það var nú aldrei á stefnuskránni að gera óperu, ekki óraði mig fyrir því þegar ég var að byrja,“ segir hann.

Í lok mars verða haldnir afmælistónleikar í Hörpunni. Þar verða hans þekktustu lög flutt af landsliði tónlistarmanna ásamt því sem afmælisbarnið sjálft mun stíga á svið. „Þetta er allt í vinnslu. Dúettinn Þú og ég kemur fram, Björgvin Halldórsson og fleiri góðir. Svo verður tekið eitthvað úr óperunni Ragnheiði,“ segir Gunnar.

Hann segist alls ekki vera hættur að semja og er að vinna í nýrri óperu ásamt Friðriki Erlingssyni. „Maður er ekki alveg búinn, ég held bara áfram eins lengi og ég get. Maður sem býr til tónlist þarf bara góðan stól og hugmyndaauðgi,“ bætir Gunnar við.

adda@frettabladid.is



**EKKI HÆTTUR** Gunnar vinnur nú að því að semja nýja óperu eftir velgengni Ragnheiðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Nokkur þekktustu laga Gunnars

- Bláu augun þín
- Er hann birtist
- Gaggó Vest
- Ég vil að þú komir
- Vetrarsól
- Starlight
- Krummi svaf í klettagjá



Elskulegur faðir okkar, sonur, bróðir og mágur,

**SIGURÐUR S. SIGURBJÖRNSSON**

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Þórarinn Viðar Sigurðsson**
**Guðrún Halldóra Sigurðardóttir**
**Sigurbjörn Tómasson**
**Þorvaldur Þ. Sigurbjörnsson** | **Halldóra Konráðsdóttir**
**Pálmar Breiðfjörð**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURBORG MARÍA JÓNSDÓTTIR**
**frá Ási, Stykkishólmi**

lést þann 19.12.2014 á A6 LSP, Fossvogi. Útför hennar fer fram frá kirkju Óháðar Safnarins, mánudaginn 5.janúar 2015 kl. 15:00.

**Stefán S. Kristinsson**
**Magðalena S. Kristinsdóttir**
**Ingigerður Rósa Kristinsdóttir**
**G. Sóley Ómarsdóttir-Hartmann** | **Mark Hartmann**
**Sigurður Jón Boersma**
**barnabörn og langömmubörn**



Við sendum innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**INGIBJARGAR PÉTURSDÓTTUR**
**hjúkrunarkonu, áður til heimilis að Einilundi 1, Garðabæ.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Landspítala sem annaðist hana.

**Ólafur Tryggvi Magnússon**
**Magnús Karl Magnússon** | **Ellý Katrín Guðmundsdóttir**
**Atli Freyr Magnússon** | **Steinunn Gestsdóttir**
**Ásdís Magnúsdóttir** | **Viðar Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN BRÍET TORFADÓTTIR**
**(DÚNNA)**
**Krókamýri 78, Garðabæ,**

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold 26. desember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 8. janúar kl. 13.00.

**Andrés Ingi Magnússon**
**Torfi Helgi Leifsson** | **Margrét Sigurðardóttir**
**Magnús Andrésson** | **Rósa Þórarinsdóttir**
**Andrés Andrésson** | **Elfa Sif Jónsdóttir**
**Margrét Sif Andrésdóttir** | **Einar Þór Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar,

**HELGI JASONARSON**

er látinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 5. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Hafsteinn Helgason** | **Arite Fricke**
**Kristín Helgadóttir** | **Magnús Torfason**
**og fjölskyldur þeirra.**



Elskuleg dóttir okkar, systir, barnabarn og barnabarnabarn,

**KOLBRÚN ÁSTA PÁLMADÓTTIR**

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 17. desember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 7. janúar kl. 13.00.

**Elísabet Rósa Leifsdóttir** | **Héðinn Hilmarsson**
**Pálmi Grímur Guðmundsson** | **Bjarney Katrín Gunnarsdóttir**
**Leifur Pálmason** | **Anton Máni Héðinsson**
**Birgitta Líf Pálmadóttir** | **Rakel Ýr Pálmadóttir**
**ömmur, afar, langömmur og langafar.**



**TÓNSKÁLDIÐ** „Ég held ég verði á ferðinni í hverjum mánuði fram á vor,“ segir Hugi sem býr í Kaupmannahöfn en kemur oft heim til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hlaut verðlaunagrip úr áli og eina milljón króna

Íslensku bjartsýnisverðlaunin voru afhent í gær. Þau eru hugsuð sem hvatning og viðurkenning til íslenskra listamanna og féllu nú Huga Guðmundssyni tónskáldi í skaut.

„Það er mikill heiður að tilheyra þeim hópi sem þessi verðlaun hefur hlotið,“ segir Hugi Guðmundsson tónskáld sem tók í gær við íslensku bjartsýnisverðlaununum úr hendi forseta Íslands.

Rio Tinto Alcan hefur verið bakhjarl verðlaunanna frá árinu 2000 en þau voru fyrst veitt 1981 og þá kennd við upphafsmann sinn, danska athafnamanninn Peter Bröste. Verðlaunin nú eru sérsmíðaður gripur úr áli frá Straumsvík og ein milljón króna.

Hugi er sjálfstætt starfandi tónskáld og hefur búið í Kaupmannahöfn í 15 ár en á oft erindi heim til Íslands. „Tengingin við Ísland er mikil. Ég held ég verði á ferðinni í hverjum mánuði fram á vor,“ segir hann brosandi og kveðst til dæmis eiga konsert á lokatónleikum Myrkra músíkdaga um næstu mánaðamót. Hann vann tónsmíðakeppni Norrænna músíkdaga í Finnlandi 2013 með verki fyrir börn, byggðu á sögunni um Djáknann á Myrká, það verður flutt á sex skóla- og fjölskyldutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í febrúar.

Síðasta vor fékk Hugi þriggja ára starfslaun frá danska ríkinu, þar sem eitt tónskáld var valið úr hverjum tónlistargeira. Það segir hann hafa verið óvænta viðurkenningu. „Ég reiknaði aldrei með að vera inni í myndinni af því ég er útlendingur,“ segir hann. „Eftir að ég hlaut styrkinn fékk ég pöntun um stærðarinnar óperu fyrir sjálfstætt starfandi kompaní sem heitir Öresundsóperan. Hún verður flutt í samstarfi við Hamletsenuna á leikhúshátíð í Hamletkastala í Helsingör í tilefni af 400 ára ártíð Shakespeare árið 2016. Ég hef alltaf nóg fyrir stafni.“

gun@frettabladid.is

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVEINBJÖRN INGIMUNDARSON**
**Álfaskeiði 43, Hafnarfirði, áður bóndi á Yzta-Bæli, Austur-Eyjafjöllum,**

lést þriðjudaginn 30. desember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 9. janúar kl. 13.00.

**Örn Sveinbjarnarson – Guðrún Ólöf Guðmundsdóttir**
**Sigurður Ingi Sveinbjarnarson**
**Markús G. Sveinbjarnarson – Selma Filippusdóttir**
**Ingimundur Sveinbjarnarson**
**Hrafn Sveinbjarnarson – Anna Dóra Pálsdóttir**
**Ester Sveinbjarnardóttir – Magnús Sigurðsson**
**Helga Sif Sveinbjarnardóttir – Haukur Örn Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,

**SIGURÐUR GRÉTAR JÓNSSON**
**Stekkjarbergi 4, Hafnarfirði,**

lést laugardaginn 20. desember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Díana Sjöfn Garðarsdóttir**
**Sigríður J. Sigurðardóttir – Gunnhildur Birna Hauksdóttir**
**Jón Garðar Sigurðsson**
**Guðmundur Hjalti Sigurðsson – Kristín Guðný Sigurðardóttir**
**Margrét Jónsdóttir – Friðjón Alfreðsson**
**barnabörn.**

---



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**LEA KRISTÍN ÞÓRHALLSDÓTTIR**
**Laugalandi í Borgarfirði, síðast til heimilis að Sóltúni 2 í Reykjavík,**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 31. desember. Jarðsungið verður frá Borgarneskirkju laugardaginn 10. janúar.

**Helgi Bjarnason – Ingibjörg Friðriksdóttir**
**Steinunn Bjarnadóttir – Jón G. Kristjánsson**
**Þórhallur Bjarnason – Erla Gunnlaugsdóttir**
**Sigrún Bjarnadóttir – Hilmar R. Konráðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**ÞORBERGUR ÞORBERGSSON**
**verkfræðingur,**

lést 30. desember. Minningarathöfn fer fram í Árbæjarkirkju mánudaginn 5. janúar kl. 17.

**Hildur Bjarnadóttir**
**Bjarni Þorbergsson – Tinna Gunnarðóttir**
**Olga Lilja, Hildur og Gunnar Páll**
**Gunnlaugur Brjánn Þorbergsson – Hrund Jónsdóttir**
**Jón Bergur, Dagur Brjánn og Freyja Sjöfn**

---



Bróðir okkar,

**BJARNI MAGNÚSSON**

varð bráðkvaddur á heimili sínu 29. desember síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni 7. janúar kl. 13.00.

**F.h. aðstandenda,**
**Guðlaug Magnúsdóttir og Björg Magnúsdóttir**

---



Innilegar þakkir til allra sem hafa sýnt okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, dóttur og systur,

**BERGLINDAR EIÐSDÓTTUR**
**Foldahrauni 42, Vestmannaeyjum.**

Sérstakar þakkir til árgangs ’74.
Guð blessi ykkur öll.

**Alexander Freyr Brynjarsson**
**Engilbert Egill Stefánsson**
**Sigurborg Engilbertsdóttir**
**Marín Eiðsdóttir**

---



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**SAMÚELS ANDRÉSAR ANDRÉSSONAR**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjarta- og lungnadeildar Landspítalans og deildar 1 á Landakotsspítala.

**Bergþóra Ásgeirsdóttir**
**Sigurður Ásgeir Samúelsson – Rósa Hansen**
**Davíð Samúelsson – Kristján Andri Stefánsson**
**Ragnheiður Samúelsdóttir**
**Anna Berg Samúelsdóttir – Stefán Hrafnkelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ANNA CHR. HANSEN**

lést á Droplaugarstöðum 29. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 6. janúar kl. 13.00.

**Guðrún Birna Ólafsdóttir – Kristinn Hörður Grétarsson**
**Ólafur M. Ólafsson – Chona H. Ólafsson**
**og ömmubörn.**

---



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**GUNNHILDAR MAGNÚSDÓTTUR**
**Gullsmára 9, Kópavogi.**

Með ósk um gleðilegt nýtt ár.

**Júlíus Gunnar Geirmundsson**
**Ingunn J. Gunnarsdóttir – Hreinn Jónasson**
**Geir G. Gunnarsson – Sigrún M. Arnardóttir**
**Auður I. Gunnarsdóttir**
**Magnús Gunnarsson – Solveig Kristjánsdóttir**
**Jónas Gunnarsson – Alma Hlíðberg**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**STEFÁN KARL STEFÁNSSON**
**Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir, þann 23. desember. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju mánudaginn 5. janúar, klukkan 15.00.

**Ragnhildur Þórarinsdóttir og systkini hins látna.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**EINAR ÁSGEIR PÉTURSSON**
**heildsali,**
**Hvannhólma 20 / Lækjarbrún 16,**

lést þriðjudaginn 23. desember sl. Útför fer fram frá Fossvogskirkju 8. janúar kl. 15.00.

**Stefán Örn Einarsson – Hafdís Huld Reinaldsdóttir**
**Steindór Einarsson – Dóra Magda Gylfadóttir**
**Jón Þór Einarsson – Fjóla Þórdís Friðriksdóttir**
**Einar Gunnar Einarsson**
**Steindór Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Systir okkar, mágkona og frænka,

**KOLFINNA HJÁLMARSDÓTTIR**
**fótaaðgerðafræðingur,**
**Lönguhlíð 21, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum 19. desember. Útförin fer fram frá Háteigskirkju, mánudaginn 5. janúar kl. 15.00.

**Pétur Tryggvi, Hjálmar og Torfi Rafn Hjálmarssynir og fjölskyldur.**

---



Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**TÓMAS ÁRNASON**
**fyrrverandi ráðherra og seðlabankastjóri,**

sem lést 24. desember verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 6. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Gigtarfélag Íslands.

**Eiríkur Tómasson – Þórhildur Líndal**
**Árni Tómasson – Margrét Birna Skúladóttir**
**Tómas Þór Tómasson – Helga Jónasdóttir**
**Gunnar Guðni Tómasson – Sigríður Hulda Njálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



| KL. 20:25

**Hreinn Skjöldur**

Íslensk gamanþáttaröð eins og þær gerast bestar. Hér er fjallað um einfaldan og áhrifagjarnan náunga sem heitir Hreinn Skjöldur og er leikinn af Steinda Jr. Með önnur hlutverk fara Pétur Jóhann Sigfússon og Saga Garðarsdóttir.

# Meiriháttar sunnudagur

| KL. 19:40

**Rizzoli & Isles**

Jane Rizzoli og réttarlæknirinn Maura Isles eru afar ólíkar en góðar vinkonur sem leysa glæpi Boston-mafíunnar í sameiningu.



| KL. 20:50

**Shetland – fyrri og seinni hluti**

Sakamálaþættir um lögreglumanninn Jimmy Perez sem starfar í afskekktum bæ á Hjaltlandseyjum.



| KL. 23:40

**60 Minutes**

Vandaður fréttaskýringaþáttur þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar.




| KL. 20:10

**Trouble With The Curve**

Gæðamynd frá 2012 með Clint Eastwood, Amy Adams og Justin Timberlake í aðalhlutverkum.



3 | KL. 22:05

**The Goodwin Games**

Gamanþættir um þrjú systkini sem talast ekki við en við jarðaför föður þeirra komast þau að því að þau neyðast til að sættast.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | | | | | 5 |
| | 3 | 1 | 7 | | | | 8 | 4 |
| | 4 | | | 9 | 2 | | 3 | |
| | 5 | | | | 8 | 7 | 2 | 9 |
| | | | 3 | 4 | | 8 | 6 | |
| | 1 | | | | | | 5 | |
| | | | 2 | 7 | | | | |
| | 9 | 8 | | 6 | | | | |
| 5 | | | 4 | | 3 | 9 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | | | |
| 4 | 9 | 6 | | | | | | 8 |
| 1 | 7 | | | 8 | 4 | | 6 | |
| 3 | | 4 | | | | | | |
| | 2 | | | 1 | 5 | 7 | | |
| | 8 | | 9 | 3 | 6 | 2 | | 1 |
| 7 | | | 1 | | | | | 6 |
| | 4 | 1 | | | 7 | 3 | 5 | 9 |
| | | | | 4 | | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | | | |
| | | 7 | 5 | | 3 | | 4 | 9 |
| | | | 4 | | | 6 | | |
| | 8 | 5 | | | 9 | 1 | 2 | 4 |
| | | | | | 4 | | | 5 |
| 7 | | | | | 2 | | | |
| | 3 | 2 | | 8 | 1 | 5 | | 6 |
| 5 | | | | | | | | |
| | | | 6 | | | 3 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 5 | 1 | 8 | 9 | 7 | 4 | 2 |
| 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 9 | 2 | 8 | 3 | 7 | 4 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 4 | 6 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 1 |
| 5 | 8 | 9 | 2 | 3 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 1 | 3 | 4 | 5 | 6 | 8 | 2 | 9 |
| 3 | 9 | 2 | 8 | 1 | 5 | 6 | 7 | 4 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 7 | 6 | 4 | 3 | 2 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 |
| 5 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 1 | 8 | 4 |
| 9 | 8 | 3 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 |
| 7 | 9 | 6 | 2 | 8 | 4 | 3 | 1 | 5 |
| 4 | 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 7 | 9 | 2 |
| 2 | 3 | 1 | 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 |
| 1 | 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 4 | 9 |
| 8 | 6 | 9 | 4 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 7 | 9 | 6 | 8 | 2 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 3 | 8 | 5 | 1 | 4 | 9 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 6 | 7 | 4 | 5 | 1 | 3 |
| 5 | 4 | 1 | 2 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 | 7 | 3 | 9 |
| 9 | 5 | 8 | 7 | 2 | 3 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 3 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 | 5 |
| 2 | 7 | 6 | 3 | 1 | 8 | 9 | 5 | 4 |
| 3 | 8 | 5 | 4 | 9 | 7 | 2 | 6 | 1 |
| 4 | 1 | 9 | 5 | 6 | 2 | 3 | 8 | 7 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Djúpur andardráttur kemur sér vel í yfirborðslegum veislum.“**

*Barbara Walters.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** málhelti, **6.** utan, **8.** árkvíslir, **9.** meðal, **11.** grískur bókstafur, **12.** vaxa, **14.** brestir, **16.** drykkur, **17.** hélt á brott, **18.** tunna, **20.** ætíð, **21.** mála.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, **3.** á fæti, **4.** plöntutegund, **5.** mánuður, **7.** gagn, **10.** ágæt, **13.** gifti, **15.** fugl, **16.** blekking, **19.** ólæti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** stam, **6.** án, **8.** ála, **9.** lyf, **11.** pí, **12.** stíga, **14.** snark, **16.** te, **17.** fór, **18.** áma, **20.** sí, **21.** líta. **LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** tá, **4.** alparós, **5.** maí, **7.** nytsemi, **10.** fín, **13.** gaf, **15.** kría, **16.** tál, **19.** at.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Jóhann Hjartarson (2.576), Taflfélagi Bolungarvíkur, hafði hvítt gegn Luis Galego (2.461), Víkingaklúbbnum, á Íslandsmóti skákfélaga.**

**Hvítur á leik**



**16. Bg5!** (nettur millileikur)
**16. ... Dxd5 17. Bxd8 Df5 18. Db3** og hvítur fékk miklu betri stöðu þrátt fyrir að sá portúgalski hafi náð að hanga á jafntefli.
**www.skak.is:** Skákþing Reykjavíkur hefst á morgun.




Fáðu þér áskrift! 365.IS

# Á MÖRKUM HINS ÓBÆRILEGA

**Jón Páll Eyjólfsson** tók við starfi leikhússtjóra hjá Leikfélagi Akureyrar um áramótin. Hann hefur haft orð á sér fyrir að vera róttækur leikhúsmaður með sterkar skoðanir á hlutverki leikhússins. Ætlar hann að bylta akureyrsku listalífi?



Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



„Ef ég fengi einhverja greiningu yrði það líklega að ég væri á einhverfurófi með athyglisbrest, en ég hef lært að sýna þolinmæði og að það eru ekki allar hugmyndir sem ég fæ góðar.

**RÓTTÆKUR LEIKHÚSSTJÓRI** Jón Páll hefur alltaf haft róttækar pólitískar skoðanir. Hann segir listamenn vera hluta af fjórða valdinu með fjölmiðlum og segir leikhúsið alltaf eiga að vera í stjórnarandstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Jón Páll Eyjólfsson er önnum kafinn dagana milli jóla og nýárs, enda að flytja til Akureyrar í byrjun janúar, en gefur sér þó tíma til að hitta mig á Gráa kettinum í morgunsárið og spjalla um framtíðina. Mætir reyndar sjö mínútum of seint og biðst afsökunar í bak og fyrir eins og slíkt sé ófyrirgefanleg synd. Eftir að hann hefur orðið sér úti um kaffibolla og vatnsglas spyr ég hann hvað hafi komið til að hann ákvað að sækja um stöðu leikhússtjóra fyrir norðan.

„Það var bara kominn tími á breytingar. Það var orðið ljóst að ég var ekki innanborðs í Borgarleikhúsinu lengur og ég var búinn að vera í limbói töluvert lengi í fyrsta sinn síðan ég kom heim frá námi fyrir fjórtán árum. Ég veit hvernig Leikfélagið virkar á Akureyri og ég veit að sú eining er öðruvísi í laginu en Borgar- og Þjóðleikhúsið. Þau eru dálítil olíuskip meðan L.A. gefur meiri möguleika, til dæmis á því að vera dramatúrg sem leikhússtjóri sem er eitt af því sem ég geri mjög vel. Það höfðar til mín að vera innviklaður í listræna stjórnun hússins, ekki bara marka stefnuna og sitja síðan og horfa á mælana. Þarna get ég farið niður í vélarrúm og aðstoðað við að laga kúrsinn ef áttavitinn fer að sýna vitlausa stefnu. Það er allavega mín reynsla eftir að hafa leikstýrt tveimur sýningum fyrir norðan og leikið þar líka og það var ástæðan fyrir því að ég sótti um leikhússtjórastöðu þar en hvorki í Borgarleikhúsinu né Þjóðleikhúsinu, þau störf höfðuðu ekki til mín, allavega ekki núna. Fyrir norðan býður líka ærið verkefni þar sem verið er að setja undir einn hatt leikfélagið, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og menningarhúsið Hof. Mér finnst sú tilraun merkileg því það er ekki bara verið að einblína á rekstrarlegu kostina, þótt þeir séu augljósir, heldur opnast þarna möguleiki á samstarfi og samtali sem ekki hefur átt sér stað áður. Það þýðir að það ætti að vera hægt að prógrammera mjög þétta og flotta dagskrá, engin samkeppni um tíma eða áhorfendur og samnýting á mannskap og reynslu. Sá andi hefur alltaf verið ríkjandi hjá Leikfélagi Akureyrar að gera alþýðlegt og aðgengilegt leikhús og þá leið höldum við áfram að fara.“

### Pólitík í öllu verkefnavali

*Hvað áttu við með því?* „Það eru ýmsar leiðir til þess. Þú getur gert það með því að verkefnið eða frásögnin á sviðinu sé það tengd svæðinu eða það mikilvæg spurning að fólk finni sig knúið til að koma og verða vitni að því. Það er nefnilega stór munur á vitni og áhorfanda. Þegar þú verður vitni að einhverju situr eftir vitneskja og hugsanlega líka löngun til að endurtaka frásögnina eða reyna að svara spurningunum sem varpað er fram. Svo hef ég rætt möguleika á svokallaðri borgarasenu þannig að skalinn gæti verið allt frá stórri sýningu í Hamraborginni í Hofi með sinfóníunni yfir í smærri sýningar með styttri aðdraganda og öðruvísi vinnuaðferð, aðferð borgarsenunnar, þar sem raunverulegt fólk stígur á svið og segir sögu einhvers afmarkaðs efnis; upplifun innflytjenda af Akureyri, veðurfar í Eyjafirði og áhrif þess, leigubílaakstur í bænum og tengsl hans við næturlífið, til dæmis, í stað þess að leikarar þykist vera innflytjendur, veðurfræðingar eða leigubílstjórar á sviðinu. Þetta er ekki spurning um að fá lánaða sögu og laga hana að þörfum leikhússins heldur að leikhúsið komi á móti fólkinu og komi þessum frásögnum í þann búning að þær hafi sem sterkust áhrif. Þannig verður leikhúsið í miklu samtali við samfélagið sjálft.“

*Þú hefur mjög ákveðnar skoðanir á því hvað leikhús á að segja og hvaða erindi það á að eiga, ekki satt?* „Það er stundum talað um að það vanti pólitískt leikhús en svo sest maður niður og uppgötvar að pólitíkin er alls staðar. Það er pólitík í öllu verkefnavali leikhúsanna, það þarf að skoða allar frásagnir sem valdar eru út frá því hvaða hugmyndafræði þær boða og síðan er pólitík í því hvernig þú kýst að koma þeirri hugmyndafræði til skila. Ég hef þá einföldu skoðun að ef þú ert að gera leikhús fyrir opinbert fjármagn þá hefurðu þá skyldu að þær frásagnir sem veljast á svið, sú starfsemi sem er í húsinu og dramatúrgían séu þannig að þær séu í samtali við samfélagið.“

*Leikhúsfólki verður mjög tíðrætt um þetta samtal við áhorfendur en er það ekki alltaf frekar eintal? Áhorfandinn hefur enga rödd.* „Það er spurning sem alltaf þarf að spyrja: hvaða hlutverk ætlarðu áhorfandanum? Á hann að koma bara til að klappa, eða hlæja, eða finna til, eða jafnvel að ganga út með verkefni eða spurningu? Það er þessi munur sem ég var að tala um áðan á því að vera áhorfandi eða vitni með ábyrgð. Borgarasenan er ein leið til að virkja áhorfandann og útbúa rými þar sem hægt er að setja sig í spor þeirra sem segja söguna á sviðinu. Það er ekki hlutverk listamanna að skenkja áhorfendum „réttu svörin“, heldur vekja spurningar og leyfa ágreiningi að koma upp á yfirborðið. Stundum er það það eina sem við getum gert.“

### Ætlaði að hætta í leiklist

*Þú hefur samt það orð á þér að hafa komið inn í íslenskt leikhús sem einhvers konar róttæklingur.* „Ég hef alltaf haft róttækar pólitískar skoðanir, hef alltaf trúað á grundvallargildi og trúi því að listamenn séu hluti af fjórða valdinu með fjölmiðlum. Er sammála því að leikhúsið eigi alltaf að vera í stjórnarandstöðu, vera vígvöllur hugmynda en samt þannig að menn geti gengið heilir til Valhallar. Ég kom hins vegar bara sem leikari inn í íslenskt leikhús, engin læti sem fylgdu því, eftir að hafa verið í þrjú ár í Bretlandi í námi og stíga mín fyrstu spor í atvinnuleikhúsi í Young Vic í London. Þetta var árið 2001 og 2004 verður eiginlega ófært fyrir mig að starfa í leikhúsi. Þá var verið að gera svo miklar breytingar hér á öllu samfélaginu, Eimreiðarhópurinn nærri búinn að klára sitt verkefni, og leikhúsið hafði ekkert að segja um málið, ekki púst. Þannig að ég ákvað að ég myndi líklega bara ekki tóra í þessu starfi og ætlaði að hætta. Þá hitti ég tvo fulltrúa úr Stúdentaleikhúsinu og það varð úr að við myndum setjast niður og gera leiksýningu þar sem sagt væri upphátt það sem okkur fannst þurfa að segja og úr verður sýningin Þú veist hvernig þetta er, sem var samyrkjusýning. Fólk varð fyrir sterkum áhrifum af þeirri sýningu og þá hugsaði maður: já, kannski getur leikhúsið verið eitthvert hreyfiafl og birt aðra hlið á raunveruleikanum. Það varð síðan til þess að ég fór að taka að mér verkefni sem leikstjóri. Síðan hef ég alltaf haft grundvallarlínu í því sem ég geri, það er að svara þeirri spurningu af hverju eigi að sýna þetta verk núna. Ef maður getur ekki svarað þeirri spurningu þá verður maður bara að rétta einhverjum öðrum boltann. Ég hef verið mjög hreinskilinn með það ef verk henta mér ekki, en það hefur auðvitað kostað það að oft hefur verið hrísgrjónagrautur í matinn dálítið lengi.“

*Áður en þú fórst í leiklistina reyndirðu að hafa áhrif í gegnum pólitískt starf, ekki satt?* „Jú, ég var í Fylkingunni í gamla daga, Alþýðubandalaginu, þar sem ég var í framboði til bæjarstjórnar í Keflavík og komst svo langt að verða varabæjarfulltrúi, og loks Samfylkingunni. Það er auðvitað löng saga og hefð fyrir pólitískri þátttöku í minni ætt, afi var Eysteinn Jónsson ráðherra og pabbi, Eyjólfur Eysteinsson, var einn af Möðruvellingunum, þannig að það hefur alltaf verið mjög rík orðræða um pólitík og þjóðmál í fjölskyldunni.“

*Talandi um fjölskyldu, þú átt konu og tvær dætur, flytja þær með þér norður?* „Já, við förum öll fjölskyldan, auk tveggja katta og eins hunds. Ég hlakka mikið til að flytja norður og hef sterka tilfinningu fyrir því að þetta sé samfélag sem á ríka sögu sem það leggur rækt við og er stolt af. Ég þekki það auðvitað ekki til hlítar enn þá en ég er að banka á dyrnar og segja; „Halló, hvað eruð þið að elda? En skemmtileg lykt hérna hjá ykkur.“ Vonandi verður fólk tilbúið að deila því með mér.“

### Frelsi fylgir ábyrgð

*Það fer að líða að lokum þessa spjalls okkar en eina spurningu verð ég að fá að leggja fyrir þig: Hvaða maður er Jón Páll Eyjólfsson?* „Nú vefst mér tunga um tönn að tala um sjálfan mig. Ég veit bara að ég er breyskur eins og annað fólk, er blessunarlega samt orðinn betri í að horfast í augu við það. Ég er líka reiðubúnari að viðurkenna þegar ég geri mistök en ég var. Mér finnst það eitt af því sem er mest áríðandi í samskiptum að geta viðurkennt þegar þú gerir eitthvað rangt. Ég reyni að starfa í kærleika og heiðarleika og einlægni því ég hef einlæga trú á að við getum og það sé nauðsynlegt að við lifum hér í samfélagi þar sem fólk fær að blómstra og njóta sín og ekki er gengið á rétt fólks. Ég trúi því líka að frelsi fylgi ábyrgð, það bara verður að hanga saman. Ef ég fengi einhverja greiningu yrði það líklega að ég væri á einhverfurófi með athyglisbrest, en ég hef lært að sýna þolinmæði og að það eru ekki allar hugmyndir sem ég fæ góðar. Ég held ég hafi líka þann hæfileika að eiga auðvelt með að leiða saman mjög skapandi og flott fólk og ná, með ákveðnum vinnuaðferðum, því besta út úr því. Annars er mjög óþægilegt að tala svona um sjálfan sig, það er eins og verið sé að sjóða mann niður.“

*Ókei, skal losa þig úr þeirri prísund með annarri frasaspurningu: Er eitthvað sem þér liggur á hjarta að lokum?* „Eitt af því sem mér hefur tekist að kenna sjálfum mér er að það er aldrei hægt að segja aldrei, sumu getur maður bara ekki lofað. En ég reyni að gefa loforð sem ég get staðið við, þannig að maður gangi hreinskilnislega og einlægt til verks og starfi í kærleika. En í því felst að stundum þarf að segja hluti sem eru óþægilegir og ég er að vona að okkur takist í listalífinu á Akureyri að vera á mörkum hins óbærilega, því þar held ég að við finnum mest fyrir mennskunni, hvort sem það er óbærilegur hlátur, sorg eða óbærileg fegurð. Það er staðurinn sem ég vona að við komumst á. Ég get ekki lofað því að við komumst þangað en við munum reyna hvað við getum til að sú list sem við fremjum verði á þessum mörkum.“

útsala



HÚRRA REYKJAVÍK

HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS

# Kneyfar hvern dag í botn

Bjarni Frímann, Kristján og Jónas halda fría tónleika í Salnum í dag.

Lágfiðla, söngur og píanó koma við sögu á tónleikum í Salnum í dag klukkan 16 þar sem Bjarni Frímann Bjarnason, Kristján Jóhannesson og Jónas Ingimundarson flytja fjölbreytta efnisskrá. Ókeypis er inn.

Tilefni tónleikanna er að Bjarni Frímann mun fá afhenta viðurkenningu úr styrktarsjóði Önnu K. Nordal. Bjarni Frímann er nýkominn vestan úr Grundarfirði þar sem hann gegndi starfi organista um jól og áramót og segir það hafa gert jólin sérlega gleðileg hjá sér. „Mér finnst alltaf gaman að spila og keyra,“ segir hann og kveðst hafa tekið ástfóstri við orgelið undanfarið. „Grundarfjörður er líka dásamlegur staður, fólkið yndislegt, kórinn skemmtilegur og presturinn meiri háttar. En ég settist ekki að,“ tekur hann fram, enda í námi í hljómsveitarstjórn úti í Berlín. „Ég hef ekki verið alveg nógu kátur með námið úti og þegar ég byrja að tala um það dreg ég upp ranga mynd af mínum persónuleika því ég er annars glaðvær og nýt þess að kneyfa hvern dag í botn. Þetta er þó það sem mig langar mest að leggja fyrir mig, að stjórna hljómsveit.“ - gun



**TÓNLISTARMENN** Jónas, Kristján og Bjarni Frímann skemmta í Salnum síðdegis í dag.

## → Styrktarsjóður Önnu Nordal

Þetta er í fimmtánda sinn sem viðurkenning er veitt úr styrktarsjóði Önnu Nordal en honum ber að styrkja efnilega tónlistarnema í söng og fiðlínspili.

Anna fæddist í Vesturheimi árið 1902 og lést árið 1998. Hún bjó alla tíð í Kanada og kom aldrei til Íslands en bar sterkar taugar til landsins, eins og sjóðurinn er til vitnis um. Hún var alþýðukona, mikill unnandi tónlistar og vildi styrkja ungt tónlistarfólk í námi og hvetja til frekari árangurs.

# LAUGARDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**3. JANÚAR**

### Tónleikar

**16.00** Tónleikar með lágfiðlu- og píanóleikaranum Bjarna Frímanni Bjarnasyni og söngvaranum Kristjáni Jóhannessyni í Salnum í Kópavogi.
**17.00** Þrír vinsælustu tenórar landsins mynda Óperudraugana, þeir Kristján Jóhannsson, Garðar Thór Cortes og Gissur Páll Gissurarson. Þeir slá upp tónlistarveislu í Hofi á Akureyri í kvöld.
**17.00** Áramótatónleikarnir Perlur íslenskra sönglaga fara fram í Kaldalóni í Hörpu í dag og á morgun.
**21.00** TENGGER er rafrænt og sækadelik tvíeyki frá Japan og S-Kóreu sem treður upp í Mengi í kvöld.
**23.00** Ingvar Grétarsson og félagar leika og syngja á Ob-La-Dí-Ob-La-Da.

### Tónlist

**22.00** Reykjavíkurdætur standa fyrir Rappkonukvöldi á Húrra. Þær hvetja allar áhugasamar rímnadrottningar til þess að taka þátt og hægt er að hafa samband á reykjavikurdaetur@gmail.com.
**22.00** Reykjavík Goth Night á Brikk þar sem mælt er með dökkum klæðnaði. DJ Fluffy Cthulhu, DJ Vetrarsorg, Gbit og DJ Mole IX þeyta skífum.

### Leiðsögn

**14.00** Jón Proppé listheimspekingur ræðir við gesti um verk og feril Hólmfríðar Árnadóttur í tengslum við sýningu hennar Hughrif í Gerðarsafni í Listasafni Kópavogs.

### Myndlist

**12.00** Myndlistarsýningin og strandarpartíið Wish You Were Here á nemendagalleríinu Kaffistofunni á Hverfisgötu 44.

# SUNNUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**4. JANÚAR**

### Tónleikar

**16.00** Tónleikar í Safnahúsi í tilefni af 300 ára afmæli tónskáldsins Georgs Christophs Wagenseil.
**17.00** Stórsveit Reykjavíkur fagnar nýju ári með árlegum sveiflualdartónleikum sínum í Silfurbergi í Hörpu.
**20.00** Strengjakvartettinn Siggi kemur fram á tónleikum tónleikaraðarinnar Hljóðön í Hafnarborg.
**20.00** Stórtónleikar Tónlistarsjóðs Rótarý í Norðurljósasal Hörpunnar.

### Íþróttir

**16.00** Strákarnir okkar spila í vináttulandsleik í Laugardalshöll á móti Þýskalandi í Laugardalshöllinni.

### Tónlist

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da.

### Leiðsögn

**15.00** Á sunnudag ræðir myndlistarmaðurinn Ragnar Þórisson við gesti Hafnarborgar um verk sín á sýningunni Vara-litir en þetta er jafnframt síðasti dagur sýningarinnar.
**15.00** Listamaðurinn Jón B.K. Ransu ræðir við gesti um verk sín á sýningunni Óp / Op í Gerðarsafni í Listasafni Kópavogs. Þetta er jafnframt síðasti sýningardagurinn.



*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*


ÚTSALA 38 ÞREP

Laugavegi 49 / sími 561 5813




**ÚR SÝNINGUNNI** „Unnur Ösp ber sýninguna á herðum sér í hlutverki hinnar aðþrengdu Nóru,“ segir meðal annars í dómnum.

# Gyllt eyðsluklóin grafin í sandinn

LEIKLIST ★★★★☆

**Dúkkuheimili**
Borgarleikhúsið

**LEIKARAR:** UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR, HILMIR SNÆR GUÐNASON, ÞORSTEINN BACHMANN, VALUR FREYR EINARSSON, ARNDÍS HRÖNN EGILSDÓTTIR, O.FL.
**LEIKSTJÓRN:** HARPA ARNARDÓTTIR
**LEIKMYND:** ILMUR STEFÁNSDÓTTIR
**BÚNINGAR:** FILIPPÍA I. ELÍSDÓTTIR
**LÝSING:** BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON
**DRAMATÚRGÍA:** HRAFNHILDUR HAGALÍN
**TÓNLIST:** MARGRÉT KRISTÍN BLÖNDAL
**HLJÓÐ:** GARÐAR BORGÞÓRSSON

Eftirvæntingin var áþreifanleg í anddyri Borgarleikhússins við frumsýningu á Dúkkuheimili eftir Henrik Ibsen í nýrri þýðingu Hrafnhildar Hagalín. Ný sviðsetning á þessu verki telst ávallt til mikilla tíðinda og urðu leikhúsgestir svo sannarlega ekki fyrir vonbrigðum í gær.

Áður en lengra er haldið verður fyrst að nefna leikmyndina en hún er ekkert annað en stórvirki, bæði í hönnun og smíði. Ilmur Stefánsdóttir á mikið hrós skilið fyrir stílhreina og spennandi fagurfræði sem þjónar verkinu á nýstárlegan hátt og styður um leið við framvinduna. Búið er að tæma stóra svið Borgarleikhússins, galopna rýmið á öllum hliðum og þannig skapa svarthol sem myndar heim Nóru. Fyrir miðju, alveg frá fremstu brún sviðsins til dýpsta enda þess, er heimili Nóru og Þorvaldar afmarkað með rauðum sandi og ógnarmikil hurð gnæfir yfir minimalísku heimili þar sem hönnun og verðlag er mikilvægara en þægindi.

Unnur Ösp Stefánsdóttir ber sýninguna á herðum sér í hlutverki hinnar aðþrengdu Nóru sem skakklappast í gylltum fötum og á háum hælum í sandinum sem ætlar hana að gleypa. Hún hreinlega ræður sér ekki fyrir gleði yfir nýju starfi Þorvaldar, sem leikinn er af Hilmi Snæ, og öllum þeim peningum sem eiga eftir að hrynja inn á bankareikning hans. Hún virðist vera alsæl yfir örlögum sínum sem stofustáss eiginmanns síns og leikstjóri barnanna sinna en hægt og bítandi byrjar sjálfsmyndin að brotna. Unnur Ösp tekur áhættu með Nóru og hikar ekki við að draga upp ýkta mynd af ástandi hennar og tilfinningalífi, allt frá barnslegri kæti til yfirþyrmandi örvæntingar.

Samspil Unnar Aspar og Hilmis Snæs er á köflum nær óbærilegt á að horfa þar sem hann yfirgnæfir hana bæði líkamlega og tilfinningalega í þeirri vissu að hún sé hans eign á meðan hún reynir að bægja óhamingjunni frá. Hann spígsporar um kastalann sinn og dáist að sínu eigin lífi á meðan hún þegir. Stærsta synd Þorvaldar er ekki endilega grimmd heldur sjálfselska og skilningsleysi gagnvart lífi annarra. Það er sérstaklega undir lok verksins, þegar valdataflið snýst Nóru í vil, sem við sjáum þetta samspil blómstra.

Þorsteinn Bachmann er virkilega góður í hlutverki hins niðurlægða og örvæntingarfulla Níels Krogstad sem sér þann kost vænstan að beita Nóru fjárkúgun til að endurheimta mannorð sitt. Hann nær góðu jafnvægi á milli hörkunnar sem hann sýnir Nóru og sorgarinnar sem hann felur.

Arndís Hrönn er að sama skapi afgerandi í hlutverki Kristínar Linde, konunnar sem getur ekki hugsað sér að lifa fyrir sjálfa sig eina. Hún er jarðtengingin sem Nóru skortir og vinnur á eftir því sem líða tekur á sýninguna. Það eru einmitt þessi tvö sem eiga eitt skemmtilegasta og ljúfasta atriði kvöldsins þar sem gleðin og hláturinn nær loksins að brjótast í gegnum harðneskjulega tilvist þeirra.

Einnig er Valur Freyr góður í hlutverki hins dauðvona Jens Rank og þá sérstaklega í senunum sem hann deilir með Unni Ösp.

Öll umgjörð sýningarinnar er til fyrirmyndar, hvort sem það er tónlist Margrétar Kristínar, hljóðmynd Garðars eða búningar Filippíu sem á skilið sérstakt hrós fyrir magnaðan búning Nóru í seinni hluta sýningarinnar. En lýsing Björns Bergsteins stendur upp úr með yfirvofandi áherslum og einmanalegum eltiljósum þar sem hver tilfinning er undirstrikuð, þar sem hvergi er hægt að felast. Eini gallinn felst þó kannski í þýðingu Hrafnhildar sem er að mestu einstaklega góð en á köflum örlítið gamaldags og óþjál.

